

Aðgerðaáætlun og lausnamót


Fyrsta áætlun stjórnvalda í málefnum fjölmiðla er mikilvæg viðurkenning á hlutverki fjölmiðla í lýðræðissamfélagi. Tillögurnar eru í takt við niðurstöðu lausnamóts BÍ. **Bls. 4-8**

Notaleg og glæsileg orlofshús

Allsherjarendurbótum á orlofshúsum BÍ í Brekkuskógi er nú lokið. Byggt var við Litlu-Brekku svo þar eru nú þrjú svefnherbergi. Nýir heitir pottar, innréttingar, gólfefni, raflagnir og baðherbergi endurnýjað. **Bls. 37-39**

Gard Steiro

Ritstjóri VG segir að blaðamennska og fjölmiðlar standi frammi fyrir grundvallarkerfisbreytingu með tilkomu gervigreindar. Hún sé mikil ógn en einnig felist í henni tækifæri. **Bls. 28-30**



SÉRSTÖK UMFJÖLLUN UM BLAÐAMENNSKU OG UPPLÝSINGAHEILINDI:

Stríðið um hugann

Kerfisbundin misbeiting hagsmunaafila á upplýsingum er ein stærsta ógnin við lýðræðið og þjóðaröryggi ríkja. Sérfræðingar segja að stríð ríki nú um hugsanir og skoðanir fólks og lýðræðisleg umræða byggji ekki lengur á sameiginlegum staðreyndum. Blaðamennska er mikilvægasta verkfærið gegn þessari þróun. **Bls. 9-25**

Gríðarmikið verkefni fram undan

Ein stærsta ógn við lýðræðið á okkar tímum er kerfisbundin misbeiting hagsmunaafla á upplýsingum. Lýðræðisríki hafa í auknum mæli þurft að glíma við tilraunir utanaðkomandi afla til að grafa undan lýðræðinu með dreifingu skoðanamótandi falsupplýsinga. Misbeiting upplýsinga er ein hinna svokölluðu fjölþáttaógna (*e. hybrid threats*) sem þjóðir leggja æ meiri áherslu á að verjast og eru orðin lykilþáttur í öryggis- og varnarstefnu ríkja.

Sérfræðingar eru sammála um að öflugasta og árangursríkasta leiðin til að verjast fjölþáttaógnum á borð við undirróðursherferðir utanaðkomandi afla, er að stuðla að því að almenningur hafi aðgang að réttum upplýsingum og þær séu settar í samhengi. Þar gegna blaðamenn lykilhlutverki.

Á sama tíma hefur starf okkar blaðamanna sennilega aldrei verið jafn krefjandi. Blaðamönnum fækkar stöðugt á ritstjórnnum en um leið er krafan um afköst meiri en nokkru sinni. Almennigur hefur líklega aldrei haft aðgengi að jafn miklum upplýsingum, en æ stærri hluti þeirra er óáreiðanlegur í besta falli, og hluti beinlínis settur fram til þess að villa um fyrir fólki. Í þessu samhengi má benda á að í skýrslu sem birt var í fyrri kemur fram að meirihluti allrar umferðar á internetinu sé frá gervimennum (*e. bots*). Gervimenni fylla internetið af upplýsingum sem til að mynda er ætlað að magna upp ákveðin sjónarmið og dreifa rangfærslum eða áróðri í þeim tilgangi að blekkja almenning.

Blaðamenn, eigendur og stjórnendur fjölmiðla og stjórnvöld standa frammi fyrir risastóru verkefni sem skiptir almenning og samfélagið gríðarmiklu máli. Við þurfum að efla blaðamennsku og fréttamiðla og auka vitund almennings á mikilvægi þeirra. Við þurfum að halda fast í siðareglur okkar og fagleg vinnubrögð - því aðeins þannig getum við lofað því að þær upplýsingar sem blaðamenn miðla séu sannar og réttar.

Eitt af því sem brýnt er að bregðast við af öllum krafti er að stuðla að því að almenningur fái betri skilning á því hvernig blaðamenn vinna, hvers vegna treysta megi blaðamönnum og hver munurinn sé á upplýsingum sem unnar eru samkvæmt vinnubrögðum blaðamennskunnar og upplýsingum sem settar eru fram á samfélagsmiðlum eða öðrum miðlum, jafnvel í þeim tilgangi að afvegaleiða umræðuna eða sá fræjum ótta eða tortryggni.

NATO skilgreinir ógnir gegn upplýsingaöryggi sem vísitandi misnotkun upplýsingaumhverfis með það að markmiði að hafa áhrif á skoðanir og hegðun fólks og veikja samfélög. Í þeirri mynd eru blaðamenn ekki áhorfendur, heldur virkir þátttakendur í vörnum lýðræðisins.

Það leggur aukna ábyrgð á okkur blaðamenn: að halda fast í fagleg viðmið, verja siðareglur, standa saman sem stétt og láta ekki þrýsting, hraða eða ómálefnalega gagnrýni valdhafa grafa undan vinnubrögðum okkar.

Í þessu tölublaði Blaðamannsins er þessu umfjöllunarefni gerð sérstök skil í ljósi mikilvægi þess. Við fjöllum um hlutverk blaðamennsku og blaðamanna í upplýsingasamfélagi nútímans, og þá ógn sem steðjar að lýðræðislegum samfélögum, þar á meðal okkar, vegna þess veruleika sem blasir við okkur: að upplýsingar séu nú orðin ógn við lýðræðið og að helsta vörnin gegn þeim sé fagleg blaðamennska og öflugir, sjálfstæðir fréttamiðlar.

Sigríður Dögg Auðunsdóttir formaður



Blaðamönnum fækkar stöðugt á ritstjórnnum en um leið er krafan um afköst meiri en nokkru sinni. Almennigur hefur líklega aldrei haft aðgengi að jafn miklum upplýsingum, en æ stærri hluti þeirra er óáreiðanlegur í besta falli, og hluti beinlínis settur fram til þess að villa um fyrir fólki ... Gervimenni fylla internetið af upplýsingum sem til að mynda er ætlað að magna upp ákveðin sjónarmið og dreifa rangfærslum eða áróðri í þeim tilgangi að blekkja almenning.

Efnisyfirlit

4 Aðgerðaáætlun stjórnvalda

Löngu tímabærar aðgerðir í þágu blaðamennsku.

7 Lausnamót Bí

Fjöldi tillagna rataði í aðgerðaáætlun stjórnvalda.

15 Upplýsingaóreiða orðin hluti af öryggisógn

Sérfræðingur hjá Ríkislögreglustjóra, segir íslenskt samfélag standa frammi fyrir ógn sem sé sífellt erfiðari viðfangs.

18 Stríðið um hugann

Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri Fjölmíðlanefndar, segir að fjölmíðlar hafi sjaldan verið mikilvægari.

20 ESB bregst við upplýsingaógnum

Blaðamenn og fjölmíðlar í lykilhlutverki.

22 Eftirsannleikur (e. post-truth)

Maximilian Conrad, prófessor við HÍ, segir að sameiginlegur skilningur á staðreyndum sé ekki lengur sjálfgefinn.

24 Kortlagning upplýsingaóreiðu

Hulda Þórisdóttir vinnur að Norrænu verkefni þar sem upplýsingaóreiða er kortlögð.

31 Alvarlegir sýknudómar

Lögmaður greinir sýknudóma Landsréttar í meiðyrðamálum blaðamanna gegn bloggara og þýðingu þeirra fyrir blaðamannastéttina.

34 Alþjóðlegar ráðstefnur

Umfjöllun um ráðstefnur um blaðamennsku í heiminum.

40 Blaðamannaverðlaunin 2024

Freyr Gígja Gunnarsson hlaut blaðamannaverðlaun ársins 2024.

54 Siðanefndarúrskurðir

Úrskurðir og frávísanir Siðanefndar á árinu 2025.

55 Blaðamennska og gögn

Aðalsteinn Kjartansson og Lovísa Arnardóttir um hlutverk og áskoranir blaðamanna í gagnavistkerfinu.

57 Gaza

NJF, undir forystu Íslands, hefur sent áskorun til allra utanríkisráðherra Norðurlandanna.

59 Vettvangur fólks í upplýsingamiðlun

Aðalbjörn Sigurðsson, formaður Tengslanetsins, nýrrar deildar miðlunar og samskipta innan Bí.

Aðgerðahópur Bí um upplýsingaheilindi

BÍ HEFUR STOFNAÐ SÉRSTAKAN AÐGERÐAHÓP SEM HEFUR ÞAÐ M.A. AÐ VERKEFNI AÐ META GETU ÍSLENSKRA FRÉTTAMIÐLA TIL AÐ BERJAST GEGN UPPLÝSINGAÓGNUM OG MÓTA AÐGERÐIR TIL AÐ EFLA VIÐNÁMSÞOL GEGN MISBEITINGU UPPLÝSINGA.

9



28

Gard Steiro

FRAMKVÆMDASTJÓRI VG Í NOREGI
SEGIR GERVIGREIND BÆÐI ÓGNA
BLAÐAMENNSKU OG SKAPA NÝ TÆKIFÆRI. SÚ BLAÐAMENNSKA SEM LIFI AF
VERÐI SÚ SEM GERVIGREIND GETI EKKI
LEIKIÐ EFTIR OG BYGGIR Á DÓMGREIND
BLAÐAMANNSINS, SIÐFERÐILEGU MATI
OG PERSÓNULEGRI NÁLGUN.

Endurnýjuð sumarhús

LITLA- OG STÓRA-BREKKA, SUMARHÚS BÍ Í
BREKKUSKÓGI, HAFA VERIÐ ENDURNÝJUÐ
NÁNAST FRÁ GRUNNI OG ERU NÚ TILBÚIN
TIL ÚTLEIGU.

37



44

Myndir ársins

GOLLI HLAUT VIÐURKENNINGU FYRIR
MYND ÁRSINS 2024.



„Aðgerðir stjórnvalda duga ekki einar og sér heldur þurfum við hugarfarsbreytingu í íslensku samfélagi um mikilvægi fjölmiðla. Þeir gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki, ekki síst á þeim viðsjárverðu tímum sem við lifum á,“ sagði Logi Einarsson menningarmálaráðherra þegar hann kynnti aðgerðaáætlun stjórnvalda í málefnum fjölmiðla í desember sl.

Ljósmynd/Golli

Aðgerðaáætlun stjórnvalda í málefnum fjölmiðla

Löngu tímabærar aðgerðir í þágu blaðamennsku

Freyja Steingrímsdóttir skrifar

Öflug hagsmunagæsla í þágu fjölmiðla og blaðamennsku er einn af lykilþáttum í starfsemi Blaðamannafélags Íslands. Aukin áhersla hefur verið lögð á þennan þátt starfseminnar undanfarin ár þar sem fjölmiðlar og blaðamennska eiga undir högg að sækja hér á landi sem víða annars staðar. Rekstrarskilyrði fjölmiðla hafa versnað verulega á undanförunum árum, ekki síst vegna harðnandi samkeppni við alþjóðlega tækni-

risa og blaðamenn sæta sífellt óvægnara aðkasti bæði í opinberri umræðu og frá valdhöfum. Orðræðan einkennist í vaxandi mæli af vantrausti og fjandsamlegum viðhorfum gagnvart blaðamönnum og störfum þeirra. Þetta er þróun sem endurspeglar alþjóðlega tilhneigingu og er eitt af þeim viðfangsefnum sem félagið beinir kröftum sínum að því að vinna gegn.

Fyrsta aðgerðaáætlun stjórnvalda í mál-

efnum fjölmiðla, sem Logi Einarsson menningarmálaráðherra kynnti í lok desember, er mikilvæg viðurkenning á hlutverki fjölmiðla í lýðræðissamfélagi og er ætlað að skapa grundvöll fyrir viðspyrnu einkarekinna miðla í gjörbreyttu rekstrarumhverfi. Margar af aðgerðunum samræmast þeim kröfum og lausnum sem Blaðamannafélag Íslands hefur lagt til á reglulegum fundum sínum með stjórnvöldum.

” Sterkir og faglegir fréttamiðlar veita stjórnvöldum og atvinnulífi aðhald, greina flókin mál og setja þau í samhengi við sögu og samtíma. Þeir stuðla að varðveislu íslenskrar tungu og menningar og eru ein helsta forsenda þess að almenningur hafi aðgang að traustum og sannreyndum upplýsingum. Lýðræðið þrífst ekki án stöndugra, sjálfstæðra og gagnrýninnna fjölmiðla. Þess vegna er það skylda stjórnvalda að tryggja að þeir þrífist.

— Úr aðgerðaáætlun í málefnum fjölmiðla desember 2025.

Hluti af auglýsingatekjum RÚV til einkarekinna miðla

Sú aðgerð sem hefur hlotið mesta athygli er að 12% af auglýsingatekjum RÚV verði veitt beint inn í sjóð til styrktar einkareknum miðlum, sem gæti numið um 300 milljónum á ári. Þá verður ákveðið þak sett á auglýsingatekjur til að tempra auglýsingasölu og allar tekjur umfram það renna aukalega í sama sjóð. Lagafrumvarp þess efnis verður lagt fram á vorþingi 2026.

Blaðamannafélagið hefur lagt áherslu á nauðsyn þess að takmarka umsvif RÚV á auglýsingamarkaði í málflutningi sínum en jafnframt beint því að stjórnvöldum að komið sé til móts við tekjutapið sem af því hlýst. Það hyggjast stjórnvöld gera með því að aflétta láni vegna eldri lífeyris-skuldbindinga RÚV. Með þessari aðgerð er auglýsingastarfsemi RÚV takmörkuð þannig að auglýsingatekjur renna beint til einkarekinna miðla í stað þess að eiga á hættu að stór hluti þeirra renni til erlendra tæknirisa. Þó án þess að veikja ríkisfjölmiðilinn.

Þá verður RÚV gert að efla samstarf við einkarekna miðla, til að mynda með

greiðara aðgengi að efni úr safni RÚV, nýtingu tæknibúnaðar og auknu samstarfi við staðbundna fréttamiðla. Þetta á sér til að mynda fyrirmynd í Noregi og hefur reynst vel þar.

Stuðningur aukinn við einkarekna miðla

Beinn stuðningur við einkarekna fjölmiðla verður aukinn og fyrirkomulagið framlengt til fimm ára til að tryggja fyrirsjáanleika. Útgreiðsla stuðnings verður fyrir á árinu og skerpt verður á skilyrðum um að fjölmiðlar miðli fréttum og fréttatengdu efni úr íslensku samfélagi. Þá verður stuðningur aukinn enn frekar við þá fjölmiðla sem uppfylla sértæk skilyrði um almenna fréttabjónustu í þágu almennings um allt land.

Blaðamannafélagið hefur lagt áherslu á nauðsyn þess að auka það fé sem veitt er til einkarekinna fjölmiðla til samræmis við hlutfallið á Norðurlöndunum, skerpa á skilyrðum svo að stuðningurinn nýtist sem best og að fyrirsjáanleiki sé tryggður til lengri tíma. Það gefur því auga leið að félagið fagni auknum stuðningi, þótt hlutfallið verði áfram lægra á Íslandi en í sumum nágrannaríkjum okkar, og telur BÍ það mikilvægt skref að framlengja fyrirkomulagið til fimm ára. Auðvitað

væri það óskandi að ekki væri þörf á beinum stuðningi stjórnvalda til fjölmiðla, en efnahagslegar forsendur verða að vera fyrir hendi til að fjölmiðlar geti sinnt lýðræðishlutverki sínu. Hin Norður-löndin, sem skipa sér efst á lista yfir fjölmiðlafrelsi í heiminum, hafa lengi stutt við einkarekna fjölmiðla með beinum styrkjum sem þykja hafa reynst betur en annars konar ívilnanir. Þetta kemur meðal annars fram í nýútgefni skýrslu danska menningarmálaráðuneytisins um framtíð fjölmiðlastuðnings þar í landi.

Stjórnvöld boða einnig aukinn stuðning við það sem þau kalla „almannabjónustu fjölmiðla.“ Allir ritstýrðir fréttamiðlar landsins sinna mikilvægri almannabjónustu. En með þessari aðgerð virðist eiga að styðja sérstaklega við stærri miðla sem

” Fjölmiðill er ekki eins og hvert annað fyrirtæki. Frumskylda blaðamanns er ekki að tryggja hluthöfum arð, heldur er trúnaður hans við lesendur.

— Úr aðgerðaáætlun í málefnum fjölmiðla

Aðgerðir í áætlun stjórnvalda		Tillaga af Lausnamóti
1	Auglýsingafé RÚV veitt til annarra fjölmiðla	Já
2	Innleiðing á stafrænu auglýsingakerfi hjá RÚV	Já
3	Aflétting láns vegna eldri lífeyris-skuldbindinga RÚV	Nei
4	Felldar verði út kvaðir um fjölda rása	Nei
5	Þarfragreining á húsnaðismálum RÚV	Nei
6	Almennur stuðningur hækkar	Já
7	Aukinn stuðningur við almannabjónustu fjölmiðla	Nei
8	Nýsköpunar- og þróunarsjóður fjölmiðla	Já
9	Talsetningar- og textunarsjóður	Já
10	Skattlagning alþjóðlegra tækniyrirtækja	Já
11	Aðgerðir til að stöðva hugverkapjónað á fjölmiðlaefni í sjónvarpi	Nei
12	Endurgjald fyrir afnot á efni fjölmiðla	Já
13	Menningarframlag streymisveitna	Nei
14	Stjórnarráðið innleiði stefnu um áskrifta- og auglýsingakaup af innlendum fjölmiðlum	Já
15	Efning menntunar og fagþekkingar í blaðamennsku	Já
16	Átak í fræðslu um miðlalæsi	Já
17	Vitundarvakning um mikilvægi ritstýrðra fjölmiðla	Já
18	Umbætur í þágu fjölmiðlafrelsis í samræmi við niðurstöður Lausnamóts BÍ	Já
19	Einföldun stjórnsýslu og eftirlits á sviði fjölmiðlunar	Já

uppfylla sértæk skilyrði um viðbragðsgetu, það er fjöldi á ritstjórn, sólarhringsmönnum og landsdekkun svo eitthvað sé nefnt. Fyrir árið 2026 verða veittar 100 milljónir króna aukalega til miðla sem uppfylla þessar kröfur.

Ráðgert er að frumvörp tengd aðgerðaáætluninni verði lögð fram á vörpingi en mikilvægt er að vandað sé til verka og að skilyrðin verði með þeim hætti að þessi aukni stuðningur skili sér í að efla ritstjórnir og blaðamennsku í landinu.

Einnig verður komið á fót nýsköpunar- og þróunarsjóði fjölmiðla sem hefur það að markmiði að styðja við nýsköpun, tækniþróun og þróun nýrra viðskiptaaðgerða hjá fréttamiðlum. Rannís kemur til með að annast umsýslu og úthlutanir úr sjóðnum sem hefjast strax á þessu ári.

Alþjóðlegir tæknirisar skattlagðir

Um helmingur alls auglýsingafjár á Íslandi fer til stórra alþjóðlegra tæknifyrirtækja svo sem Meta og Google. Þí leggur þunga áherslu á að ráðist verði í skattlagningu þessara fyrirtækja sem fyrst. Fordæmin eru til staðar til að mynda í Austurríki þar sem yfirvöld settu 5% skatt á auglýsingatekjur tæknifyrirtækja í þágu blaðamennsku. Slík skattlagning dregur úr samkeppnisforskoti tæknirisanna á auglýsingamarkaði og býr til tekjur sem nýta má í frekari stuðning við fjölmiðla í landinu. Til að setja þetta í samhengi þá nam auglýsingasala til erlendra miðla árið 2023 um 13 milljörðum króna. 5% af því gera 650 milljónir, sem er hærri upphæð en greidd er í styrki til einkarekinna fjölmiðla árlega.

Vitundarvakning um mikilvægi ritstýrðra miðla

Blaðamannafélagið hefur lagt áherslu á vitundarvakningu meðal almennings og hagaðila um mikilvægi blaðamennsku á Íslandi. Félagið réðist í stóra auglýsingaherferð árið 2024 og hélt í kjölfarið Lausnamót um framtíð fjölmiðla og blaðamennsku á síðasta ári til að fjölga talsmönnum um mikilvægi blaðamennsku. Nú leggjast stjórnvöld á árar með okkur með því að ráðast í vitundarvakningu sem miðar að því að auka umræðu um og minna á mikilvægi blaða-



Sú aðgerð sem hefur hlotið mesta athygli í aðgerðaáætlun stjórnvalda í málefnum fjölmiðla er að 12% af auglýsingatekjum RÚV verði veitt beint inn í sjóð til styrktar einkareknum miðlum, sem gæti numið um 300 milljónum á ári. Tekjutap RÚV verður bætt upp með því að fella niður lífeyrisskuldbindingar stofnunarinnar sem stofnað var til áður en stofnunin var gerð að opinberu hlutafélagi árið 2008.

Ljósmynd/Anton Brink

„Innan menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins, með aðkomu annarra ráðuneyta, er áfram unnið að:

Umbótum sem geta styrkt fjölmiðlafrelsi á Íslandi, í samræmi við niðurstöður lausnamóts Blaðamannafélags Íslands.

— Úr aðgerðaáætlun í málefnum fjölmiðla

mennsku í íslensku samfélagi og hvetja til að almenningur, stofnanir og fyrirtæki styðji faglega, innlenda fjölmiðla í verki með kaupum á áskriftum og auglýsingum. Blaðamannafélagið mun koma að undirbúningi vitundarvakningarinnar.

Þá er einnig áætlað að ráðast í átak í fræðslu um miðlalæsi til að auka stafræna færni, samfélagsvitund og gagnrýna hugsun. Blaðamannafélagið leggur áherslu á að slík fræðsla feli einnig í sér fræðslu um mikilvægi ritstýrðra fjölmiðla í lýðræðissamfélagi.

Loks má geta þess að í áætlun stjórnvalda er sérstök aðgerð sem miðar að því

að vinna að umbótum sem geta styrkt fjölmiðlafrelsi á Íslandi í samræmi við niðurstöður Lausnamóts ÞÍ.

Það sem er ekki í áætluninni

Aðgerðaáætlun stjórnvalda er metnaðarfull og verður vonandi mikilvægur hluti af viðspyrnu íslenskra fréttamiðla. Mikilvægt er að halda vel á spöðunum, veita stjórnvöldum aðhald og tryggja að loforð og tímasetningar standist. En þótt Blaðamannafélagið fagni langflestum aðgerðum og ekki síst því viðmóti sem aðgerðaáætlunin felur í sér, þá voru aðgerðir sem félagið lagði áherslu á sem komust ekki á blað og félagið mun leggja áherslu á að verði bætt við þegar áætlunin verður endurskoðuð að tveimur árum liðnum.

Sérstaklega söknum við aðgerðar sem felur í sér stuðning við sjálfstætt starfandi blaðamenn sem vinna að samfélagslega mikilvægri blaðamennsku. Félagið hefur þegar stofnað slíkan samfélags-sjóð, Glætuna, og hefur lagt áherslu á að stjórnvöld komi að fjármögnun hans. En þótt viðbrögð fyrrverandi og núverandi menningarmálaráðherra hafi verið jákvæð hefur fjármagn enn ekki skilað sér inn í sjóðinn. Þí mun halda áfram að berjast fyrir þessu mikilvæga umbótamáli fyrir blaðamennsku í landinu.

Framtíð blaðamennsku og fjölmiðla á allra ábyrgð

Freyja Steingrimsdóttir skrifar

Koma ætti á fót samkeppnissjóði fyrir samfélagslega mikilvæga blaðamennsku, skattleggja tæknirisa og skilgreina styrki til fjölmiðla sem varnarframlög Íslands til NATO. Þetta er á meðal þeirra lausna sem þátttakendur á Lausnamóti um framtíð fjölmiðla og blaðamennsku sem haldið var á vegum Blaðamannafélags Íslands 12. mars 2025 lögðu til.

Markmið Lausnamótsins var að stofna til breiðs samtals hagaðila og leita lausna við stærstu áskorunum sem blasa við íslensku fjölmiðlaumhverfi. Verkefnið hlaut tveggja milljón króna styrk úr Hvata - styrktarsjóð á málefnasviði menningar- og viðskiptaráðherra í desember 2024.

Öflug hugmyndavinna

Viðburðurinn var vettvangur öflugrar hugmyndavinnu blaðamanna, stjórnenda fjölmiðla, stjórnmalafólks, embættismanna, forsvarsfólks hagsmunasamtaka, ýmissa sérfræðinga til að mynda á sviði markaðsmála, fjölmiðla og nýsköpunar, fulltrúa atvinnulífsins og fræðasamfélagsins svo eitthvað sé nefnt. Unnið var í sjö hópum, þar sem hver hópur tók fyrir ákveðið viðfangsefni tengt sameiginlegum hagsmunum fjölmiðla, blaðamanna og almennings:

- ❖ Rekstrargrundvöllur íslenskra fjölmiðla
- ❖ Aðhalds- og lýðræðishlutverk fjölmiðla
- ❖ Aðgengi að upplýsingum og hlutverk fjölmiðla á áfallatímum
- ❖ Framþróun og nýsköpun á fjölmiðla-markaði
- ❖ Samfélagslega mikilvæg blaðamennska
- ❖ Aðgerðir hins opinbera í þágu fjölmiðla og blaðamennsku
- ❖ Staða og tækifæri fréttamiðla í heimi samfélagsmiðla, hlaðvarpa og áhrifa-valda

Á sjöunda tug einstaklinga tók þátt í vinnunni. Við val á þátttakendum var



Lausnamót Blaðamannafélags Íslands var vettvangur öflugrar hugmyndavinnu blaðamanna, stjórnenda fjölmiðla, stjórnmalafólks, embættismanna, forsvarsfólks hagsmunasamtaka, ýmissa sérfræðinga til að mynda á sviði markaðsmála, fjölmiðla og nýsköpunar, fulltrúa atvinnulífsins og fræðasamfélagsins svo eitthvað sé nefnt.

Ljósmynd/Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

horft til þess að blaðamenn og stjórnendur ólíkra fjölmiðla kæmu að vinnu hvers hóps en að öðru leyti var samsetningin misjöfn eftir úrlausnarefnum hópanna. Blaðamannafélagið auglýsti eftir áhugasömum félagsmönnum til þátttöku og gætti þess að blaðamenn og rekstraraðilar frá sem flestum fjölmiðlum af öllu landinu, sem og sjálfstætt starfandi blaðamenn, ættu aðkomu að vinnunni. Boðsbref var sent á aðra þá sem talið var að hefðu sérfræðipækkingu sem nýttist í umræðum hvers vinnuhóps. Sem dæmi má nefna að í hópnum sem hafði framþróun og nýsköpun á fjölmiðlamarkaði að úrlausnarefni tóku blaðamenn, stjórnendur fjölmiðla sem koma að stafrænni þróun, auk sér-

fræðinga í málefnum fjölmiðla, rannsóknar og nýsköpunar þátt í vinnunni.

Sameiginlegir hagsmunir

Niðurstöður Lausnamótsins voru birtar í skýrslu auk svokallaðs Lausnavísis sem byggir á þessari sameiginlegu viðleitni blaðamanna, fulltrúa stjórnvalda, stjórnsýslu, sérfræðinga, atvinnulífs og almennings til að bregðast við djúpstæðum áskorunum sem steðja að frjálsri og faglegri blaðamennsku á Íslandi. Niðurstöðurnar voru einnig kynntar fyrir sérfræðingum í Menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytinu og ráðherra mála-flokksins, Loga Einarssyni, og voru nýttar við gerð aðgerðaráætlunar ríkisstjórnar-



innar í málefnum fjölmiðla sem kynnt var í desember.

Skýrslan undirstrikar að engin ein töfralausn dugi til að bregðast við þeim veigamiklu áskorunum sem steðja að íslenskum fjölmiðlum. Landslagið er fjölbreytt og vandinn margþættur - en

það þýðir jafnframt að fjölmargar leiðir eru færar til að efla sjálfstæða fjölmiðlun, styrkja fjölmiðlaflóru landsins og vernda lýðræðislega umræðu. Það krefst hins



Lausnavísirinn undirstrikar að engin ein töfralausn dugi til að bregðast við þeim veigamiklu áskorunum sem steðja að íslenskum fjölmiðlum. Landslagið er fjölbreytt og vandinn margþættur - en það þýðir jafnframt að fjölmargar leiðir eru færar til að efla sjálfstæða fjölmiðlun, styrkja fjölmiðlaflóru landsins og vernda lýðræðislega umræðu. Það krefst hins vegar víðtækrar samábyrgðar.

vegar víðtækrar samábyrgðar. Sú vinna getur ekki hvílt einvörðungu á herðum fjölmiðlanna sjálfra eða Blaðamannafélagi Íslands. Heldur þarfnast vinnan viljastyrks stjórnvalda, ábyrgrar stefnumótunar, samstarfs við atvinnulíf, fræðasamfélag og ekki síst vitundarvakningar hjá almenningi.





Ein stærsta ógn við lýðræðið á okkar tímum er kerfisbundin misbeiting hagsmunaafla á upplýsingum. Vestraen lýðræðisríki hafa í auknum mæli þurft að glíma við tilraunir utanaðkomandi afla til að grafa undan lýðræðinu með dreifingu skoðanamótandi falsupplýsinga. Misbeiting upplýsinga er ein hinna svokölluðu fjölþáttaógna (e. hybrid threats) sem þjóðir leggja æ meiri áherslu á að verjast og er orðinn viðurkenndur mikilvægur þáttur í öryggis- og varnarstefnu ríkja.

Ljósmynd/Anton Brink

Aðgerðahópur BÍ um upplýsingaheilindi stofnaður

Grundvallarhugtökum lýðræðis hefur verið snúið á hvolf

Sigríður Dögg Auðunsdóttir skrifar

Samstarf og samvinna eru lykilþættir í baráttu fyrir upplýsingaheilindum, sem eru grundvöllur heilbrigðra lýðræðissamfélaga. Fagleg blaðamennska og frjálsir, öflugir fjölmiðlar eru grunnurinn að því að almenningur hafi aðgang að sönnum og réttum upplýsingum sem er forsenda fyrir lýðræði. Þetta kom fram á alþjóðlegri ráðstefnu um upplýsingaheilindi sem fulltrúar BÍ og fjögurra stærstu fjölmiðla landsins sóttu í Kaupmannahöfn í nóvember sl. Ráðstefnan var á vegum danska varnarmálaráðuneytisins í samvinnu við the Digital Democracy Initiative sem er á vegum framkvæmdastjórnar ESB, dönsku og norsku ríkisstjórnarinnar og IMS (International Media Support).

Stjórn BÍ bauð stjórnendum á fréttastofum fjögurra stærstu fjölmiðla landsins á ráðstefnuna í því skyni að leggja grunn

að starfi sérstaks aðgerðahóps BÍ um upplýsingaheilindi. Verkefni hópsins er meðal annars að meta getu íslenskra fréttamiðla til að berjast gegn upplýsingaógnum og móta aðgerðir til að efla viðnámsþol íslenskra fjölmiðla, blaðamanna og þar af leiðandi samfélagsins alls, gegn misbeitingu upplýsinga. Í hópnum sem sóttu ráðstefnuna voru: Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður BÍ, Freyja Steingrimsdóttir, framkvæmdastjóri BÍ, Aðalsteinn Kjartansson, aðstoðarritstjóri Heimildarinnar, Kolbeinn Tumi Daðason, fréttastjóri fréttastofu Sýnar, Skúli Halldórsson, aðstoðarfréttastjóri mbl.is og Valgeir Örn Ragnarsson, varafréttastjóri RÚV.

Ein stærsta ógn við lýðræðið á okkar tímum er kerfisbundin misbeiting hagsmunaafla á upplýsingum. Vestraen lýðræðisríki hafa í auknum mæli þurft að

glíma við tilraunir utanaðkomandi afla til að grafa undan lýðræðinu með dreifingu skoðanamótandi falsupplýsinga. Misbeiting upplýsinga er ein hinna svokölluðu fjölþáttaógna (e. hybrid threats) sem þjóðir leggja æ meiri áherslu á að verjast og er orðinn viðurkenndur mikilvægur þáttur í öryggis- og varnarstefnu ríkja. Blaðamannafélag Íslands hefur á undanförunum mánuðum tekið æ virkari þátt í samtali um þessar ógnir. Fulltrúar félagsins hafa tekið þátt í vinnu með Almannavörnum, Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu, Fjölmiðlanefnd og fræðasamfélaginu um viðnám samfélaga gagnvart upplýsingaógnum. Þrátt fyrir þessa umræðu er enn skortur á þekkingu og verkfærum til að þróa lýðræðislegar varnir innan fjölmiðlaumhverfisins.

Megum ekki gefast upp

Peter Pomerantsev, fræðimaður við SNF Agora Institute við Johns Hopkins-háskóla, blaðamaður og höfundur bókarinnar *This Is Not Propaganda: Adventures in the War Against Reality*, sagði í erindi sínu á ráðstefnunni að öllum grundvallarhugtökum lýðræðisins hafi verið snúið á hvolf. Grafið hafi verið undan hugtökum á borð við tjáningarfrelsi, fjölmiðlafrelsi, fjölradda fjölmiðlar, sannleikur o.fl. Af þeim sökum reyndist erfiðara fyrir fjölmiðla að uppfylla hlutverk sitt sem mikilvæg lýðræðisstoð. Hins vegar mættu blaðamenn og fjölmiðlar ekki gefast upp á því að vinna samkvæmt þessum grundvallarhugtökum.

Hann minnti jafnframt á það að tjáningarfrelsið nái ekki síst til upplýsingaréttar almennings. „Við höfum ekki hugmynd um hvað liggur til grundvallar algrímum samfélagsmiðlanna og hvers vegna þeir lyfta ákveðnu efni og fela annað“, benti hann á. Almennigur eigi heimtingu á því að vita hvað liggi þar til grundvallar og hvaða rit-sköðun sé í gangi hjá tæknifyrirtækjum á borð við Facebook og Google.

Ulrik Vestergaard Knudsen, framkvæmdastjóri samskipta- og samfélagsmála hjá Netcompany og annar tveggja stjórnarformanna í stafrænni stefnumótunarnefnd OECD, talaði á svipuðum nótum.



Verkefni nýstofnaðs aðgerðahóps BÍ um upplýsingaheilindi er meðal annars að meta getu íslenskra fréttamiðla til að berjast gegn upplýsingagögnum og móta aðgerðir til að efla viðnámsþol íslenskra fjölmiðla, blaðamanna og þar af leiðandi samfélagsins alls, gegn misbeitingu upplýsinga. Í hópnum sem sóttu ráðstefnu um upplýsingaheilindi í Kaupmannahöfn í nóvember voru (f.v.): Kolbeinn Tumi Daðason, fréttastjóri fréttastofu Sýnar, Valgeir Örn Ragnars-son, varafréttastjóri RÚV, Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður BÍ, Freyja Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri BÍ, Skúli Halldórsson, aðstoðarfréttastjóri mbl.is og Aðalsteinn Kjartansson, aðstoðarritstjóri Heimildarinnar.



Frá ráðstefnu um upplýsingaheilindi. Julie Posetti (önnur f.v.), stjórnarformaður Miðstöðvar blaðamennsku og lýðræðis hjá City University of London og prófessor, sagði á málþinginu að árásir á fjölmiðla í almannapágu væru útbreiddar og jafnvel skipulagðar í því skyni að grafa undan trausti til þeirra og getu til að veita aðhald. „Traust hefur verið vopnvætt“, sagði hún.

Hann gerði stöðuna í Bandaríkjunum að umtalsefni og sagði meðal annars að lýðræðið þar í landi væri að molna niður fyrir framan augun á okkur. Aldrei nokkuð þessu líkt hafi sést gerast í vestrænum ríkjum.

Finnar unnið markvisst að eflingu fjölmiðlalæsis í 30 ár

Leo Pekkala, aðstoðarforstjóri og yfirmaður fjölmiðlafræðslu og sviðs hljóð- og

myndmiðla hjá KAVI (Finnsku kvikmyndastofnuninni), ræddi um viðnámsþol samfélaga gagnvart misbeitingu upplýsinga, og sagði frá því að Finnar hefðu fyrir þremur áratugum hafið markvissa vinnu í því að efla upplýsinga- og fjölmiðlalæsi í gegnum skólakerfið með þeim árangri að Finnland væri það land í heiminum sem mælist með mesta viðnámsþol samfélags. Rætt væri um allsherjarvarnir, í þessu samhengi, sem er sama hugtak og Svíar nota (Total Forsvar).

Mikilvægt starf framundan

Eitt af stóru verkefnum Blaðamannafélagsins fram undan er að efla samstarf milli félagsins, blaðamanna, fjölmiðla og annarra sem hafa hagsmuni almennings og lýðræðis að leiðarljósi með tilliti til upplýsingaheilinda og fjölmiðlafrelsis. Félagið vinnur nú að undirbúningi málþings um hlutverk og mikilvægi blaðamennsku og fjölmiðla til eflingar upplýsingaheilindum, sem haldið verður á árinu. Þá verða haldnir upplýsingafundir og námskeið um ýmislegt sem tengist upplýsingaheilindum fyrir blaðamenn og stjórnendur fjölmiðla á næstu misserum auk þess sem stuðlað verður að alþjóðlegri tengslamyndun. Verkefnið hefur hlotið styrk frá menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu. Félagsfólk sem hefur áhuga á að taka þátt í þessari vinnu á vegum félagsins er hvatt til að setja sig í samband við skrifstofu.

Útgöngubann á Bretlandseyjum?

Kolbeinn Tumi Daðason, ritstjóri Sýnar, skrifar

Það er líklegt að mörgum notendum TikTok hafi brugðið seinni hluta síðasta árs þegar myndbönd af forsætisráðherra Breta óvænt kynna útgöngubann fóru í mikla dreifingu. Eðlilega enda er útgöngubann ekki eitthvað sem við eigum að venjast í vestrænum ríkjum, hvað þá svona upp úr þurru. Myndböndin voru mjög raunveruleg, sett fram í formi fréttar en áttu ekki við rök að styðjast. Með nýlegri tækni virtist hann segja hluti sem hann í raun sagði aldrei.

Með tilkomu gervigreindar hefur framleiðsla falsfrétta og misvísandi upplýsinga margfaldast. Dag hvern birtast fyrir augum okkar á samfélagsmiðlum lygar eða villandi skilaboð. Stundum eru það stjórnvöld í ríkjum á borð við Rússland og Kína sem vilja villa um fyrir almenningi og skapa óróa. En svo er það líka fjárhagslegur hvati sem bætist við fyrir notendur ef myndbönd þeirra fá nógu mikla dreifingu á TikTok.

„ ... Magn upplýsinga sem flæðir yfir heiminn er gríðarlegt, bæði í formi sannra upplýsinga og falskra. Það hefur aldrei verið meira og eykst með degi hverjum. Það verður sífellt erfiðara að greina þar á milli.

Vegna upplýsingaóreiðunnar þarf almenningur að rækta gagnrýna hugsun. Eitt af lykilatriðunum er að taka öllum upplýsingum sem þú sérð á óþekktum reikningum með fyrirvara. Þar gildir oft að ef eitthvað virkar of ótrúlegt til að vera satt þá er það líklega einmitt tilfellið. En meira að segja varasamasta og upplýstasta fólk getur fallið í gryfjuna.

Ritstýrðir fjölmiðlar voru lengi vel hliðverðir upplýsinga til almennings í lýðræðisríkjum heimsins. Það gjör-



Kolbeinn Tumi Daðason: Með tilkomu gervigreindar hefur framleiðsla falsfrétta og misvísandi upplýsinga margfaldast. Dag hvern birtast fyrir augum okkar á samfélagsmiðlum lygar eða villandi skilaboð. Ljósmynd/aðsend

breyttist með tilkomu samfélagsmiðla þar sem hver maður, hvert fyrirtæki og hver stofnun hefur sína rödd, jafnvel undir nafnleynd. Magn upplýsinga sem flæðir yfir heiminn er gríðarlegt, bæði í formi sannra upplýsinga og falskra. Það hefur aldrei verið meira og eykst með degi hverjum. Það verður sífellt erfiðara að greina þar á milli.

Áskorun fyrir almenning og ritstýrða fjölmiðla

Fyrirnefnd fölsk myndbönd af Keir Starmer, forsætisráðherra Breta, setja útgöngubann á landa sína voru á endanum fjarlægð af TikTok en skaðinn var löngu skeður. Bæði fyrir ráðherrann sem á í stökustu vandræðum við stjórnvölinn heima fyrir án þess að honum séu gerð upp ósannindi en ekki síst fyrir almenning sem veltir sér upp úr einhverju rugli og dreifir jafnvel áfram, oft með miklum upphrópunum og hneykslunartón. Því meiri hneykslun, því meiri reiði - því meiri dreifing vegna algóritma samfélagsmiðla.

Áskorunin er mikil fyrir almenning

sem vill vera upplýstur en einnig ritstýrða fjölmiðla. Þeir eru ekkert annað en fólkið sem þar starfar sem getur alltaf gert hið mannlega, að gera mistök. Biðin eftir myndum af handsömun Maduro forseta Venesúela á dögunum reyndist of löng fyrir einn og einn erlendan fjölmiðil sem notuðu myndir af handsömuðum forseta sem voru í dreifingu. Myndirnar virkuðu mjög raunverulegar, forsetinn í haldi bandarískra lögreglumanna en þær voru falskar. Þær voru búnar til með gervigreind.

Stjórnvöld ólíkra landa hafa mismikinn áhuga á að berjast gegn upplýsingaóreiðu. Raunar eru sumir af valdamestu mönnum heimsins í fararbroddi þegar kemur að því að dreifa bulli og kalla raunverulegar staðreyndir falsfréttir. Lausnin er alls ekki í sjónmáli á meðan fyrirtækin sem halda úti gervigreindarforritunum og samfélagsmiðlunum taka ekki á vandanum. Þau koma ekki einu sinni í veg fyrir að hægt sé að afklæða börn eins og hefur sýnt sig að hægt er að gera með gervigreindartóli Elons Musk.

Fleiri fullyrðingar, færri spurningar

Skúli Halldórsson, aðstoðarfréttastjóri mbl.is, skrifar

Þegar rætt er um áreiðanleika upplýsinga í nútímanum eru aðsteðjandi ógnir samfélagsmiðla og gervigreindar ef til vill það fyrsta sem kemur upp í huga margra. Gott og vel. Hvort tveggja fyrirbæranna felur í sér tækifæri fyrir fjölmiðla en heggur sömu leiðis að tilvist þeirra.

Önnur þróun á sér þó einnig stað þessu samhliða, sem varla nokkur íslenskur blaðamaður hefur farið varhluta af. Það er, að þeim fjölgar sífellt sem starfa hinum megin borðsins, á meðan úr okkar röðum molnar.

Fleiri tölvupóstar, fleiri tilkynningar, fleiri bein streymi, fleiri símtöl. Fleiri upplýsingafulltrúar, fleiri samskiptastjórar.

Færri blaðamenn, færri mínútur í góða blaðamennsku, færri vel unnar fréttir um efni sem skiptir Íslendinga máli.

Sem sagt: Fleiri fullyrðingar, færri spurningar.

Þetta er staðreynd. Raunveruleiki síðustu ára. Og ekki eru horfurnar bjartar.

Ekki er þar með sagt að ekki megi reiða sig á þær upplýsingar sem viðkomandi koma á framfæri við fjölmiðla. En hagsmunir þeirra eru óhjákvæmilega samofnir því efni sem þeir halda að fjölmiðlum, og tilkynningarnar yfirleitt ekki gerðar til að viðhalda upplýstu samfélagi, stundum þvert á móti.

Þróunin öll er á þann veg að maður fær ekki varist þeirri tilhugsun að þetta hafi verið betra hér áður fyrr.

Lögreglan á Vestfjörðum uppfærir Facebook-myndina sína að kvöldi til, til að sýna fylgjendum nýjan og glæsilegan jeppakost sinn. Á sama tíma næst ekki í hana vegna mögulegs útkalls og leitar að hvítabirni.

Upplýsingafulltrúi ráðuneytis birtir í nafni ráðherra trúnaðarsamskipti blaða-



Skúli Halldórsson

manns, vegna þess eins að hann er ósáttur við áherslur fjölmiðilsins í umfjöllun um málaflokk ráðuneytisins. Kemst upp með að biðja hvorki kóng né prest afsökunar, með starfsöryggi og vinnutíma sem blaðamenn geta ekki einu sinni leyft sér að dreyma um.

Tíu upplýsingafulltrúar mæta til vinnu og skrifa „fréttir“ fyrir það sem borgin kys að kalla ritstjórn Reykjavíkurborgar. Það eru fleiri en eru á fréttavakt mbl.is þann daginn.

Er það svona sem samfélagið vill hafa þetta? Ætlum við að reiða okkur á þetta til frambúðar? Ef ekki, hvað er til ráða?



BLAÐAMANNAVERÐLAUN

2025

**TILNEFNINGAFRESTUR
TIL KL. 23.59
MÁNUDAG 2. FEBRÚAR 2026**

**NÁNAR Á.
press.is**

Sannleikurinn flæðir einhvers staðar á milli

Valgeir Örn Ragnarsson, varafréttastjóri RÚV, skrifar

Því meira framboð af fréttum, fréttaskýringum og þjóðfélagsumræðu, því betra fyrir lýðræðið. Ein af stóðum lýðræðis-þjóðfélaga er óumdeilanlega sterkir og fjölbreyttir fjölmiðlar. Þeir gegnumlýsa samfélagið með aðferðum vandaðrar blaðamennsku, veita stjórnvöldum aðhald og vinna í þágu almennings. Öflugir fjölmiðlar eru undirstaða trausts í samfélaginu.

Nú stöndum við hins vegar frammi fyrir mjög hnignandi fjölmiðlaumhverfi á Íslandi sem mun hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir samfélagið. Á sama tíma og allir fjölmiðlar eru að veikjast, fækka blaða- og fréttafólki og draga úr þjónustu sinni með einum eða öðrum hætti, er önnur risastór breyting að eiga sér stað.

Í stað hefðbundinnar fjölmiðlaumfjöllunar skellur á okkur flóðbylgja af upplýsingum á samfélagsmiðlum. Þar gildir



Við stöndum frammi fyrir mjög hnignandi fjölmiðlaumhverfi á Íslandi sem mun hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir samfélagið, að sögn Valgeirs.

ekki endilega því meira því betra. Við fáum stanslaust efni til okkar sem er erfitt að staðreyna. Falsaðar myndir, fölsuð myndbönd og ofgnótt skoðana. Sumar eru settar fram til að gera okkur reið og

til að fá okkur til að hata hvert annað. Þetta efni er í sífellt auknum mæli búið til af gervigreind og bottum og flæðir af áður óþekktum krafti yfir okkur. Inn í öllu þessu upplýsingaflóði flæðir sannleikurinn einhvers staðar á milli. Við sjáum hann jafnvel ekki og kannski nennum við ekki að sjá hann, því við erum orðin svo mettuð af upplýsingum að við getum varla meðtekið meira í bili.

Þetta er frábær þróun fyrir þá sem hata opna og lýðræðislega umræðu sem er byggð á staðreindum. Þeir vita að ef þú veist ekkert hvað er satt og hvað er lygi, þegar þú heldur að allt sem þú sérð, fréttir þar með taldar, sé sama ruglið og þú sérð í „feedinu“ þínu, þá hættir þú að treysta. Þegar traustið er farið þá hætta fjölmiðlar að geta sinnt hlutverki sínu. Það er afleit þróun og planið má ekki vera að sitja hjá og vona það besta.



Rússnesk afskipti af kosningunum í Moldóvu

BBC afhjúpaði skipulagt net sem dreifði rangfærslum og fölsuðu efni til að hafa áhrif á þingkosningarnar í Moldóvu. Þetta vekur upp alvarlegar spurningar um upplýsingaóreiðu í Evrópu.

Rannsókn BBC Eye Investigations, sem unnin var með öðrum rannsóknarteymum BBC og samstarfsaðilum í Evrópu, sýndi að net tengt rússneskum hagsmunum reyndi að grafa undan stöðu stjórnarflokksins PAS, mið-hægri Evrópusinnaðs flokks, fyrir kosningarnar í lok september. Fólki var boðin greiðsla fyrir að taka þátt í að dreifa pólitísku efni og röngum upplýsingum á samfélagsmiðlum sem beindust gegn PAS.

Þátttakendunum var jafnframt falið að taka þátt í framkvæmd gervikönnunar í nafni stofnunar sem er ekki til, sem brýtur í bága við reglur um skoðanakannanir í Moldóvu. Niðurstöðurnar, sem voru ómarktækar og hannaðar til að villa um fyrir kjósendum, voru síðar birtar á netinu og voru þvert á opinberar kann-



anir og lokaniðurstöður kosninganna þar sem PAS var í forystu.

Sérfræðingar sem BBC ræddi við segja að málið sé skýrt dæmi um hvernig skipu-

lögð íhlutun erlendra aðila og markviss upplýsingaóreiða geti grafið undan bæði lýðræðisferlum og starfsskilyrðum fjölmiðla í Evrópu.

Áhrifavaldaðar sem dreifileið

Aðalsteinn Kjartansson, aðstoðarritstjóri Heimildarinnar, skrifar

Ein af stærstu áskorunum hefðbundinnar fréttamiðlunar er að athyglin keppir við efni sem líkir eftir blaðamennsku án þess að lúta sömu faglegu kröfum. Ritstýrðir miðlar eiga ekki aðeins í samkeppni sín á milli heldur einnig við áhrifavalda og þá sem miðla skoðunum sínum í gegnum samfélagsmiðla.

Spurningin er: Hvernig á að koma flóknum og mikilvægum upplýsingum til skila í gegnum stöðugt streymi upplýsinga? Rann-

Föstudagskaffi

HVERN FÖSTUDAG KL 11-12

Ertu hætt/ur að vinna, í fæðingarorlofi, á milli verkefna eða átt lausa stund og langar að gæða þér á kaffi og kleinum og ræða málefni líðandi stundar í góðum félagsskap?

Vertu þá velkomin/n í föstudagskaffi Blaðamannafélags Íslands. Við verðum með heitt á könnunni frá kl. 11–12 hvern föstudag í húsnæði félagsins, Síðumúla 23. Gott aðgengi er fyrir hreyfihamlaða og barnavagna og leikhorn fyrir börn.



sóknarmiðillinn *Probe* á Filippseyjum svaraði þessari áskorun með nýstárlegri nálgun sem fólst í því að nýta áhrifavalda (e. influencers) sem beinan farveg fyrir umfjallanir sínar.

Í stað þess að treysta eingöngu á eigin dreifileiðir, sem oft ná ekki til yngri kynslóða, tóku stjórnendur *Probe* ákvörðun um að nýta áhrifavalda sem dreifileið. Með því að eiga í samstarfi við áhrifavalda sem hafa stóran fylgjendahóp á miðlum eins og TikTok og YouTube, tókst *Probe* að nýta sitt víðfeðma safn af sögulegu efni og samhengi til að gera fréttafni aðgengilegt.

Áhrifavaldaðar unnu með blaðamönnum að því að miðla efni til sinna fylgjenda og settu þær í samhengi sem átti við hverju sinni og notendur gátu tengt við. Þessi stefna gerði *Probe* kleift að nýta reiknirit samfélagsmiðla sér í hag og koma mikilvægum fréttum á framfæri í daglegri neyslu fólks sem annars hefði aldrei horft á hefðbundinn fréttapátt.

Tilraun *Probe* sýnir að ritstjórnir geta verið skapandi í dreifingu án þess að gefa eftir í faglegum vinnubrögðum. Slíkar leiðir geta styrkt blaðamennsku í brotakerndu miðlaumhverfi, að því gefnu að ritstjórnarleg ábyrgð og gæði upplýsinga sé tryggt í samræmi við vinnubrögð blaðamenskunnar.



Aðalsteinn Kjartansson.



Finnþogi Jónasson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá greiningardeild ríkislögreglustjóra, segir samfélagið ekki nægilega meðvitað um þá ógn sem því stafar af upplýsingaóreiðu og falsfréttum sem grafa undan trausti, samstöðu og lýðræði.

Ljósmynd/Anton Brink

Upplýsingaóreiða er orðin hluti af öryggisógn

Erla Hlynisdóttir skrifar

Á sama tíma og rangfærslur berast hraðar og víðar hefur staða fjölmiðla á Íslandi áhrif á það hvernig almenningur getur greint á milli áreiðanlegra upplýsinga og falsfrétta. „Eitt af meginhlutverkum okkar er að tryggja lýðræðið,“ segir aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá greiningardeild ríkislögreglustjóra.

Að mati Finnþoga Jónassonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns hjá greiningardeild ríkislögreglustjóra, stendur íslenskt samfélag frammi fyrir ógn sem er „fjölþætt, hröð og sífellt erfiðari viðfangs“: upplýsingaóreiðu og falsfréttum sem grafa undan trausti, samstöðu og lýðræði.

„Ég held við séum ekki nægjanlega meðvituð um þessa stöðu,“ segir hann. Greiningardeildin hefur ítrekað varað við þessari þróun, svo sem í skýrslum um hryðjuverkaógn og skýrslu um fjölþáttaógnir, en Finnþogi upplifir að almenningur geri sér enn ekki fulla grein fyrir umfangi vandans.

Öfgahópar, erlend ríki og ný tækni

Í hættumatsskýrslunum horfir greiningardeildin meðal annars til öfgahyggju og þess hvernig fólk sogast inn í róttæka hugmyndafræði í gegnum netið. Í skýrslunni um fjölþáttaógnir frá 2023 er síðan lýst sambærilegum aðferðum sem erlend ríki beita; þau nota stafræna miðla til að hafa áhrif á skynjun almennings á alþjóðlegum málefnum, meðal annars með dreifingu falsaðs eða blekkjandi efnis, stýrðri dreifingu efnis á samfélagsmiðlum og markvissir skautun umræðu.

„Þetta er fjölþættur vandi,“ segir Finn-

bogi. Öfgahópar og erlend stjórnvöld beiti í grunninn sömu tækni, misvísandi eða fölsuðu efni, en markmiðið sé oft að veikja traust og samstöðu í vestrænum samfélögum.

Tungumálið verndi Íslendinga síður en áður. Flestir hér tali og lesi ensku og íslenskt samfélag sé því í beinni snertingu við sömu strauma og togstreitu sem ræður för í stærri ríkjum. „Þó að upplýsingunum sé ekki beint að Íslandi þá hafa þær áhrif hér á landi ef þær eru á ensku,“ segir hann.

Gervigreind hafi síðan flýtt fyrir og

► sjá næstu síðu

dýpkað vandann. Textar sem áður báru með sér augljós spor vélþýðinga séu orðnir nánast óaðgreinanlegir frá textum skrifuðum af fólki. „Það er eiginlega búið í dag,“ segir Finnbogi. Lesandi sem flettir hratt í gegnum færslu á samfélagsmiðli eigi í mörgum tilvikum enga raunhæfa leið til að sjá hvort textinn sé hluti af markvissri herferð eða tilviljanakennd skoðanayfirlýsing.

Skautun, vantraust og lýðræðið

Af hverju skiptir þetta máli? Finnbogi segir upplýsingaóreiðu ekki bara teknískt vandamál heldur samfélagslegt. „Þetta eykur skautun í samfélaginu,“ segir hann. „Ég les eina hliðina og tileinka mér hana, þú lest aðra hlið og tileinkar þér hana. Og við erum bæði sannfærð um að við höfum lesið sannleikann.“

Afleiðingarnar af þessu séu gríðarlegar; upplýsingaóreiða hafi áhrif á samskipti fólks, á félagslegt traust og á lýðræðislega umræðu. Hann bendir á erlendar rannsóknir sem sýni að fólk veigri sér við að taka þátt í stjórnmálum og opinberri umræðu vegna skautunar og persónulegra árása. „Ef fólk er ekki tilbúið til þess að taka það á sig, þá er mjög erfitt að vera inni í þessu umhverfi,“ segir hann.

Þannig skapist vítahringur þar sem þeim fækkar sem treysta sér til að taka þátt í opinberri umræðu og þeim fækkar líka sem leiðréttu rangfærslur og bæta þar með gæði upplýsinga. „Ef við fáum ekki gott fólk til að taka þátt þá hefur það gríðarleg áhrif á samfélagið allt og lýðræðið sem við byggjum það á,“ segir hann.

Erlend stjórnvöld sem standi að markvissum upplýsingaherferðum beini gjarnan sjónum að málefnum þar sem skautun sé þegar til staðar: útlendingamálum, réttindum hinsegin fólks, umfjöllun um múslima og öðrum deilumálum. „Það er verið að yfirfæra umfjöllun erlendis yfir á íslenskt samfélag,“ segir Finnbogi, og þannig búa til eða magna upp átök sem áður voru lítil eða jafnvel ekki til staðar hér á landi.

Falskir aðgangar taka þátt

Sumum kann að þykja fjarstæðukennt að stór ríki leggi sérstaka áherslu á að hafa áhrif á umræðu á Íslandi. Finnbogi bendir



Finnbogi segir að erlend stjórnvöld sem standi að markvissum upplýsingaherferðum beini gjarnan sjónum að málefnum þar sem skautun sé þegar til staðar: útlendingamálum, réttindum hinsegin fólks, umfjöllun um múslima og öðrum deilumálum.

Ljósmynd/Anton Brink

á að Ísland sé hluti af vestrænu bandalagi, stofnmeðlimur í NATO, og að það skipti máli hverjir stjórni landinu og hvernig ráðamenn túlki skuldbindingar Íslands.

Umræður um aðild að Evrópusambandinu sé dæmi um viðkvæmt mál þar sem hættan á kerfisbundinni upplýsingaóreiðu sé raunveruleg. „Hvaða skoðun sem menn hafa á því, þá skiptir máli að sú umræða geti verið fagleg og lýðræðisleg,“ segir hann. Mikilvægt sé að umræðu sé ekki stýrt af annarlegum hvötum erlendra ríkja eða skipulögðum herferðum, hvort sem þær birtist í formi botta, gerviaðganga eða áhrifavalda á launum.

Greiningardeildin hafi þegar séð falsa samfélagsmiðlaaðganga taka þátt í íslenskri umræðu undir tilbúnum nöfnum. „Það er þá allavega einhver að koma fram undir fölsku nafni, hvort sem það er Íslendingur eða ekki,“ segir Finnbogi. Það eitt dugi til að grafa undan trausti og gera umræðuna tortryggilegri, jafnvel án þess að hægt sé að rekja slíka aðila beint til erlendra ríkja.

Hvað er verið að gera?

Greiningardeild ríkislögreglustjóra fylgist með þróuninni, vinnur með ráðuneytum og systurstofnunum á Norðurlöndum og tekur þátt í alþjóðlegu samtali um upplýsingaóreiðu, gervigreind og lýðræði. Finnbogi bendir á að Norðurlöndin hafi víða lagt mun meiri áherslu á vernd gegn áhrifum erlendra ríkja á opinbera umræðu, sérstaklega í kringum kosningar. Ísland

standi „ágætlega, en ekki eins vel og hin Norðurlöndin“.

Hlutverk greiningardeildarinnar er meðal annars að aðstoða stjórnvöld við að tryggja að kosningar og umræða um stór pólitísk álitafæni, til dæmis hugsanlega ESB-aðild, sé lýðræðisleg og byggð á réttum upplýsingum. „Eitt af meginhlutverkum okkar er að tryggja lýðræðið,“ segir hann.

Fjölmiðlar og traustið

Í þessu landslagi skipta traustir fjölmiðlar miklu máli. Að mati Finnboga þurfi almenningur að hafa aðgang að miðlum sem hann treysti til að staðreyndaprófa og setja í samhengi það sem fólk sér á samfélagsmiðlum. Hann nefnir upplýsingafundi stjórnvalda í kórónuveirufaraldrinum sem dæmi um tilraun til að tryggja samræmt og traust upplýsingaflæði.

En ábyrgðin liggja líka hjá fjölmiðlunum sjálfum. „Það kostar tíma og peninga að sannreyna hluti,“ segir Finnbogi, og í harðri samkeppni sé ekki alltaf svigrúm til ítarlegrar staðreyndavöktunar. Samt sé það nauðsynlegt ef fjölmiðlar eigi að gegna hlutverki „fjórða valdsins“ og vera mótvægi við upplýsingaóreiðu en verði ekki óafvitandi að farvegi hennar.

„Það skiptir gríðarlega miklu máli að við séum með nokkra fjölmiðla sem almenn-ingur treystir,“ segir hann. Traust sé vandmeðfarið, en án þess verði baráttan við upplýsingaóreiðu og falsfréttir ójafn leikur og ógnin við lýðræðið því meiri.



Upplýsingaumhverfið breytist hratt með tilkomu gervigreindar og stjórnvöld kortleggja áhrif hennar á opinbera umræðu og ákvarðanatöku í samfélaginu.

Ljósmynd/iStock

Stjórnvöld meta áhrif gervigreindar á upplýsingaóreiðu

Erla Hlynisdóttir skrifar

Haustið 2026 verður birt skýrsla um áhrif gervigreindar á lýðræðislega umræðu og ákvarðanatöku ásamt tillögum að aðgerðum til þess að styrkja lýðræðismenningu andspænis hröðum tækniframförum. Þetta kemur fram í aðgerðaáætlun stjórnsvalda um gervigreind, þeirri fyrstu sinnar tegundar, sem kynnt var sumarið 2025.

Fjölmiðlanefnd og samstarfsaðilar

Áætlunin samanstendur af tuttugu aðgerðum sem skipt er niður í fimm flokka – kallaðir grunnstoðir – en gerð ofangreindrar skýrslu fellur undir flokkinn *Gervigreind í allra þágu*. Í þeirri grunnstoð er lögð áhersla á að þróun, innleiðing og notkun gervigreindar samræmist lýðræðislegum gildum, mannréttindum og samfélagslegri ábyrgð, auk mats á siðferðislegum og samfélagslegum álitamálum.

Greining á áhrifum gervigreindar á lýðræðislega umræðu er ein af þessum tuttugu aðgerðum og fól ráðuneytið Fjölmiðlanefnd framkvæmd hennar, í samstarfi við utanríkisráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, CERT-ÍS, samráðshóp um vernd einstaklinga í aðdraganda kosninga

og fleiri aðila. Aðgerðin snýr þannig ekki eingöngu að tæknilegum þáttum, heldur beint að forsendum opinberrar umræðu, upplýsingaumhverfis og trausts í lýðræðislegu samfélagi.

Stödd í miðri gervigreindarbyltingu

Markmið aðgerðarinnar er að treysta öryggi lýðræðislegra innviða og efla viðnámsþrótt lýðræðismenningar. Þar verða einnig greind áhrif gervigreindar á skoðanamyndun og kosningahegðun. Meðal annars verður horft til upplýsingaóreiðu, áróðurstækni og utanaðkomandi afskipta af lýðræðislegum ákvarðanatökuferlum. Þá verður kortlögð innleiðing tækninnar í starfsemi skráðra stjórnmálasamtaka með það fyrir augum að móta almenn

viðmið og leiðbeiningar um gagnsæi og ábyrga nýtingu gervigreindar í stjórnmálastarfi. Afurð þessarar vinnu er skýrslan sem samkvæmt áætlun kemur út í haust.

„Við erum stödd í miðri gervigreindarbyltingu sem mun hafa gríðarleg áhrif á samfélag okkar til framtíðar,“ sagði Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, þegar aðgerðaáætlunin var kynnt.

Auk gervigreindar í allra þágu eru grunnstoðirnar samkvæmt skýrslunni samkeppnishæft atvinnulíf, menntun í takt við tímann, nýjar leiðir í opinberri þjónustu og heilbrigðiskerfi framtíðarinnar, og heyrir ábyrgð á aðgerðunum undir ólík ráðuneyti.



Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar, segir að stríð sé hafið um skoðanir okkar, hvernig við hugsum og hvaða tilfinningar séu virkjaðar. Ljósmyndir/Anton Brink

Stríðið um hugann - Nýr veruleiki fyrir Ísland

Erla Hlynisdóttir skrifar

Íslenskir fjölmiðlar þurfa að standa vörð um lýðræðið á sama tíma og upplýsingaóreiða og efni búið til með gervigreind hellist yfir. Án sterkra fjölmiðla dregur úr bæði trausti og myndin af því sem gerist í samfélaginu verður óskýrari. „Fjölmiðlar hafa sjaldan verið jafn mikilvægir og núna,“ segir Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar.

Upplýsingaóreiða, markvissar áróðurs-herferðir, gervigreind og brothætt staða fjölmiðla eru ekki lengur aðskilin viðfangsefni í íslenskri umræðu. Þvert á móti eru þau orðin samtvinnuð ógn sem snertir lýðræði, menningu, þjóðaröryggi og daglega umræðu á netinu. Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar, segir þessa þróun vera hluta af því sem á ensku er kallað *cognitive warfare* - stríð um hugann. „Það er orðið stríð um skoðanir okkar, hvernig við hugsum og hvaða tilfinningar eru virkjaðar,“ segir hún og ítrekar að þetta stríð sé þegar hafið.

Frá hennar bæjardýrum séð má greina þrjár stórar bylgjur upplýsingaóreiðu sem rekja má til erlendra aðila, fyrst og fremst frá ríkjum eins og Rússlandi, Kína, Íran og Norður-Kóreu. Sú fyrsta tengist innlimun Krímskaga 2014, þegar samfélagsmiðlar urðu að áróðurstæki af áður óþekktri stærðargráðu. Önnur bylgjan kom í CO-VID-19 faraldrinum, þegar fólk sat heima fyrir framan skjáinn og „margir fóru niður

í ákveðnar kanínuholur“ þar sem algóritmar héldu að þeim stöðugt meira af sömu tegund efnis. Þriðja bylgjan tengist svo 7. október 2023 og átökunum í Ísrael og Palestínu þar sem skipulagðar herferðir á báða bóga flæddu inn á samfélagsmiðla nánast samstundis.

Á sama tíma og þetta gerðist opnaðist nýtt svið: gervigreindarverkfæri urðu almenningi aðgengileg sem gjörbreytti landslaginu. „Það er orðið ótrúlega auðvelt fyrir nánast hvern sem er að framleiða texta, myndir og myndbönd sem eru búin til af gervigreind,“ útskýrir Elfa. Miðlarnir fyllast af slíku efni, sumt saklaust en annað beinlínis hannað til að búa til sundrung, grafa undan trausti og afvegaleiða umræðuna.

Ísland hvorki varið af smæð né tungumáli

Hugmyndin um að Ísland sé of lítið til að vera skotmark heldur ekki lengur. Elfa bendir á að landið hafi aftur orðið

geópólítískt mikilvægt. Hlýnandi ís á norðurslóðum, breyttar siglingaleiðir og átök stórvelda hafi sett Ísland á kortið á ný. „Það er einfaldlega rangt að halda að enginn hafi áhuga á okkur,“ segir hún.

Annað sé ekki síður mikilvægt: Internetið hefur engin landamæri, og Íslendingar eru almennt enskumælandi. Upplýsingaóreiða sem er framleidd fyrir bandaríska, breska eða alþjóðlega markaði skilar sér því til landsins óhindrað. Þá tengist Ísland umræðu um átök annars staðar í heiminum, hvort sem um er að ræða Úkraínu eða átökin í Mið-Austurlöndum, og með þeirri umræðu fylgir efni sem getur verið markvisst hannað til að slíta umræðuna í sundur eða beina athyglinni frá öðrum málum.

Elfa leggur ríka áherslu á að íslenskan sé ekki lengur vörn gegn upplýsingaóreiðu. Gervigreindarverkfæri eru þjálfuð á íslensku, enda vilji íslensk stjórnvöld tryggja tungumálinu stafrænt líf. En sama þróun sé nýtt gegn okkur. Því megi fólk í

auknum mæli sjá „gervigreindarprófila“ á íslensku – aðgang sem talar hnökralausa íslensku en er ekki manneskja. Slíkar tilraunir birtast meðal annars í netsvikum og misvísandi upplýsingum.

Hún nefnir einnig rússneskt verkefni sem kallast Pravda Network þar sem milljónum greina eru framleiddar og þýddar á tugi tungumála, þar á meðal íslensku, til að miðla rússneskum áróðri og röngum upplýsingum, og notaðar til að mata stór mállíkön. Markmiðið sé að svör líkana verði hliðholl ákveðnum stjórnvöldum þegar spurt er um alþjóðamál.

Bottar taka sér pláss í umræðunni

Elfa bendir á að sjálfvirkir prófilar og bottar séu nú víða farnir að hafa áhrif á samfélagsumræðuna. Erlendar rannsóknir áætli að um það bil 25% af öllu efni á ensku á samfélagsmiðlum sé í raun framleitt af bottum. Þetta séu aðeins ágískanir, en talan gefi til kynna hversu víðtæk þátttaka þeirra sé.

Um Ísland segir Elfa að engar íslenskar mælingar liggi fyrir, en sérfræðingar telji þó líklegt að bottar séu „einnig umtalsverðir hér“, sérstaklega þar sem gervigreind og tungumálalíkön hafi náð miklum framförum á íslensku á undanförunum árum. Þannig megi gera ráð fyrir að bottar séu að taka þátt í umræðum á samfélagsmiðlum á íslensku.

Hún bætir við að bottar séu oft hannaðir til að ýta umræðu út á ystu nöf; að vera stóryrtir, ýta undir skautun, eða tala inn í ótta og reiði. „Þetta er akkúrat efnið sem heldur fólki inni á samfélagsmiðlum,“ segir hún og bendir á að viðskiptamódel stórra miðla byggji á því að við notum þá sem mest, ekki á því að umræðan sé heilbrigð.

Stríð sem snýst um skoðanamyndun og tilfinningar

Þarna blandast saman tækni, sálfræði og stjórnmál. Elfa segir að í þeim fræðum sem hún starfi við sé hugtakið *cognitive warfare* orðið lykilatriði. Það lýsi því þegar erlendir aðilar – og stundum innlendir – reyni að hafa áhrif á það hvernig við hugsum, hvaða upplýsingar við fáum, hvernig við túlkum þær og hvaða tilfinningar séu virkjaðar. Hún segir: „Þetta er baráttan um hugann á okkur.“

Í slíkum herferðum sé markmiðið oft ekki að sannfæra fólk um eitthvað eitt, heldur að slíta umræðuna í sundur, sá fræjum tortryggni og veikja traust. „Styrkleiki okkar, tjáningarfrelsið, getur líka verið okkar stærsti veikleiki,“ segir hún.

Geta íslenskir fjölmiðlar sinnt þessu?

Í þessu umhverfi eru fjölmiðlar burðarás lýðræðisins. „Fjölmiðlar hafa sjaldan verið jafn mikilvægir og núna,“ segir Elfa. Ástæðan sé einföld: almenningur hefur hvorki tímann né færnina til að sigta hvert myndefni og hverja tilvitnun sem birtist á netinu.

En geta þeir brugðist við? Elfa segir að þetta sé eitt þeirra mála sem hún hefur hvað mestar áhyggjur af; staða íslenskra fjölmiðla er veikburða í samanburði við hin Norðurlöndin, auglýsingatekjur hafi flust yfir til alþjóðlegra fyrirtækja, og Íslendingar séu ekki jafn vanir því að greiða fyrir fréttir. Á meðan séu fjölmiðlar á hinum Norðurlöndunum með öflugar áskriftartekjur sem tryggi stöðugra rekstrarumhverfi.

„Við stöndum frammi fyrir risastórri áskorun,“ segir Elfa. Á meðan tekjur dragast saman hafa fjölmiðlar fengið á sig gríðarlega aukna vinnu: að staðreynda-



Elfa Ýr segir að Rússar framleiði milljónum greina á tugi tungumála, þar á meðal íslensku, til að miðla rússneskum áróðri og röngum upplýsingum og notaðar séu til að mata stór mállíkön.

tékka myndir, myndbönd, erlendar fréttir og gervigreindarefni, að ógleymdu því að setja erlendar upplýsingar í íslenskt samhengi. „Þetta er nýr, mjög dýr útgjalda-póstur á sama tíma og tekjurnar eru að hrynja,“ segir hún.

Hún nefnir að spár geri ráð fyrir að allt að 90% efnis á netinu í lok árs 2026 verði búið til af gervigreind. Á sama tíma sýni rannsóknir að fréttaförðun fari vaxandi – fólk sé orðið of þreytt til að fylgjast með. Þetta þýði að álagið á blaðamenn sé að aukast á sama tíma og hlutverk fjölmiðla verði brýnna.

Ekki átaksverkefni heldur maraþon

Aðspurð hvað hún telji brýnast að gera segir Elfa að fyrsta skrefið sé meiri meðvitund. Samtal þurfi að eiga sér stað þar sem stjórnmál, fjölmiðlar, fræðasamfélag og almenningur átti sig á umfangi vandans. „Þetta varðar lýðræði, menningu, tungumál og þjóðaröryggi,“ segir hún og bætir við að þessi mál þurfi að færa ofar á pólitíska dagskrá.

Hún bendir á að nú þurfi að ræða hvar samfélagsleg umræða eigi heima. Samfélagsmiðlar, sem mótast af algóritmum og viðskiptamódeli tæknifyrirtækja, séu ekki endilega rétti staðurinn fyrir umræðu sem á að styðja lýðræði og traust. Í mörgum löndum sé þessi umræða þegar hafin.

Fræðsla þurfi að verða markviss og stöðug, þetta sé ekki átaksverkefni heldur verkefni til framtíðar. Hún nefnir Finna sem gott dæmi um þjóð sem hafi markvisst frætt almenning um upplýsingaóreiðu og fjölmiðlalæsi.

Þetta verkefni sé umfangsmikið, taki tíma og snerti alla. „Gervigreindarbylgjan er rétt að byrja,“ segir Elfa. Þetta sé maraþonhlaup þar sem ekkert eitt ráðuneyti, engin ein stofnun og enginn einn vettvangur geti einangrað borið ábyrgð.

„Þetta varðar seiglu þjóðarinnar,“ segir hún og vísar þar bæði til lýðræðisins og menningarlegra stöða eins og tungumálsins. Hún segir að ef við glötum stjórn á upplýsingastreymi, umræðu og tungumálalaumhverfi okkar geti það haft afleiðingar langt út fyrir fjölmiðla. „Við þurfum að átta okkur á því að þetta er þegar í gangi.“



Í nýrri aðgerðaáætlun ESB til stuðnings lýðræðis er tilkynnt um aukinn stuðning við sjálfstæða og staðbundna fjölmiðlun, í þeirri trú að fjölbreytt og frjálst fjölmiðlun sé grunnforsenda upplýstrar samfélagsumræðu.

Ljósmynd/iStock

ESB bregst við upplýsingaógnum

Blaðamenn og fjölmiðlar í lykilhlutverki

Erla Hlynisdóttir skrifar

Aðgerðaáætlun Evrópusambandsins til stuðnings lýðræðis hefur það að markmiði að vernda kosningar, fjölmiðla og upplýsingaumhverfi gegn rangfærslum, pólitískri íhlutun og vaxandi netógnum.

Evrópusambandið kynnti í nóvember nýja og umfangsmikla áætlun sem miðar að því að styrkja varnir lýðræðisríkja gegn upplýsingaógnum, pólitískri áróðursstarfsemi á netinu og truflun kosninga. Áætlunin, sem nefnist Evrópski lýðræðisskjöldurinn (European Democracy Shield), sameinar aðgerðir á sviði fjölmiðla, kosninga, upplýsingaöryggis og borgaralegs samfélags.

Áherslan er bæði á að efla sjálfstæða fjölmiðlun og öryggi blaðamanna, og á að búa stjórnvöldum, rannsóknaraðilum og borgurum betri verkfæri til að greina og bregðast við rangfærslum og skipulögðum áróðursherferðum.

Vernd upplýsingaumhverfisins

Fyrsti meginhluti aðgerðanna beinist að því að styrkja heilindi upplýsingaumhverfisins. Þar vegur þungt stofnun Evrópsku staðreyndavaktarinnar (European Network of Fact-Checkers), sem verður sameiginlegt evrópskt net staðreynda-vöktunar og rannsóknarsetra.

Hlutverk hennar verður að samhæfa greiningu á rangfærslum, miðla upplýsingum milli landa og styðja við hraðari viðbrögð gegn skipulagðri misbeitingu upplýsinga. Einnig verður styrkt starfsemi Evrópsku stafrænu miðlavaktarinnar (European Digital Media Observatory,

EDMO) og unnið að sameiginlegu viðbragðsferli fyrir alvarleg upplýsingaáföll.

Fjölmiðlar, blaðamenn og lýðræðislegar stofnanir

Mikil áhersla er lögð á fjölmiðla og blaðamenn. Framkvæmdastjórnin hyggst gefa út tilmæli um öryggi blaðamanna, meðal annars vegna aukinna netárása, hótana og pólitískrar markvissrar truflunar á fjölmiðlastarfsemi.

Aðgerðir gegn þöggunarmálsóknum verða eflar, bæði með sértækum leiðbeiningum og breyttum regluverkum. Þá mun ESB auka stuðning við sjálfstæða

og staðbundna fjölmiðlun, í þeirri trú að fjölbreytt og frjáls fjölmiðlun sé grunnforsenda upplýstrar samfélagsumræðu.

Á sviði kosninga er gert ráð fyrir endurbættri verkfæra-kistu stafrænu þjónustulaganna fyrir kosningar og eflingu samstarfs innan Evrópska samvinnunetsins um kosningar (European Cooperation Network on Elections).

Samfélagslegt viðnámsþol og lýðræðisfræðsla

Til að efla getu samfélaga til að standast upplýsingaógnir verða kynntar nýjar aðgerðir í lýðræðisfræðslu og stafrænu læsi, bæði fyrir unga og eldri borgara.

Sett verður á laggirnar ný miðstöð um lýðræðistækni, Civic Tech Hub, sem styður þróun stafrænnar þátttöktækni, og gefinn út sérstakur leiðarvísir ESB um lýðræði, ætlaður almenningi og fræðasamfélagi.

Ný miðstöð fyrir sameiginleg viðbrögð

Þá gerir áætlunin ráð fyrir stofnun Evrópumíðstöðvar um lýðræðislegt viðnámsþol (European Centre for Democratic Resilience). Miðstöðin mun samhæfa vöktun, greiningu og viðbrögð aðildarríkja ESB þegar utanaðkomandi aðilar reyna að hafa áhrif á upplýsingaumhverfi, umræðu eða ferla sem tengjast lýðræðislegri ákvarðanatöku. Hún er jafnframt hugsuð sem sameiginlegur vettvangur fjölmiðla, stjórnsvalda og fræðasamfélags til að takast markvisst á við nýjar tegundir upplýsingaóгна.



Mikil áhersla er lögð á fjölmiðla og blaðamenn í aðgerðaáætlun ESB. Framkvæmdastjórnin hyggst gefa út tilmæli um öryggi blaðamanna, meðal annars vegna aukinna netárása, hótana og pólitískrar markvissrar truflunar á fjölmiðlastarfsemi.

Ljósmynd/Anton Brink

Hugtök:

Evrópsk lýðræðisvernd (European Democracy Shield)

Heildstæð aðgerðaáætlun ESB til að styrkja varnir lýðræðis, fjölmiðla og kosninga.

Evrópska staðreyndavaktin (European Network of Fact-Checkers)

Nýtt evrópskt net staðreyndafirferða sem samhfæfir greiningu rangfærslna og upplýsingamengunar.

Evrópska miðstöðin um lýðræðislegt viðnámsþol (European Centre for Democratic Resilience)

Sameiginleg miðstöð ríkja ESB sem safnar, greinir og miðlar upplýsingum um erlenda íhlutun og upplýsingaógnir.

Þöggunarmálssóknir (SLAPP: Strategic Lawsuits Against Public Participation)

Málssóknir þar sem markmiðið er ekki endilega að ná fram lagalegu réttlæti heldur er þeim ætlað að þagga niður umfjöllun blaðamanna og letja bæði almenna borgara og athafnafólk til að taka þátt í opinberri umræðu.

Aðalatriði aðgerðaáætlunarinnar:

- ❖ vernd upplýsingaumhverfisins
- ❖ aukið öryggi blaðamanna
- ❖ varnir gegn þöggunarmálssóknum
- ❖ efling staðbundinna fjölmiðla
- ❖ vernd kosninga og lýðræðisferla
- ❖ aukið miðlalæsi og þátttaka almennings



European Democracy Shield



Maximilian Conrad, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir sjálfstæða fjölmiðla vera lykilforsendu lýðræðislegrar umræðu á tímum eftirsannleika.

Ljósmyndir/Anton Brink

Þegar við erum ekki lengur sammála um staðreyndir

Erla Hlynsdóttir skrifar

Sameiginlegur skilningur á staðreyndum er ekki lengur sjálfgefinn. Í rannsóknarverkefninu RECLAIM, undir stjórn Maximilians Conrads, kemur skýrt fram að þessi þróun er orðin raunveruleg ógn við lýðræðislega umræðu. Hún setur jafnframt aukna ábyrgð á fjölmiðla.

Maximilian Conrad, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir að ein alvarlegasta birtingarmynd eftirsannleika (e. *post-truth*) sé að sameiginlegur staðreindagrundvöllur fyrir lýðræðislega umræðu veikist. Með eftirsannleika á Maximilian við þróun þar sem staðreyndir og fagleg þekking hafa sífellt minni áhrif á opinbera umræðu, á meðan tilfinningar, pólitísk markmið og fullyrðingar sem ekki byggja á staðreyndum fá aukið vægi.

Hann bendir á að lýðræðisleg umræða verði ómöguleg ef fólk byggir á ólíkum

„staðreyndum“ – annars vegar vísindalega studdum upplýsingum og hins vegar fullyrðingum sem eru settar fram sem sannar þrátt fyrir að vera tilbúnar, svokölluðu sannlíki (e. *alternative fact*).

Maximilian segir að þessi þróun hafi verið sýnileg í vestrænum lýðræðisríkjum í yfir áratug og meðal annars komið fram í uppgangi popúlískra stjórnmálahreyinga. „Það er ekki lengur þannig að það að halda sig við staðreyndir tryggi sigur í rökræðu,“ segir hann.

„Eftirsannleikur er, í vissum skilningi,

strategía eða tæki til að ná pólitískum markmiðum,“ segir Maximilian og bætir við að slík markmið beinist oft gegn frjálslyndu lýðræði og þeim réttindum og gildum sem því fylgja.

Hluti af alþjóðlegu mynstri

Eftirsannleikur og áhrif hans á lýðræðislega umræðu liggja til grundvallar rannsóknarverkefnisins RECLAIM (Reclaiming Liberal Democracy in the Postfactual Age), sem Maximilian stýrði. RECLAIM var þriggja ára evrópskt rannsóknarverk-

efni, styrkt af Horizon Europe, sem lauk í september. Verkefnið var sett á laggirnar til að rannsaka hvernig breytt upplýsingaumhverfi, rangar og villandi upplýsingar og skert traust hafa áhrif á stjórnmálamenningu og lýðræðislegar stofnanir í Evrópu. Verkefninu er formlega lokið en greining gagna og úrvinnsla niðurstaðna stendur enn yfir.

Samkvæmt Maximilian var verkefnið mótað út frá þeirri forsendu að ekki nægði að skoða einstaka þætti eina og sér. „Við vildum taka þetta kerfisbundið, brjóta fyrirbærið niður í nokkur meginatriði og skoða hvert þeirra fyrir sig, til að geta rannsakað samspil þeirra,“ segir hann. RECLAIM beindist því að fjölmiðlum og blaðamennsku, samfélagsmiðlum, borgaravitund og menntun, auk trausts, tortryggni og alþjóðlegra áhrifa, þar á meðal skipulagðrar upplýsingaóreiðu yfir landamæri.

Í því samhengi bendir Maximilian á að eftirsannleikur sé ekki aðeins bundinn við einstök ríki, heldur hluti af alþjóðlegu mynstri. Verkefnið hafi meðal annars skoðað hvernig rangfærslur og upplýsingaóreiða eru nýttar markvisst af erlendum ríkjum til að veikja lýðræðisleg samfélög. Slíkar aðgerðir séu í dag oft skilgreindar sem fjölþáttahernaður (e. *hybrid warfare*) og miði ekki endilega að því að sannfæra fólk um eina tiltekna frásögn, heldur að grafa undan trausti, skapa óvissu og veikja sameiginlegan skilning á veruleikanum.

Grefur undan lýðræðislegri umræðu

Eitt af því sem rannsóknir RECLAIM varpa ljósi á er hvernig eftirsannleikur er notaður til að grafa undan lýðræðislegri umræðu með því að hafna gagnrýninni umfjöllun. Maximilian hafnar því að nota hugtakið falsfréttir (e. *fake news*) sem greiningartæki. „Þetta hugtak er notað á svo ólíkan hátt að það hefur lítið greiningargildi,“ segir hann. Að hans mati hafi það í auknum mæli verið notað til að gera lítið úr fjölmiðlum. „Að stimpla fréttir fjölmiðla sem falsfréttir snýst ekki bara um að ráðast á blaðamenn heldur um að þurfa ekki lengur að svara gagnrýnum spurningum.“

Hér tengir Maximilian eftirsannleika beint við hlutverk fjölmiðla í lýðræðissam-



” Hann varar jafnframt við því að hefðbundnir fjölmiðlar reyni að laga sig að samfélagsmiðlum, þar sem hraði og athygli eru sett í forgang til að halda athygli almennings. Að hans mati hafi blaðamennska annað hlutverk en samfélagsmiðlar. Hún eigi að byggja á heimildum, þekkingu og samhengi, og gera flókin mál skiljanleg.

félagi. „Lýðræði krefst þess að pólitískir leiðtogar séu reiðubúnir að svara gagnrýnum spurningum og rökstyðja stefnu sína opinberlega.“ Þegar stjórnmálamenn hafni því alfarið að svara fjölmiðlum, eða velja aðeins miðla sem eru hugmyndafræðilega á sömu línu og þeir, sé ekki aðeins verið að sniðganga hefðbundin samskipti við fjölmiðla heldur að veikja einn af grundvallarþáttum lýðræðislegrar umræðu. Í slíkum tilvikum verði yfirlýsingar stjórnmálamanna á samfélagsmiðlum í reynd staðgengill fyrir gagnrýna umfjöllun, án þess að tækifæri gefist til að bera upp gagnrýnar spurningar eða setja hlutina í samhengi.

Árásir á fjölmiðla

Í þessu samhengi setur Maximilian fjölmiðla í samhengi við aðra lýðræðislega innviði. „Við sjáum árárásir á sjálfstæði dómssvaldsins, á gagnrýna fjölmiðla og á stofnanir sem halda uppi lýðræðinu,“ segir hann. Að hans mati er ekki um óskyld fyrirbæri að ræða heldur samhangandi mynstur, þar sem markvisst er ýtt undir tortryggni gagnvart faglegri þekkingu og sjálfstæðum stofnunum.

Rannsóknir RECLAIM sýna jafnframt að þessi þróun birtist með ólíkum hætti eftir löndum. Maximilian segir að í sumum samfélögum sé enn hátt traust til hefðbundinna fjölmiðla og opinber umræða byggja að miklu leyti á sama staðreyndagrundvelli, á meðan hún sé mun sundurleitari annars staðar. Hann nefnir að Norðurlöndin falli almennt í fyrrnefnda flokkinn þar sem traust til hefðbundinna miðla sé meira en víða annars staðar. Um leið varar hann við því að slíkt ástand sé ekki sjálfgefið eða varanlegt heldur háð pólitískum vilja og þeirri menningu sem mótar samskipti stjórnmála, fjölmiðla og almennings.

Einn hluti verkefnisins beindist sérstaklega að fjölmiðlum og trausti til blaðamennsku. Maximilian bendir á að sífellt meiri hraði í fréttatvöngum hafi haft áhrif á vinnuáðstæður blaðamanna. „Skortur á trausti gagnvart fjölmiðlum á sér oft rætur í mistökum sem verða vegna þessa hraða,“ segir hann. Slík mistök séu síðan nýtt í pólitískum tilgangi af þeim sem hafi hagsmuni af því að ala á tortryggni gagnvart fjölmiðlum og faglegri blaðamennsku.

Hann varar jafnframt við því að hefðbundnir fjölmiðlar reyni að laga sig að samfélagsmiðlum, þar sem hraði og athygli eru sett í forgang til að halda athygli almennings. Að hans mati hafi blaðamennska annað hlutverk en samfélagsmiðlar. Hún eigi að byggja á heimildum, þekkingu og samhengi, og gera flókin mál skiljanleg.

Fólk lifir í ólíkum veruleika

Maximilian segir jafnframt að rannsóknir RECLAIM hafi sýnt að fólk búi sífellt oftar í ólíkum upplýsingaumhverfum. „Við sjáum

► sjá bls. 25

Kortlagning gegn upplýsingaóreiðu

Erla Hlynsdóttir skrifar

Fræðimenn á Norðurlöndum vinna nú saman að því að greina hverjir vinna gegn rangfærslum og upplýsingaóreiðu og hvernig sú vinna fer fram á Íslandi og í nágrannalöndunum.

Upplýsingaóreiða, rangfærslur og skipulögð dreifing upplýsinga í pólitískum tilgangi hafa á undanförunum árum orðið vaxandi ógn við lýðræðislega umræðu á Norðurlöndum. Til að bregðast við þeirri þróun er nú hafið nýtt norrænt rannsóknarverkefni á Íslandi, NORDREN – The Nordic Disinformation Resilience Network. Verkefnið, sem er styrkt af NordForsk, miðar að því að kortleggja þá aðila sem vinna gegn þessum ógnum, greina starfshætti þeirra og meta hvaða aðferðir skila raunverulegum árangri. Samráðsfundur verkefnisins fór fram í september og markaði upphaf skipulegrar gagnaöflunar hér á landi.

Stöðumat á baráttunni

Að verkefninu standa fræðimenn frá öllum Norðurlöndunum. Á Íslandi er það unnið af Huldu, og Eiríki Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst. Hulda segir markmiðið ekki vera að fella dóma eða benda á sökudólg, heldur að taka stöðuna á því hvernig baráttan gegn upplýsingaóreiðu fer fram, hverjir koma þar að og hvernig samstarf, eða skortur á því, hefur áhrif á getu samfélaga til að bregðast við. Hún bendir jafnframt á að þótt rannsóknir á upplýsingaóreiðu hafi verið unnar áður, hafi ekki verið gerð samþæfleg samantekt á þeim aðilum sem vinna gegn slíkum ógnum á Norðurlöndum og hvernig sú vinna er skipulögð.

Sérhæfður starfsvettvangur í mótun

„Markmiðið okkar er að kortleggja þá aðila sem vinna gegn upplýsingaóreiðu og samsæriskenningum, hvaða aðferðir þeir nota og hvað þeir telja vera helstu ógnina“, segir Hulda. Þar er horft til ólíkra aðila, þar á meðal stjórnvalda, fjölmiðla, frjálsra félagasamtaka og einkaaðila. Jafnframt er skoðað hvort það sem rannsóknir benda til að virki samræmist því sem gert er í raun.



Hulda Þórisdóttir, prófessor í stjórnmálasálfræði við Háskóla Íslands, bendir á að upplýsingaóreiða snúist ekki endilega um að fá fólk til að trúá tilteknum rangfærslum heldur um að skapa slíka óvissu um hvað sé satt að fólk hætti að treysta upplýsingum yfirleitt. Afleiðingin geti orðið vantraust, sinnuleysi og brottþvarf fólks úr lýðræðislegri umræðu.

Ljósmyndir/Anton Brink

„Það getur verið algjört misræmi á milli þess sem fræðin segja og þess sem fólk er að gera.“

Eitt af því sem vakti sérstaka athygli Huldu í upphafi verkefnisins er að vinna gegn upplýsingaóreiðu hefur víða þróast í sérhæfðan starfsvettvang. „Það er fólk farið að hafa atvinnu af því að leiðrétta eða kenna öðrum hvernig eigi að takast á við upplýsingaóreiðu“, segir hún. Slík þróun kalli á gagnrýna skoðun á hlutverki þeirra aðila, stöðu þeirra í samfélaginu og þeim hagsmunum sem kunna að vera í spilu.

Veikburða innviðir á Íslandi

Íslenskt samhengi sker sig að mati rannsakenda úr að því leyti að innviðirnir eru veikburða og treysta að miklu leyti á samstarf við nágrannalöndin. „Það er alveg greinilegt að íslenskir aðilar reiða sig mjög mikið á systurstofnanir annars staðar á Norðurlöndunum og fljóta oft

með“, segir Hulda. Hún nefnir sérstaklega Noreg sem fyrirmynd þegar kemur að staðreyndatékki, þar sem fjölmiðlar hafa komið sér saman um sameiginlegt fyrirkomulag við sannprófun upplýsinga. „Enginn gerir þetta jafn vel og Norðmenn.“

Þessi staða skapar áskoranir fyrir íslenska fjölmiðla til að bregðast við upplýsingaóreiðu. Hulda bendir á að þótt oft sé kallað eftir auknu staðreyndatékki sé slík vinna flókin í framkvæmd, ekki síst í pólitískri umræðu. Hún varar jafnframt við því að allt sem er umdeilt sé flokkað sem upplýsingaóreiða. „Það er ekki allt upplýsingaóreiða. Stundum er þetta einfaldlega skoðanaágreiningur“, segir hún. Kústin felist í að greina þar á milli.

Dregur úr þátttöku í umræðunni

Kjarni vandans liggur þó dýpra. Hulda bendir á að upplýsingaóreiða snúist ekki endilega um að fá fólk til að trúá til-

„Það er ekki allt upp-
lýsingaóreiða. Stundum er
þetta einfaldlega skoðana-
ágreiningur,“ segir Hulda.
Kúnstin felist í að greina þar
á milli.

teknum rangfærslum heldur um að skapa
slíka óvissu um hvað sé satt að fólk hætti
að treysta upplýsingum yfirleitt. Afleið-
ingin geti orðið vantraust, sinnuleysi og
brothvarf fólks úr lýðræðislegri umræðu.

Gagnaöflun verkefnisins stendur nú
yfir með rýnihópum á öllum Norður-
löndunum, en næsta skref er að taka
einstaklingsviðtöl við aðila sem starfa á
þessu sviði. Að því loknu er stefnt að því
að vinna samantekt niðurstaðna og kynna
þær fyrir þátttakendum verkefnisins,
meðal annars á sameiginlegum fundi.
Samhliða verður unnið að skýrslu sem
ætlud er þeim sem starfa við baráttuna
gegn upplýsingaóreiðu, auk fræðilegra
greina. Þá er liður í verkefninu að halda
sumarnámskeið fyrir meistara- og dokt-
orsnema sem stunda rannsóknir á þessu
og tengdum sviðum. Hulda segir rann-
sóknarverkefnið hugsað sem fyrsta skref,
þar sem markmiðið sé að leggja grunn að
frekari rannsóknum og auknu samstarfi á
þessu sviði síðar meir.



Hulda Þórisdóttir, prófessor í stjórnmálasálfræði við Háskóla Íslands, er einn af rannsakendum NOR-DREN-verkefnisins, sem miðar að því að draga upp heildarmynd af baráttunni gegn upplýsingaóreiðu á Norðurlöndum.



Ef við erum ekki að deila sama staðreyndagrundvelli, þá verður mjög erfitt að ræða pólitísk ágreiningsmál á lýðræðislegan hátt, að sögn Maximilian.

► af bls. 23

að fólk lifir í mjög ólíkum veruleika,“ segir hann og bætir við að þetta eigi sérstak-
lega við um ungt fólk. Í viðtölum sem
tekin voru fyrir verkefnið hafi komið fram
að ungir einstaklingar sækja upplýsingar
í afar ólíka miðla og rásir, þar sem sömu
sjónarmið og frásagnir endurtaka sig. Við
slíkar aðstæður lokast umræðan og fólk
verður síður vart við gagnrýni eða andstæð
sjónarmið.

Hann bendir á að í slíkum bergmáls-
hellum mótist hugmyndir og gildi án þess
að mæta gagnrýnni umræðu eða andstæð-
um sjónarmiðum. Að hans mati hafi þetta
bein áhrif á lýðræðislega umræðu, þar sem
sameiginlegur skilningur á staðreyndum
veikist. „Ef við erum ekki lengur að deila
sama staðreyndagrundvelli, þá verður
mjög erfitt að ræða pólitísk ágreiningsmál
á lýðræðislegan hátt,“ segir hann.

Maximilian bendir jafnframt á að ör-
þróun gervigreindar bæti enn við þá óvissu
sem hann lýsir. „Þetta eykur það sem ég
kalla þekkingarlega óvissu, að vita einfald-
lega ekki lengur hvað er satt,“ segir hann.
Með hraðri þróun gervigreindar og sífellt
meira sannfærandi framleiðslu á texta,
myndum og hljóði verði erfiðara að greina
á milli staðreynda og efnis sem er framleitt
af gervigreind.

Hann segir að þessi þróun sýni hversu
varasamt sé að taka sameiginlegan skiln-
ing á veruleikanum sem sjálfsgaðan hlut.

„Sjálfstæðir fjölmiðlar eru
lykilatriði í hverju einasta lýð-
ræðissamfélagi, ef þú ert ekki
með sjálfstæða fjölmiðla, þá
er mjög erfitt að ímynda sér
hvernig lýðræði starfar.“

„Þetta eru hlutir sem margir töldu sjálf-
sagða, en þeir reynast mun viðkvæmari en
við höldum,“ segir hann.

Maximilian telur að viðbrögð við
eftirsannleika geti ekki eingöngu falist í
breytingum innan fjölmiðla. Hann segir
nauðsynlegt að grípa til aðgerða á sviði
opinberrar stefnumótunar, meðal annars
með því að efla borgaravitund og miðla-
læsi. Í því samhengi leggur hann áherslu
á að fræðsla snúist ekki aðeins um það
hvernig samfélagsmiðlar virka, heldur
einnig um það hvað fagleg blaðamennska
er, hvernig hún er unnin og hvers vegna
hún gegnir lykilhlutverki í lýðræðissam-
félagi.

Um þetta er hann afdráttarlaus. „Sjálf-
stæðir fjölmiðlar eru lykilatriði í hverju ein-
asta lýðræðissamfélagi,“ segir Maximilian.
„Ef þú ert ekki með sjálfstæða fjölmiðla, þá
er mjög erfitt að ímynda sér hvernig lýð-
ræði starfar.“

Aðild Íslands að Media Freedom Coalition

Erla Hlynisdóttir skrifar

Þátttaka Íslands í samstarfinu hefur fyrst og fremst falist í undirritun sameiginlegra yfirlýsinga þar sem fordæmdar eru árásir á blaðamenn og vakin athygli á ögnum við fjölmiðlafrelsi.

Ísland er meðal stofnríkja Media Freedom Coalition (MFC), alþjóðlegs samstarfs ríkja sem vinnur að því að verja fjölmiðlafrelsi og öryggi blaðamanna á heimsvísu. Þátttaka Íslands hefur falist í formlegri aðild og undirritun sameiginlegra yfirlýsinga.

Ísland er meðal þeirra ríkja sem undirrituðu yfirlýsingu MFC frá júlí 2023 þar sem árásin á rússneska blaðamanninn Eleni Milashina í Tsjetsjeníu var fordæmd. Þá skrifaði Ísland einnig undir yfirlýsingu frá 3. nóvember 2025 í tilefni alþjóðlegs dags gegn refsileysi fyrir glæpi gegn blaðamönnum, þar sem sérstaklega var fjallað um vaxandi ógnir sem blaðamenn standa frammi fyrir, meðal annars vegna gervigreindar og stafræns kynbundins ofbeldis gegn kvenkyns blaðamönnum.

MFC var stofnað árið 2019 á Global Conference for Media Freedom og telur í dag yfir 50 aðildarríki frá sex heimsálfum. Markmið bandalagsins er að bæta skilyrði fyrir frjálsa og sjálfstæða fjölmiðlun og auka öryggi blaðamanna, bæði innan aðildarríkja og á alþjóðavettvangi.

Aðild að MFC byggist á pólitískri skuldbindingu til að styðja fjölmiðlafrelsi og öryggi blaðamanna. Aðild krefst formlegrar umsóknar og mats á því hvort ríki uppfylli grundvallarviðmið um tjáningarfrelsi og réttarríki. Engar reglur kveða á um lágmarksfjárframlög, forystuhlutverk eða tilteknar árlegar aðgerðir til að halda aðild.

Starf Media Freedom Coalition felst meðal annars í útgáfu sameiginlegra yfirlýsinga og diplómátískum aðgerðum þar sem stjórnvöld eru hvött til að virða fjölmiðlafrelsi, stuðningi við lagabreytingar sem bæta stöðu blaðamanna og samstarfi við frjáls félagasamtök



Ísland er meðal stofnríkja Media Freedom Coalition (MFC), alþjóðlegs samstarfs ríkja sem vinnur að því að verja fjölmiðlafrelsi og öryggi blaðamanna á heimsvísu. Þátttaka Íslands hefur falist í formlegri aðild og undirritun sameiginlegra yfirlýsinga. Ísland er ekki á lista þeirra ríkja sem hafa lagt fjármuni í Global Media Defence Fund. Þá liggja engin dæmi fyrir um að Ísland hafi leitt sérstök verkefni eða haft samhæfingar- eða forystuhlutverk innan MFC.

Ljósmynd/Yuriy T/Stock

og réttindasamtök, lögfræðinga og alþjóðastofnanir á borð við UNESCO. Eitt helsta tæki MFC til að hrinda markmiðum sínum í framkvæmd er Global Media Defence Fund, sjálfstæður sjóður sem var settur á laggirnar með stuðningi aðildarríkja bandalagsins og er rekinn af UNESCO.

Ísland er ekki á lista þeirra ríkja sem hafa lagt fjármuni í Global Media Defence Fund. Þá liggja engin dæmi fyrir um að Ísland hafi leitt sérstök verkefni eða haft samhæfingar- eða forystuhlutverk innan MFC.

Send var fyrirspurn á utanríkisráðuneytið í því skyni að fá upplýsingar um hvert framlag Íslendinga sé til þess að bæta skilyrði fyrir frjálsa og sjálfstæða fjölmiðlun og auka öryggi blaðamanna á alþjóðavettvangi. Eftirfarandi svar barst frá ráðuneytinu:

„Ísland er eitt stofnríkja bandalags um fjölmiðlafrelsi – Media Freedom Coalition. Markmið bandalagsins er að beita sér fyrir öryggi fjölmiðlafólks og auknu fjölmiðlafrelsi. Ísland tekur reglulega undir yfirlýsingar bandalagsins, t.d. um handtökur fjölmiðlafólks. Slíkar sameiginlegar yfirlýsingar þjóna þeim tilgangi að vekja athygli á málum einstaklinga eða þrýsta á um umbætur hvað varðar fjölmiðlafrelsi. Ísland sækir reglulega samráðsfundi á vettvangi bandalagsins.

Í tengslum við stofnun Media Freedom Coalition var stofnaður sérstakur sjóður um stuðning við fjölmiðlafólk, Global Media Defence Fund, sem er hýstur hjá UNESCO. Ísland hefur um árabil veitt fjárframlög til sjóðs UNESCO um tjáningarfrelsi og

Ísland gegnir formennsku í Norræna blaðamannasambandinu í fyrsta skipti

Freyja Steingrimsdóttir skrifar

Ísland gegnir formennsku í Norræna blaðamannasambandinu (NJF) í fyrsta skipti frá stofnun sambandsins. Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður BÍ, gegnir embætti forseta sambandsins og Freyja Steingrimsdóttir, starfar sem framkvæmdastjóri þess næstu tvö ár. Ísland tók við formennsku af Norðmönnum á árlegum fundi forsætisnefndar sambandsins í Osló 19. September 2025.

Tilgangur Norræna blaðamannasambandsins er að vera samstarfsvettvangur blaðamanna á Norðurlöndunum, að skipuleggja sameiginlegar aðgerðir í þágu fjölmiðlafrelsis og blaðamanna á Norðurlöndunum, að styðja við aðgerðir sem einhver landssamtakanna telur nauðsynlegar, skipuleggja vinnuhópa til að fjalla um málefni tengd faginu og viðburði til að fjalla um sameiginleg hagsmunamál blaðamanna. Meðlimir eru danska, finnska, færeyska, íslenska, norska og sænska blaðamannafélagið. Blaðamannafélög á Balkanskaganum fá einnig áheyrn í forsætisnefnd sambandsins.

Ætla að nýta sameiginlegan slagkraft
„NJF er ómetanlegur samstarfsvettvangur sem gerir fulltrúum Norrænu félanna kleift að miðla reynslu, þekkingu



Sigríður Dögg Auðunsdóttir tekur við sem forseti og Freyja Steingrimsdóttir sem framkvæmdastjóri NJF af Dag Idar Tryggestad og Espen Brynsrud (lengst t.v.)
Ljósmynd: NJF

og tengslaneti auk þess að styðja við bakið hvert á öðru á jafningjagrundvelli enda erum við að glíma við margar sömu áskoranir í breyttu fjölmiðlaumhverfi,” segir Sigríður Dögg um formennskuna.

„Helsta markmið formennsku Íslands er að nýta sameiginlegan slagkraft blaðamanna á Norðurlöndum til að

standa vörð um fjölmiðlafrelsi og efla blaðamennsku á tímum mikilla sviptinga á fjölmiðlamarkaði og skautunar í lýðræðislegri umræðu sem hraðfara tæknibreytingar ýta undir”.

Næsti ársfundur sambandsins verður haldinn 2. - 4. september 2026 í Reykjavík.

► *öryggi fjölmiðlafólks (MDP). Meðal verkefna sjóðsins er ráðgjöf til ríkja varðandi lagasetningu um fjölmiðla, átaksverkefni um fjölmiðlalagið og stuðningur við fjölmiðlafólk á hættutímum. Ísland veitir einnig fjárframlög til alþjóðlegru áætlunarinnar um þróun fjölmiðlunar (IPDC) á vegum UNESCO sem miðar að því að efla fjölmiðlaum-*

hverfi og styrkja sjálfstæða fjölmiðlun í þróunarríkjum, ríkjum í umskiptum og á átakasvæðum. Þá er lögð áhersla á viðbrögð við vaxandi upplýsingaóreiðu til að koma í veg fyrir að hún grafi undan lýðræði og mannréttindum.

Lögð er áhersla á vernd lýðræðis, tjáningar- og fjölmiðlafrelsis í öllu mannréttindastarfi Íslands. Unnið er

að framgangi tjáningar- og fjölmiðlafrelsis í setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna og innan Evrópuráðsins, UNESCO og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu. Í nýlegri samantekt ráðuneytisins um áherslur Íslands í mannréttindamálum er kafla um lýðræði, tjáningar- og fjölmiðlafrelsi.“



Purfum að færa blaðamennsku ofar í virðiskeðjunni

Erla Hlynsdóttir skrifar

Gard Steiro, framkvæmdastjóri VG, segir gervigreind bæði ógna blaðamennsku og skapa ný tækifæri, allt eftir því hvort fjölmiðlar nýti hana með markvissum hætti til að efla traust, gæði og undirstrika samfélagslegt gildi blaðamennsku.



Gard Steiro, framkvæmdastjóri VG, segir framtíð blaðamennsku ekki ráðast af tækninni sjálfri heldur því hvernig fjölmiðlar bregðast við gervigreindinni.

Ljósmynd/Line Møller

Gard Steiro, framkvæmdastjóri norska fréttamiðilsins VG, svarar afdráttarlaust þegar hann er spurður hvort gervigreind ógni blaðamenskunni: „Já, blaðamennska er í hættu.“ Að hans mati stendur greinin nú frammi fyrir einni veigamestu kerfisbreytingu sem komið hefur til, breytingu sem snýr ekki aðeins að nýjum verkfærum, heldur að sjálfum grunni fjölmiðla: hvernig fréttir verða til, hvernig þær berast til almenninga og hvaða efnahagslegu forsendur liggja til grundvallar starfsemi.

„Þetta er ekki bara tæknibreyting,“ segir Steiro. „Þetta er grundvallarbreyting á því hvernig fólk finnur upplýsingar, hvernig það nálgast fréttir og hvernig fjölmiðlar tengjast lesendum sínum.“

Að hans mati er mikilvægt að horfast í augu við alvarleika stöðunnar, án þess þó að festast í svartsýni. Gervigreind feli í sér bæði mikla ógn en líka veruleg tækifæri, og lykilatriðið sé hvernig fjölmiðlar bregðist við.

Sjálfvirknivæðing eykst

Ein stærsta ógnin, að mati Steiro, snýr að dreifingu fréttar og sambandi fjölmiðla við almenning. Með tilkomu gervigreindar sé almenningur í auknum mæli farinn að nálgast upplýsingar með öðrum hætti en áður. „Við erum í stöðu þar sem fólk getur byrjað að nota gervigreindarfulltrúa í stað þess að fara inn á fréttamiðla,“ segir hann. Slíkir fulltrúar, eða „AI agents“, geti safnað, síað og sett fréttafni fram fyrir notendur án þess að þeir heimsæki sjálfa fjölmiðlana. Þetta hafi ekki aðeins áhrif á sýnileika fjölmiðla heldur líka á tekjugrunn þeirra. „Ef fólk hættir að koma beint til okkar, þá breytir það öllu; auglýsingum, áskriftum og því hvernig við réttlætum fjárfestingu í vandaðri blaðamenskun.“

Hin hlið ógnarinnar snýr að sjálfu handverki blaðamenskunnar. Steiro segir að stór hluti þeirrar vinnu sem fer fram í fréttastofum í dag sé í eðli sínu staðlaður flutningur upplýsinga. „Mikið af því sem við gerum í fréttastofum í dag er einfaldlega flutningur upplýsinga frá A til B,“ segir hann. Hann nefnir dæmi eins og fréttatilkynningar, íþróttasítlit og annars konar staðlað efni. „Við fáum upplýsingar, endurskrifum þær og birtum.“

” Ef við einblínum bara á ógnina þá munum við ekki sjá tækifærin.

Að hans mati muni slík blaðamennska annaðhvort hverfa eða verða sjálfvirk á næstu árum. „Og það er alls ekki víst að fjölmiðlar verði bestir í að gera það,“ bætir hann við og bendir á að tæknifyrirtæki gætu gert þetta hraðar og ódýrar.

Þrátt fyrir þessa greiningu telur Steiro ekki að blaðamennska sé dæmd til þess að deyja út. Þvert á móti geti gervigreind gert gildi hennar skýrara en áður ef fjölmiðlar bregðast rétt við. „Ef við einblínum bara á ógnina þá munum við ekki sjá tækifærin,“ segir hann. Að hans mati sé lykilatriði að fjölmiðlar bregðist hratt við, með tilraunastarfsemi og skýrri stefnu.

Stefna VG byggir á því að nýta gervigreind til að færa blaðamenskunni ofar í virðiskeðjunni. Með því að láta vélar taka yfir endurtekna, staðlaða og tímafreka vinnu skapist svigrúm fyrir blaðamenskunni sem hefur raunverulegt samfélagslegt gildi.

„Það sem við viljum gera er að færa blaðamenskunni upp virðiskeðjuna,“ segir Steiro. Í því felist meiri áhersla á frumheimildir, greiningu, rannsóknir og nærveru - blaðamenskunni sem byggir á mannlegum tengslum og trausti.

Endurreisn hins klassíska handverks

Steiro telur að sú blaðamennska sem lifir af verði sú sem gervigreind getur ekki leikið eftir, og nefnir í því sambandi dómgreind blaðamannsins, siðferðilegt mat og persónulega nálgun.

„Ég hef sagt að þetta geti orðið endurreisn hins klassíska blaðamannahandverks,“ segir hann. „Blaðamenn sem búa yfir einstökum heimildum, geta greint flókin mál og eru góðir pennar, þeir verða mikilvægari en nokkru sinni fyrr.“

Hann bendir einnig á að í framtíðinni muni fjölmiðlar þurfa blaðamenn sem geti verið sýnilegir og trúverðugir fulltrúar ritstjórna: „Fólk sem lesendur þekkja og treysta.“

Traust er rauður þráður í máli Steiro. Í umhverfi þar sem sífellt meira efni verður

sjálfvirkt, persónusniðið og með óljósan uppruna telur hann að almenningur muni í auknum mæli leita til þeirra miðla sem hann treystir. „Traust mun verða enn mikilvægara í framtíðinni en það er í dag,“ segir hann. „Ef við náum að sýna að við stundum mikilvæga, vandaða og samfélagslega nauðsynlega blaðamennsku, þá munum við áfram skipta máli.“

Myndanotkun og gagnaöryggi

Steiro leggur ríka áherslu á að gervigreind sé tæki en ekki staðgengill blaðamanna. „Gervigreind er ekki hér til að leysa þig af hólmi. Hún er hér til að vera aðstoðarmaður,“ segir hann og líkir áhrifunum við tilkomu snjallsímans eða fyrstu einkatölvunnar.

Hann bætir þó við mikilvægum fyrirvara: gervigreind sé einnig heimild og þurfi að meðhöndla hana sem slíka. „Þú verður að horfa á gervigreind eins og aðrar heimildir,“ segir hann. Hún geti gefið vísbendingar, samantektir og hjálpað til við greiningu, en ábyrgðin á sannprófun og endanlegu mati liggi alltaf hjá blaðamanninum. Það sé því grundvallarregla að blaðamaður komi alltaf að efninu. „Þú birtir ekki neitt nema manneskja hafi farið yfir efnið,“ segir hann.

VG hefur sett sér skýrar leiðbeiningar um notkun gervigreindar. Þar er lögð áhersla á gagnsæi gagnvart lesendum og að fólk yfirfari allt efni. Sérstaklega er farið varlega í notkun gervigreindar þegar kemur að myndefni. „Við erum mjög treg til að nota gervigreind í ljósmyndum,“ segir Steiro. „Það er einfaldlega vegna þess að við viljum vernda traustið sem fólk hefur á myndunum sem við birtum.“ Ef gervigreind er notuð þurfi það að vera skýrt merkt.

Gagnaöryggi er annað lykilatriði. Steiro undirstrikar að blaðamenn megi ekki deila innanhússgögnum, heimildum eða viðkvæmum upplýsingum með stórum mállíkönum nema full stjórn sé á notkun þeirra. „Það er raunveruleg hætta á að þú afhjúpir heimildamenn eða viðkvæmar upplýsingar ef þú veist ekki nákvæmlega hvað þú ert að gera,“ segir hann.

Steiro lýsir þremur megináherslum VG í notkun gervigreindar. Í fyrsta lagi að þróa betri verkfæri fyrir blaðamenn. „Mark-

miðið er að gera blaðamenn skilvirkari og betri í starfi sínu,“ segir hann. Í öðru lagi að nýta tæknina til að miðla efninu á nýjan hátt til notenda. Þar nefnir hann spjallmenni á vef, sjálfvirka umbreytingu texta í hljóð og ný stafræn snið. Í þriðja lagi að styrkja fréttaoöflun með því að vinna markvisst úr gagnasöfnum. „Það eru til gríðarleg gagnasöfn hjá stjórnvöldum, á fjármálamörkuðum og í íþróttum,“ segir Steiro. Verkefni sem áður voru tæknilega flókin og tímafrek séu nú mun aðgengilegri með hjálp gervigreindarinnar.

VG er í samstarfi við OpenAI, líkt og fleiri stórir miðlar á borð við The Guardian og Le Monde. Steiro segir eitt grundvallaratriði skipta þar mestu máli: viðurkenning á því að blaðamennska hafi fjárhagslegt gildi. „Þeir eru að greiða fyrir efnið okkar. Ekki mikið, en þeir eru að greiða,“ segir hann. „Og það skiptir máli, ekki vegna upphæðarinnar heldur vegna prinsippisins.“

Samstarfið veiti einnig innsýn í hvernig almenningur notar spjallmenni til að leita sér fréttu og hjálpi miðlinum að skilja breytingar á því hvernig fólk nálgast fréttir. Að auki vinni fjölmiðlarnir og OpenAI saman að þróun nýrra verkfæra fyrir blaðamenn.

VG festir sig þó ekki við eitt líkan. „Við

Schibsted-samsteypa

VG heyrir undir Schibsted, eina stærstu og áhrifamestu fjölmiðlasamsteypu Norðurlanda. Hún hefur lengi gegnt lykilhlutverki í þróun norrænnar blaðamennsku og rekur nokkra af stærstu fréttamiðlum í Noregi og Svíþjóð, þar á meðal VG, Aftenposten og E24 í Noregi og Aftonbladet og Svenska Dagbladet í Svíþjóð.

Árið 2024 var starfsemi Schibsted skipt í tvo aðskilda hluta; fjölmiðlastarfsemin er í eigu Tinius Trust og starfar áfram undir nafninu Schibsted, en rekstur stafrænna markaðstorga var settur undir annað félag.

Schibsted hefur unnið markvisst að þróun og innleiðingu gervigreindar í blaðamennsku. Samsteypa hefur gert samstarfssamning við OpenAI þar sem efni miðla hennar er gert aðgengilegt innan gervigreindarlausna með skýrum vísunum í upprunalegar heimildir.

erum að nota Claude, við erum að nota Gemini, við erum að nota OpenAI,“ segir Steiro. Allir blaðamenn hafi aðgang að fyrirtækjaútgáfu af ChatGPT í öruggu umhverfi.

Tvær gjörólíkar sviðsmyndir

Ráð Steiro til íslenskra blaðamanna eru skýr: Ef gervigreind er ekki komin inn í stefnu og starfsemi ritstjórna þurfi að bregðast við strax. „Ef þið eruð ekki að nota þessi verkfæri, þá er mjög líklegt að lesendur ykkar séu að nota þau,“ segir hann. Hann varar sérstaklega við því að blaðamenn noti gervigreind upp á eigin spýtur án sameiginlegrar stefnu og fræðslu innan ritstjórnar. „Það er áhætta,“ segir hann. „Þá lærir fólk ekki hvert af öðru og hættan á mistökum eykst.“

Hjá VG er fræðsla um gervigreind hluti af innleiðingunni. „Allir verða að nota þetta,“ segir Steiro. Hann hvetur blaðamenn til að byrja einfaldlega að prófa. „Það er engin handbók til,“ segir hann. „Best er að byrja á endurteknum verkefnum í daglegu starfi og sjá hvað gerist.“

Steiro segir erfitt, jafnvel ómögulegt, að spá nákvæmlega fyrir um framtíðina þegar kemur að áhrifum gervigreindar á blaðamennsku. Hann lýsir þó tveimur gjörólíkum sviðsmyndum.

Í þeirri dystópísku muni fólk hætta að heimsækja fréttamiðla, gervigreindarfulltrúar safni saman persónusniðnum fréttum og aðeins lítill hópur borgi fyrir hefðbundna blaðamennsku. „Margir miðlar fara á hausinn og mörg störf hverfa,“ segir hann.

Í öllu bjartsýnni sviðsmynd þá takist fjölmiðlum að nýta gervigreind til að styrkja það sem þeir gera best. „Það sem mun bjarga okkur er að við stundum vandaða blaðamennsku sem fólk treystir,“ segir Steiro. „En til þess verðum við að tileinka okkur gervigreind. Ef við höldum bara áfram að gera það sem við gerum í dag þá er ég viss um að sú dystópíska verði raunin.“ Þannig er það ekki gervigreindin sjálf sem skiptir sköpum að hans mati heldur hvernig fjölmiðlar bregðist við tilkomu hennar. Að mati Gard Steiro er valið enn til staðar. „Tíminn er hins vegar naumur.“

Sýknudómarnir veita rýmra svigrúm til persónulegra árása á blaðamenn

Minnisblað þetta er ritað samkvæmt beiðni Blaðamannafélags Íslands í tilefni af annars vegar dómi Landsréttar, hinn 31. maí 2024 í máli nr. 240/2023 og hins vegar dómi um sams konar efni, frá 26. júní 2025 í máli nr. 377/2025.

Í báðum dómum Landsréttar var Páll Vilhjálmsson („áfrýjandi“) sýknaður af kröfum blaðamanna, annars vegar Arnars Þórs Ingólfssonar og Þórðar Snæs Júlíussonar og hins vegar Aðalsteins Kjartanssonar („blaðamennirnir“) um ómerkingu tilgreindra ummæla og greiðslu miskabóta. Í báðum tilvikum höfðu kröfur blaðamanna verið teknar til greina af Héraðsdómi Reykjavíkur. Beiðni blaðamanna um leyfi til að áfrýja dómi Landsréttar til Hæstaréttar var hafnað í báðum tilvikum. Í minnisblaði þessu er, að beiðni Blaðamannafélags Íslands, lagt mat á fordæmisgildi dómanna og þýðingu þeirra fyrir starfsskilyrði blaðamanna á Íslandi.

Dómar Landsréttar í málum nr. 240/2023 og nr. 377/2024 hafa verulega þýðingu fyrir starfsumhverfi blaðamanna á Íslandi. Þeir marka skýrari línur en áður um jafnvægið milli tjáningarfrelsis skv. 73. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og verndar æru og friðhelgi einkalífs skv. 71. gr. sömu laga, einkum þegar blaðamenn eru sjálfir viðfangsefni opinberrar umræðu og ekki síst ef þeir hafa réttarstöðu sakbornings vegna atvika sem tengjast störfum þeirra, sem þó er sjaldgæft. Niðurstaða dómanna felur í sér að svigrúm til harðrar og óvæginna gagnrýni á störf blaðamanna, er rýmra við slíkar aðstæður en ella hefði verið talið, auk svigrúms til að viðhafa ummæli sem vart verða flokkuð sem gagnrýni heldur persónulegar árásir.



Niðurstaða dómanna felur í sér að svigrúm til harðrar og óvæginna gagnrýni á störf blaðamanna, er rýmra við slíkar aðstæður en ella hefði verið talið, auk svigrúms til að viðhafa ummæli sem vart verða flokkuð sem gagnrýni heldur persónulegar árásir.

Í báðum málunum var sama einstaklingi, Páli Vilhjálmssyni, stefnt af blaðamönnum vegna ummæla sem hann birti á bloggsíðu sinni og fólu í sér alvarlegar ásakanir um refsiverða háttsemi, þ.e. aðild að bylrun og þjófnaði í því skyni að afla efnis í fréttir. Landsréttur sneri við dómum héraðsdóms í báðum tilvikum og sýknaði áfrýjandann. Lykilforsendur réttarins voru samhljóða og byggðu á samspili þriggja þátta. Í fyrsta lagi var litið til þess að ummælin voru hluti af víðtækri og hvassri þjóðfélagsumræðu um mikilvæg samfélagsleg málefni. Í öðru lagi voru blaðamennirnir taldir vera opinberar persónur sem vegna starfa sinna yrðu að þola meiri harðari ummæli en almenningur.

Þriðja atriðið í báðum Landsréttardómunum, sem skipti umtalsverðu máli, var sú staðreynd að blaðamennirnir höfðu réttarstöðu sakborninga í sakamálarannsókn sem beindist að þeim atvikum sem ummælin lutu að. Í dómi nr. 240/2023 segir: „Þótt ummælin séu vissu-

lega beinskeytt og óvægin, verður að líta til þeirrar staðreyndar að stefndu höfðu stöðu sakborninga og sættu, þegar ummælin féllu, rannsókn lögreglu vegna mögulegrar aðildar, beinnar eða óbeinnar, að brotum á nefndum ákvæðum hegningarlaga.“ Með vísan til þessa komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að Páll Vilhjálmsson hefði mátt vera í góðri trú um að nægilegt tilefni væri fyrir hinum umþrættu ummælum. Sú staðreynd ein að lögreglurannsókn stóð yfir veitti ásökunum þannig nokkurs konar

staðreynðagrunn, nægilega traustan til að ummælin féllu undir vernd tjáningarfrelsis, fremur en að teljast tilhæfulausar aðdróttanir í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þýðingin fyrir starfsumhverfi blaðamanna er vafalaust sú að æruvernd blaðamanna reynist vera takmarkaðri en annarra þegar þeir verða sjálfir að viðfangsefni opinberrar umræðu og sakamálarannsóknar sem tengist starfi þeirra. Þeir verða að vera viðbúnir því að ásakanir, sem í öðru samhengi kynnu að vera dæmdar ómerkar, verði taldar rúmast innan tjáningarfrelsis annarra á þeim grundvelli að ummælahöfundur hafi mátt vera í góðri trú sökum yfirstandandi rannsóknar. Þetta skapar réttaróvissu og víkkar út mörk þess sem telst ásættanleg gagnrýni, enda er sú ályktun Landsréttar í meira lagi vafasöm að skrif Páls hafi falið í sér gagnrýni á vinnubrögð blaðamanna.

► sjá næstu síðu

Hvað sem líður niðurstöðu Landsréttar fólú skrif Páls í sér ásakanir um refsiverða háttsemi, sem ekkert eiga skylt við gagnrýni á störf blaðamanna.

Í dómaframkvæmd, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar í máli nr. 200/2013, hefur verið lögð rík áhersla á skyldu fjölmiðla til að sannreyna upplýsingar áður en þær eru birtar, sbr. einnig dóm Landsréttar í máli nr. 433/2019, þar sem Landsréttur áréttaði kröfu til blaðamanna um nákvæm og vönduð vinnubrögð. Dómar Landsréttar í nefndum málum fela í sér að þegar um er að ræða umfjöllun um opinberar persónur sem sæta sakamálarannsókn, kann krafa um nákvæm og vönduð vinnubrögð að vera vægari gagnvart þeim sem tjáir sig um málið, enda byggir rétturinn þá umfjöllun sína á þeirri staðreynd að rannsókn væri í gangi, en ekki hvað hún hafi leitt í ljós. Dómarnir í málum 240/2023 og 377/2024 ganga þannig skrefi lengra en fyrri dómar í ærumeiðingarmálum með því að staðfesta að réttarstaða sakbornings geti ein og sér talist nægilegur staðreyndagrunnur til að réttlæta mjög alvarlegar ásakanir af hálfu þriðja aðila. Til þessa hafa dómstólar ekki talið það eiga að hafa þýðingu, sbr. þá meginreglu 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Íslands um að sakaður maður teljist saklaus uns sekt er sönnuð fyrir dómi. Ekki verður séð hvernig sú niðurstaða sé í samræmi við nefnt stjórnarskrárákvæði að vítalaust sé að fullyrða að sakaður maður hafi framið bæði það lögbrot sem hann er sakaður um, sem og önnur lögbrot sem hann er ekki sakaður um, bara af því viðkomandi er sakborningur.

Í stuttu máli munu þessir dómar hafa þau áhrif að blaðamenn, sem sjálfir verða viðfang sakamálarannsóknar vegna starfa sinna, þurfa að gera ráð fyrir að starfsumhverfi þeirra verði harðara og þeir verði berskjaldaðri fyrir óvæginni og ásakandi umræðu. Vernd þeirra til æru og friðhelgi einkalífs kann þá að þurfa að víkja í ríkari mæli en áður fyrir tjáningarfrelsi annarra, enda séu ummæli sett fram í samhengi við þjóðfélagsumræðu og byggi á staðreynd rannsóknarinnar. Í því felst að réttur blaðamanna til friðhelgi einkalífs er minni en áður.



Ísland fær 8 stig samtals, sem setur landið í lægsta flokk mælingarinnar, svokallaðan bronsflokk sem nær til ríkja með 0-10 stig. IMFS-mælingin metur ekki stöðu fjölmiðlafrelsis innan ríkja heldur hvernig þau styðja við fjölmiðlafrelsi utan eigin landamæra.

Ljósmynd/Stockphoto

Veitum lítinn alþjóðlegan stuðning við fjölmiðlafrelsi

Ísland veitir takmarkaðan stuðning við fjölmiðlafrelsi utan eigin landamæra og er lægst allra Norðurlanda í nýrri mælingu.

Ísland er í 19. sæti af 30 ríkjum í nýrri mælingu sem metur hversu virkan stuðning ríki veita til fjölmiðlafrelsis á alþjóðavettvangi, IMFS (e. The Index on International Media Freedom Support). Ísland fær 8 stig samtals, sem setur landið í lægsta flokk mælingarinnar, svokallaðan bronsflokk sem nær til ríkja með 0-10 stig. IMFS-mælingin metur ekki stöðu fjölmiðlafrelsis innan ríkja heldur hvernig þau styðja við fjölmiðlafrelsi utan eigin landamæra.

IMFS-mælingin var sett á laggirnar í ljósi versnandi stöðu fjölmiðlafrelsis á heimsvísu. Í inngangi skýrslu um niðurstöðurnar er vísað til gagna frá Blaðamönnum án landamæra sem sýna að starfsskilyrði blaðamanna hafa ekki verið verri í yfir tvo áratugi. IMFS-mælingin er unnin af sjálfstæðu rannsóknarteymi við tvo breska háskóla; City St George's, University of London og University of East Anglia, og er ætlað að varpa ljósi á formlegan og skjalfestan stuðning ríkja við fjölmiðlafrelsi í alþjóðlegu samstarfi.

IMFS-mælingin byggir á þremur

meginflokkum. Diplómatískur stuðningur metur leiðtogahlutverk ríkja í sameiginlegum alþjóðlegum aðgerðum, aðild þeirra á alþjóðlegum samstarfsvettvangi og opinbera málsvörn í þágu fjölmiðlafrelsis. Í þessum flokki fær Ísland 2 stig: engin stig fyrir leiðtogahlutverk, eitt stig fyrir aðild og eitt stig fyrir opinbera málsvörn.

Fjárhagslegur stuðningur mælir framleg til fjölmiðlaþróunar, hvort ríki standi við skuldbindingar sínar og þátttöku þeirra í sameiginlegum fjölþjóðlegum sjóðum. Ísland fær 6 stig í þessum flokki og stig í öllum undirþáttum.

Þriðji flokkurinn, öryggi og vernd blaðamanna, mælir hvort ríki bjóði upp á formleg úrræði fyrir blaðamenn í hættu eða útlegð. Þar fær Ísland núll stig.

Samkvæmt IMFS-mælingunni eru Danmörk, Finnland og Ísland öll í bronsflokki en Ísland og Finnland deila 19. sætinu, neðst Norðurlanda. Noregur er í silfurflokki, en Svíþjóð er í 2. sæti listans og fellur þar með í gullflokk. Öll Norðurlöndin fá núll stig í öryggi og vernd blaðamanna.

Fjárhagsvandi íslenskra fjölmiðla ógnar fjölmiðlafrelsi

Freyja Steingrimsdóttir skrifar


Ísland er í 17. sæti á lista Reporters Without Borders (RSF) yfir fjölmiðlafrelsi og fer upp um eitt sæti milli ára. Hin Norðurlöndin eru öll á topp sex. Skýrsla samtakanna sýnir að staða íslenskra fjölmiðla er áfram brothætt og undir þrýstingi vegna smæðar markaðarins og veikrar fjárhagsstöðu margra miðla.

Ísland færðist upp um eitt sæti á lista RSF fyrir árið 2025 og er nú í 17. sæti af 180 ríkjum. Þetta er fyrsta hækkun Íslands frá árinu 2020. Þrátt fyrir það sýnir nýjasta úttekt RSF að staða fjölmiðlafrelsis hér á landi er veik miðað við hin Norðurlöndin, sem halda áfram að skipa efstu sætin. Noregur er efstur á listanum, Svíþjóð í 4. sæti, Finnland í því 5. og Danmörk í 6. sæti. Ísland er þar með neðst Norðurlandanna í nýjustu mælingu samtakanna.

Brothætt staða í litlu hagkerfi

Í skýrslu RSF er bent á að sjálfstæði íslenskra fjölmiðla verði fyrir þrýstingi vegna smæðar markaðarins og erfiðs rekstrarumhverfis. Fall Fréttablaðsins er nefnt sem skýrt dæmi um brothætta stöðu fjölmiðla í litlu hagkerfi, þar sem auglýsingatekjur eru takmarkaðar og stóru alþjóðlegu tæknifyrirtækin hafa tekið til sín stóran hluta markaðarins. Samtökin leggja áherslu á að efnahagslegur þrýstingur og fjárhagslegur óstöðugleiki séu meðal helstu þátta sem ógna ritstjórnarlegu sjálfstæði fjölmiðla.

RSF varar sérstaklega við áhrifum stórra atvinnugreina á fjölmiðlamarkaðinn, og nefnir íslenskan sjávarútveg sem dæmi um hagsmuni sem geti haft áhrif á eignarhald, starfsemi og efnistökin einstakra miðla. Þá séu blaðamenn á landsbyggðinni sérlega berskjaldaðir gagnvart bæði pólitískum og efnahagslegum



þrýstingi þar sem fjölmiðlamarkaðurinn sé enn minni og samkeppni skert.

Grafið undan upplýsingarétti

Einnig er bent á að gagnrýni stjórnmálamanna á störf blaðamanna hafi á köflum orðið hörð og jafnvel ómálefnaleg, sem geti skapað pólitískan þrýsting og grafið undan trausti almennings á fjölmiðlum. Slíkt sé sérstaklega varasamt í litlu samfélagi þar sem fjölmiðlar þurfi að vera í nánú sambandi við stjórnvöld og opinbera aðila.

Í skýrslunni er jafnframt fjallað um takmarkanir á aðgengi blaðamanna að upplýsingum. Vísað er til atvika árið 2023, meðal annars í tengslum við náttúruvá og rýmingu Grindavíkur vegna eldsumbrota, þar sem blaðamönnum var meinaður aðgangur eða þrengt að aðgangi að svæðum án skýrra raka. RSF telur slíkar takmarkanir grafa undan

upplýsingarétti almennings og þær vera alvarlegt frávík í landi sem hefur almennt sterka lagalega umgjörð þegar kemur að frelsi fjölmiðla.

Stuðningur stjórnvalda við einkarekna fjölmiðla er jákvæður að mati RSF en samtökin telja framkvæmdina ómarkvissa og vara við að ríkisstuðningur geti jafnvel aukið fákeppni ef stærri miðlar njóti hlutfallslega meira af opinberu fé.

RSF segir fjölmiðlafrelsi á heimsvísu aldrei hafa verið veikara frá því mælingar hófust fyrir 23 árum. Í því ljósi telja samtökin brýnt að Ísland tryggi fjölmiðlum fjárhagslegan stöðugleika og gagnsæi í rekstri til að styrkja sjálfstæði þeirra. Að öðrum kosti skapist jarðvegur fyrir þá sem vilja grafa undan upplýstri umræðu, ala á upplýsingaóreiðu og veikja lýðræðislegar stöðir samfélagsins.

Þetta dregur úr fjölmiðlafrelsi á Íslandi

- ❖ **Áhrif stórra atvinnugreina**, einkum sjávarútvegs, á eignarhald og efnistökin fjölmiðla.
- ❖ **Berskjaldaðar fréttastofur á landsbyggðinni**, gagnvart pólitískum og efnahagslegum þrýstingi.
- ❖ **Hörð gagnrýni stjórnmálamanna** á fjölmiðla sem getur grafið undan trausti og sjálfstæði.
- ❖ **Takmarkanir á aðgengi blaðamanna** að upplýsingum og vinnusvæðum, meðal annars í Grindavík 2023.
- ❖ **Ómarkviss ríkisstuðningur** sem RSF telur geta aukið fákeppni ef hann er rangt útfærður.

Alþjóðlegar ráðstefnur um blaðamennsku 2026

Framundan eru fjölbreyttir, alþjóðlegir viðburðir þar sem blaðamenn, ritstjórar og stjórnendur fjölmiðla koma saman til að ræða nýjar áskoranir, deila þekkingu og þróa framtíð blaðamennsku og fjölmiðla. Hér er stutt yfirlit yfir nokkrar áhugaverðar ráðstefnur og málþing á árinu 2026.

FEBRÚAR

5. febrúar

Who Makes the News? Nordic summit for gender equality in the news

Kaupmannahöfn, Danmörku

Við hverja er talað í fréttum? er viðfangsefni norrænnar ráðstefnu sem haldin verður í Kaupmannahöfn 5. febrúar næstkomandi. Þar verða kynntar alþjóðlegar og norrænar niðurstöður um jafnrétti kynjanna í fréttamiðlum. Þar kemur saman fólk úr fjölmiðlum, háskólum, stjórnmálum og frá ýmsum félagsamtökum og ræðir stöðuna, leiðir til að efla samstarf og deilir góðum starfsháttum. Ráðstefnan markar 30 ára afmæli Pekingáætlunarinnar og miðar að því að hvetja fjölmiðlageirann til að taka meiri ábyrgð á jafnri og fjölbreyttri framsetningu og stuðla þannig að lýðræðislegri fjölmiðlaumhverfi og auknu



tjáningarfrelsi.

Háskóli Íslands ásamt háskólum í Finnlandi, Grænlandi, Noregi og Danmörku, standa fyrir ráðstefnunni með stuðningi frá BÍ. **Valgerður Jóhannsdóttir**, dósent og umsjónarmaður náms í blaðamennsku við HÍ, er ein af skipuleggjendum ráðstefnunnar. **Erla Björg Gunnarsdóttir**, fyrrverandi ritstjóri fréttastofu

Sýnar, tekur þátt í pallborði.

Sjá nánar: <https://english.hi.is/conference/who-makes-news>

APRÍL

15. - 18. apríl

International Journalism Festival

Perugia, Ítalía

Stærsta, opna blaðamennskuhátíð Evrópu þar sem blaðamenn, ritstjórar og fræðimenn ræða framtíð blaðamennsku, fréttamiðlunar, rannsóknarblaðamennsku, stafræna þróun og hlutverk fjölmiðla í lýðræðisumræðu.

MAÍ

2. - 8. maí

World Congress of News Media

Berlín, Þýskalandi

Aðalráðstefna útgefenda og stjórnenda fjölmiðla um heim allan, þar sem fjallað er um rekstrarumhverfi fjölmiðla, tekjumódel, stefnu og stafræna umbreytingu í fréttamiðlum.

6. - 8. maí

IPI Media Innovation Festival

Vín, Austurríki

Nýsköpunarráðstefna Alþjóðlegu blaðamannarstofnunarinnar (IPI) þar sem frumkvöðlar, fjölmiðlafólk og þróunarteymi vinna að nýjum lausnum, tekjumódelum og stafrænum aðferðum til að styrkja frjálsa, sjálfbæra blaðamennsku.

28. - 31. maí

Dataharvest

Machelen, Belgíu

Evrópska rannsóknarblaðamennskuráðstefnan þar sem hundruð blaðamanna hittast til að deila aðferðum í gagnadrifinni blaðamennsku og rannsóknum þvert á landamæri, byggja upp tengslanet og þróa sameiginleg verkefni.

JÚNÍ

1.- 3. júní

77th World News Media Congress

Marseille, Frakklandi

Heimsping fyrir ritstjóra, útgefendur og eigendur fjölmiðla þar sem rætt er um stefnur, tækni - þar með talda gervigreind, viðskiptamódel, sem og helstu tækifæri og áhættur í alþjóðlegri fréttamiðlun.

23.- 24. júní

DW Global Media Forum

Bonn, Þýskalandi

Alþjóðleg ráðstefna þar sem fjölmiðlafólk, fræðimenn og stefnumótendur ræða fjölmiðlafrelsi, gervigreind og siðferði í fréttaplutningi, lýðræði og áskoranir stafræns upplýsingalandslags.

SEPTEMBER

24.-27. september

Breakwater Festival

Gdansk, Póllandi

Ný evrópsk blaðamennskuhátíð sem sam-einar blaðamenn frá Póllandi, Norðurlöndum og Mið- og Austur-Evrópu með áherslu á rannsóknarblaðamennsku, samstöðu, samvinnu þvert á landamæri og frelsi fjölmiðla.


NÓVEMBER

16.- 17. nóvember

International Conference on Journalism and Mass Communication

Reykjavík, Ísland

Alþjóðleg, akademísk ráðstefna þar sem fræðafólk og nemandi í fjölmiðla- og samskiptafræðum kynna rannsóknir á blaðamennsku og fjölmiðlum og ræða nýjustu þróun í fræðunum.



Endurmenntunarsjóður

Endurmenntunarsjóður Blaðamannafélags Íslands veitir sjóðfélögum styrki til að sækja námskeið og ráðstefnur. Greitt er allt að 75% námskeiðs- eða þátttökugjalds, að hámarki kr. 200.000. Til viðbótar eru greiddir styrkir vegna ferðakostnaðar þar sem greitt er allt að 75% af fargjaldi og gistikostnaði í tengslum við þátttöku í námskeiði eða ráðstefnu, að hámarki kr. 100.000 á 24 mánaða tímabili. Nánar á www.press.is/is/styrkir-og-sjodir/thetta-er-styrkt

Konfektkassi áhugafólks um fjölmiðla

Brynjólfur Þór Guðmundsson skrifar

Einhver stærsta fjölmiðlaraðstefna Evrópu er haldin ár hvert í Perugia á Ítalíu. Í fyrravor var mikil umræða um ógnir sem steðja að fjölmiðlum vegna stjórnlýndra valdamanna og ítaka tæknirisa en líka rætt um gildi fréttu og leiðir til að ná til almennings.

Fjölmiðlaraðstefnan International Journalism Festival verður haldin í 20. sinn í vor í miðaldaborginni Perugia á Ítalíu. Þar úir og grúir af hvers kyns fjölmiðlafólki alls staðar að úr heiminum eina langa helgi í apríl ár hvert. Enda er nóg í boði, um 200 málstofur voru haldnar á þremur dögum auk hliðaratburða á síðustu ráðstefnu.

Við Markús Þórhallsson fórum á ráðstefnuna í fyrravor. Við mælum heilshugar með því að fólk sem hefur áhuga á endurmenntun og umræðum um fjölmiðla og starfsumhverfi þeirra skelli sér.

Margt í boði

Ráðstefnan er tvískipt. Miðvikudagur og sunnudagur eru á ítölsku en málstofurnar sem haldnar eru á fimmtudegi, föstudegi og laugardegi eru á ensku. Ráðstefnan er haldin í gamla borgarhlutanum í skemmtilegri og falletgri borg í afskaplega glæsilegum og virðulegum salarkynnum. Stutt er á milli flestra fundarstaða en þó er einn þeirra, háskólinn, aðeins út úr. Aldrei er þó meira en nokkurra mínútna gangur á milli.

Aðalmálið er þó auðvitað efnislega umræðan sem þarna fer fram. Eins og ætla má af 200 málstofum og um það bil 500 fyrirlesurum er af nægu að taka. Það er óumflýjanlegt að fólk missi af einhverju. Það þarf þó ekki að koma að sök. Upp-tökur af öllum málstofum má nálgast á vef hátíðarinnar journalismfestival.com.

Fjölbreynin í fyrirrúmi

Ráðstefnan í fyrra tók að sumu leyti mið af því að Donald Trump var nýtekinn aftur við völdum í Bandaríkjunum og að forsvarsmenn sumra stærstu tæknifyrirtækja heims höfðu stillt sér upp við hlið hans. Margir fyrirlesarar lýstu áhyggjum af stjórnlýndi Trumps þegar kæmi að fjölmiðlum og andúð hans á gagnrýnum fréttuflutningi og ekki síður af valdi tækni-



Glæsilegur fundarstaður



Flestum málstofum er streymt beint og hægt að nálgast upptökurnar á vef hátíðarinnar.



Markús Þórhallsson og Brynjólfur Þór Guðmundsson fóru á ráðstefnuna í fyrra.

risa á upplýsingamiðlun. Þarna mátti heyra allt frá varnaðarorðum upp í allt að því dómsdagsspár.

Við fengum líka fróðleg erindi um leiðir sem hinir ýmsu fjölmiðlar hafa farið til að endurheimta lesendur/áhorfendur/áheyr- endur; heilræði og reynslusögur um hvernig starfrækja ætti eins manns fjölmiðil; innsýn í hvernig er að reka sjálfstæða ísraelska og palestínska fjölmiðla á tímum stríðsins á Gaza og margt fleira. Þar á meðal voru málstofur um gildi og siðferði í fjölmiðlun, fjármögnun, öryggi fjölmiðlafólks, tjáningarfrelsi, sjálfrit- skoðun, samstarf og leiðir til að rannsaka og segja fréttir.

Jú – og svo var skemmtileg málstofa í lokin um mistökin sem fólk hefur gert í starfi. Ekki í fréttáflutningi heldur í skipulagningu og upp- byggingu miðla og verkefna.

Ekki láta loka þig úti

Ókeypis er inn á allar málstofur. Stundum er aðsóknin meiri en plássíð og því gott að mæta tímanlega. Fólk hefur lent í því að vera vísað frá og á einni málstofunni í vor var enn verið að hleypa fólki inn í hollum þegar stundar- fjórðungur var liðinn af henni.

En það er reyndar oftast stutt í næsta fundarsal ef fólk kemst ekki að á einum stað.

Praktíska hliðin

Ekkert þátttökugjald er innheimt af ráð- stefnugestum. Hún er kostuð með fram- lögum frá fjársterkum aðilum og ferðamála- yfirvöldum.

Það þarf þó að koma sér á staðinn og finna sér gistingu. Ráðlegt er að bóka hótél með góðum fyrirvara því það getur orðið erf- itt að finna laust herbergi þegar nær dregur. Við bókuðum snemma árs og enduðum samt á Airbnb.

Hægt er að fljúga til Rómar (eða annarra ítalskra borga) og taka rútu af flugvellinum til Perugia. Fólk getur líka valið að dvelja eina eða fleiri nætur í Róm og tekið lestina þaðan.

Fullgildir félagar í Bláðamannafélagi Íslands geta sótt um endurgreiðslu vegna ferða- og gistikostnaðar í endurmenntunar- sjóð félagsins og eftir atvikum í fræðslusjóð RÚV.

International Journalism Festival
15. – 18. apríl 2026
Perugia á Ítalíu



❶ og ❷ Ráðstefnan fer fram í gamla borgarhlutanum í miðaldaborginni Perugia. ❸ Gott er að mæta snemma því það kemur fyrir að ekki er pláss fyrir alla. Margar málstofur eru mjög vinsælar og geta myndast bíðraðir. . ❹ Perugia er heillandi borg með sögulegum minjum og á köflum þröngum götum.

Heilræði Rakelar

- ❖ Rakel Sveinsdóttir, blaðamaður á Vísi, býr og starfar í Perugia. Hún þekkir því vel bæði til borgarinnar og ráðstefnunnar.
- ❖ Perugia er miðaldaborg og miðbærinn því efst upp á hæð. Velja vel staðsetningu gistingar því það getur reynt vel á rass og læri að þurfa að labba mikið upp á móti.
- ❖ Best er að komast upp í bæ með rúllustigum sem eru á nokkrum stöðum í borginni, við bíla- stæðin. Eða lyftu.
- ❖ Til að komast að rúllustigunum/lyftunum eða alla leið upp á Piazza Italia miðbæjartorgið er fínt að taka strætó. Strætómiðar eru ekki keyptir í strætó heldur tóbaksbúðum og/eða lestar- og rúttstöðum. Ókeypis app: Moodup.
- ❖ Leigubílar stöðva ekki þótt hendi sé veifað en bíða á Taxa-stæðum. Best er að panta leigubíl með ókeypis appi: itTaxi eða hringja í 00390755004888. Eftir miðnætti þarf að hringja.
- ❖ Perugia er rómuð fyrir flotta veitingastaði, góðan mat og mikinn metnað fyrir góðu víni. Veit- ingastaðir opna fyrir hádegismat þegar síestan byrjar. Hún er frá kl. 13–16 en ekki allar verslanir í miðbænum loka á þessum tíma. Veitingastaðir loka eftir síestuna en opna aftur fyrir kvöldmat kl. 19.30 eða 20 Almennt borðar fólk kvöldmat í kringum níuleytið en fær sér apperatif síðdegis, t.d. drykk og eitthvað með því.
- ❖ Einfaldasta og ódýrasta samgönguleiðin frá Rome Fiumicino flugvellinum er að taka flugrúturnar Flixbus eða Sulga. Fínt að nota RometoRio appið til að skoða ferðir og/eða tengjast síðunum þeirra.
- ❖ Annars að taka lest: Fluglest til Rome Termini og síðan lest þaðan til Perugia. Nota Omio appið til að kaupa miða.

Allsherjar yfirhalning á orlofshúsum blaðamanna í Brekkuskógi

Freyja Steingrímsdóttir skrifar

Umfangsmiklum endurbótum á orlofshúsum Blaðamannafélags Íslands í Brekkuskógi er nú lokið eftir framkvæmdir sem staðið hafa yfir í vetur. Opnað hefur verið fyrir bókanir frá og með 1. febrúar. Í hönnunar- og framkvæmdarferlinu var lögð áhersla á hagkvæmni, hlýlegt og endingargott yfirbragð og skýra tengingu við einkenni félagsins. Markmiðið var að bjóða félagsmönnum upp á glæsileg og vel búin orlofshús þar sem öll aðstaða er til fyrirmyndar.

Blaðamannafélagið á og rekur fjögur orlofshús á þremur stöðum á landinu - á Akureyri, í Stykkishólmi og í Brekkuskógi. Hús félagsins í Brekkuskógi, Stóra-Brekka og Litla-Brekka, voru orðin verulega lúin og höfðu því verið lítið nýtt undanfarin ár. Í ljósi þess var ákveðið að ráðast í gagngerar endurbætur, bæði að innan og utan, og hófust framkvæmdir haustið 2025.

Bæði húsin voru innréttuð á smekklegan og hlýlegan hátt, með þarfir ólíkra hópa félagsmanna að leiðarljósi. Litla-Brekka var stækkuð með viðbyggingu til að bæta við einu svefnherbergi með þremur svefnplássum og aðgengi að heitum pottum var bætt til muna. Heitu pottarnir voru endur-



nýjaðir og nýtt kerfi sett upp til að bæta virkni þeirra, einfalda notkun og flýta fyrir áfyllingu.

Smíðaðir voru nýir gaflar á bæði hús með stærri gluggum, því báðir gaflar voru metnir ónýtir, og einnig var bætt við glugga í borðkrók. Allar innréttingar og húsgögn voru endurnýjuð. Gólf voru einangruð, skipt um gólfefni og hitaveita lögð inn í húsin, meðal annars til að gera kleift að hafa gólfhita og draga úr rafmagnskostn-

” Í maí stendur einnig til að mála húsin að utan og snyrta aðkomu þeirra, þannig að heildarásýnd svæðisins verði í samræmi við þá miklu endurnýjun sem þegar hefur átt sér stað.

aði. Þá voru skólplagnir endurnýjaðar og einnig var skipt um þakjárn á Litlu-Brekku.

Baðherbergi beggja húsa voru endurnýjuð að fullu og hurðum bætt út á nýjan pall sem tengist stóra pallinum, svo unnt sé að ganga beint úr baðherbergi í heita potta og gólfi í stofu þannig hlíft við bleytu. Veggir milli herbergja voru einangraðir, veggir og loft máluð, rafkerfi endurnýjað með nýjum rafmagnstöflum og öll lýsing tekin í gegn. Jafnframt voru flóttaleiðir tryggðar í öllum svefnrymum í samræmi við öryggiskröfur. Þá var kyndikompa fjarlægð í báðum húsum og stofan stækkuð sem því nemur. Í Litlu-Brekku var geymsluskúrnum skipt

▶ sjá næstu opnu



í tvennt og í öðrum hlutanum gerð geymsla en þvottahús í hinum, en ekki var þvottavél áður í Litlu-Brekku.

Í Stóru-Brekku eru áfram nýu svefnpláss, fjögur í gestahúsi og fimm í aðalrými. Eftir viðbyggingu Litlu-Brekku eru þar nú sjö svefnpláss, þar af tvö tvíbreið rúm.

Í maí stendur einnig til að mála húsin að utan og snyrta aðkomu þeirra, þannig að heildarásýnd svæðisins verði í samræmi við þá miklu endurnýjun sem þegar hefur átt sér stað.

HELSTU ENDURBÆTUR

- ❖ Nýr gafli sunnanmegin í báðum húsum með stærri gluggum.
- ❖ Nýr gluggi í borðkrók.
- ❖ Kyndiklefi (og hitakútur) fjarlægður og stofa stækkuð.
- ❖ Breytt úr rafmagnskyndingu í hitaveitukyndingu.
- ❖ Gólfhiti lagður.
- ❖ Allt málað að innan (veggir, loft, gluggar).
- ❖ Gólf tekin upp og gerð músaheld og einangruð.
- ❖ Skóplagnir endurnýjaðar.
- ❖ Nýtt gólfefni.
- ❖ Nýtt rafmagn.
- ❖ Nýjar kojur.
- ❖ Ný eldhúsinnrétting og tæki.
- ❖ Veggir milli herbergja einangraðir.
- ❖ Útidyr settar í baðherbergi og pallur sem tengir baðherbergi við heitan pott.
- ❖ Nýr heitur pottur og rafdrifið pottastýrikerfi.
- ❖ Ný sturta sett upp á nýjum stað í baðherbergi.
- ❖ Ný tæki og innrétting á baði.
- ❖ Baðherbergi dúklagt.
- ❖ Flóttaleiðir úr svefnherbergjum bættar.
- ❖ Nýtt þak á Litlu-Brekku.
- ❖ Ný húsgögn.
- ❖ Ný lýsing.
- ❖ Byggt við Litlu-Brekku.
- ❖ Þvottahúsi komið upp í Litlu-Brekku.



LITLA-BREKKA





STÓRA-BREKKA





Berghildur Erla Bernharðsdóttir, Eva Björk Benediktsdóttir, Sunna Ósk Logadóttir, Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson og Freyr Gígja Gunnarsson verðlaunahafar Blaðamannaverðlauna 2024.

Ljósmyndir: Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Blaðamannaverðlaun ársins 2024

Freyr Gígja Gunnarsson blaðamaður ársins

Freyr Gígja Gunnarsson hlaut blaðamannaverðlaun ársins 2024, sem afhent voru í Sykursal í Grósku 12. mars 2025. Eva Björk Benediktsdóttir var verðlaunuð fyrir viðtal ársins, Sunna Ósk Logadóttir og Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins og Berghildur Erla Bernharðsdóttir fyrir umfjöllun ársins.

Hér má sjá rökstuðning dómnefndar fyrir valinu og einnig hver hlutu tilnefningar:

Blaðamannaverðlaun ársins

Freyr Gígja Gunnarsson, RÚV. Fyrir fréttaskýringar í Speglinum. Freyr hefur sýnt einstaka þrautseigju í að krefja stjórnvöld um svör í ýmsum stórum fréttamálum og ítrekað nýtt upplýsingarétt almenningi til að draga nýjar

upplýsingar fram í dagsljósið og setja þær í samhengi. Kjarnaðist þetta einna helst í umfjöllun Freys um samskipti ráðamanna í aðdraganda þess að brottflutningi Yazan Tamimi var slegið á frest, en málið var síðasti naglinn í líkkistu ríkisstjórnar Framsóknar, Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna.

EINNIG TILNEFND:

Auður Jónsdóttir, Heimildinni. Fyrir fjölbreytt viðtöl og umfjallanir; frjór menningarblaðamaður sem býður oft upp á óvænt og öðruvísi sjónarhorn og hefur fjallað mikið um tjáningarfrelsið.

Hólmfríður María Ragnhildardóttir, Morgunblaðið og mbl.is. Fyrir umfjöllun um skólakerfi í vanda. Vönduð og ítarleg fréttaröð þar sem þekking Hólmfríðar á efninu og sérhæfing skín í gegn.

Viðtal ársins 2024

Eva Björk Benediktsdóttir, RÚV. Fyrir viðtal við Hafðísi Báru Óskarsdóttur sem varð fyrir lífshættulegri líkamsárás af hendi barnsföður síns og fyrrverandi sambýlismanns. Viðmælandinn lýsir því hvernig lögregla brást henni í aðdraganda árásarinnar, en maðurinn hefur nú verið ákærður fyrir tilraun til manndráps og fleiri brot. Viðmælandi dregur ekkert undan svo úr verður sláandi frásögn, auk þess sem blaðamaður nýtir sjónvarpsmiðilinn á áhrifaríkan hátt.

EINNIG TILNEFND:

Erla Hlynsdóttir, Heimildinni. Fyrir viðtal við Agnesi M. Sigurðardóttur, fyrrverandi biskup Íslands.

Kolbeinn Tumi Daðason, fréttastofu

Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar. Fyrir viðtal við Davíð Viðarsson.

Rannsóknarblaðamenska ársins 2024

Sunna Ósk Logadóttir og Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson, Heimildinni. Fyrir fréttaskýringar um Running Tide. Áhrifamikil umfjöllun sem afhjúpaði skýjaborgir fyrirtækisins Running Tide sem seldi vanhugsaðar lausnir á loftslagsvandinum. Rætt var við fjölda vísindamanna sem gagnrýndu vinnubrögð fyrirtækisins og þá var fjölmargra gagna aflað við rannsóknina sem vörpuðu ljósi á hvernig bæði stjórnvöld og eftirlitsstofnanir brugðust hlutverki sínu varðandi starfsemi Running Tide. Fyrirtækið hætti starfsemi sinni bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum um það leyti sem umfjöllun Heimildarinnar birtist.

EINNIG TILNEFND:

Jóhann Bjarni Kolbeinsson og Árni Þór Theodórsson, RÚV. Fyrir umfjöllun um unga, fatlaða einstaklinga sem vistaðir eru á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða.

Urður Örlygsdóttir og Arnar Þórisson, RÚV. Fyrir umfjöllun um mansal á mat-söslustöðum Quang Le.

Umfjöllun ársins 2024

Berghildur Erla Bernharðsdóttir, fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar. Fyrir sjónvarpsþáttaröðina Vistheimilin. Rannsóknarvinna blaðamannsins skín í gegn í ítarlegum og vönduðum þáttum þar sem viðmælendur stíga fram og ræða þungbæra lífsreynslu, margir hverjir í fyrsta sinn. Fjölmargar aðrar heimildir eru dregnar fram og settar í samhengi. Umfjöllunarefni sem erfitt er að gera myndræn skil en það er leyst á bæði hugmyndaríkan og áhrifamikinn hátt.

EINNIG TILNEFND:

Guðrún Hulda Pálsdóttir, Bændablaðinu. Fyrir umfjöllun um einokun á íslenskum markaði með koltvísýring sem er nauðsynlegur í ylrækt.

Pétur Magnússon, RÚV. Fyrir útvarpsþáttaröðina Skaða þar sem mál Árna Tómasar Ragnarssonar lækis er skoðað frá öllum hliðum.



Freyr Gígja Gunnarsson, RÚV, hlaut blaðamannaverðlaun ársins 2024.



Eva Björk Benediktssdóttir, RÚV, hlaut verðlaun fyrir viðtal ársins 2024.



Sunna Ósk Logadóttir og Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson, Heimildinni, hlutu verðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins 2024.





Einstakir, handunnir kostagripir úr kopar

Verðlaunagripur Blaðamannaverðlaunanna og reyndar ljósmyndaverðlauna líka hefur verið afhentur í þau rúm 20 ár sem viðburðurinn hefur verið haldinn. Verðlaunagripirnir eru sérlega vandað handverk sem handverksmennirnir hjá Málmismiðjunni Hellu í Hafnarfirði hönnuðu fyrir félagið í samvinnu við Róbert Marshall, þáverandi formann Blaðamannafélagsins, og Brynhildi Ólafsdóttur blaðamañn og félagsmann til margra ára. Golli ljósmyndari fór í heimsókn til Grétars og félaga hjá Málmismiðjunni Hellu fyrir síðustu Blaðamannaverðlaun þegar verið var að steypa gripina.

Eins og sjá má á myndunum er hver gripur handunninn af mikilli kostgæfni. Hann er steypur í þrennu lagi: plattinn, áttavitinn og penninn. Útbúnar eru svokallaðar prentklisjur með nöfnum vinningshafa þegar þau hafa verið valin og gerð eru mót fyrir plattann. Svo tekur við bras með sand því öll þrjú stykkinn sem mynda hvern grip þarf að móta í sandinn. 1200 gráða heitum kopar er svo hellt í sandmótin og verðlaunagripirnir sandsteypfir. Aðferðin er eldgömul málmsteypuaðferð og sú sama og er notuð við að steypa klassískar pönnukökupönnur, nema þá er notað ál í mótin en ekki kopar.

Þegar koparstykkinn hafa verið steypfir í sand þá þarf að saga, slípa vandlega og setja saman. Áttavitinn er skrúfaður niður á plattann og penninn síðan soðinn á gripinn. Eftir það er hver gripur sandblásinn, hitaður í ofni og litaður svo hann líti sem best út.

Fyrir síðustu ljósmyndaverðlaun (Mynd ársins 2024) var einnig hannaður og framleiddur sérstakur gripur fyrir verðlaunin. Í stað pennans og áttavitans er ljósop, líkt og það sem er að finna í merki Bláðaljós-myndarafélags Íslands.



Golli og Eggert hlutu verðlaun fyrir myndir ársins 2024

MYND ÁRSINS 2024 [GOLLI]



Í UMSÖGN DÓMNEFNDAR UM MYND ÁRSINS SEGIR:

„Dómnefnd var einróma í vali á mynd ársins. Myndin grípur strax og er áhugaverð fyrir margra hluta sakir.

Myndin er hluti af myndröð um flóttafólk frá Palestínu og mótmæli vegna framgöngu yfirvalda í málefnum þeirra. Hún kjarnar á vissan hátt eitt stærsta mál samtímans, stöðu flóttafólks í veröldinni. Börn og fjölskyldur sem búa við stöðuga ógn leita skjóls, sem oft er erfitt að finna. Barnið á myndinni er á stað sem heita má öruggur, en leitar þó athvarfs og á vissan hátt er táknrænt að barnið virðist vaxið upp úr skjóli sínu.

Táknmynd sjálfstæðis, Jón Sigurðsson, vakir yfir og flugvélin gefur tengingu við umheiminn en minnir jafnframt á þá áframhaldandi ógn sem flóttafólk býr við, að geta átt von á því að vera sent úr landi. Myndin hefði verið sterk án flugvélarinnar en ljósmyndarinn var þolinmóður og smellti af á hárréttu augnabliki.

Marglaga, vel uppbyggð og afar falleg mynd að mati dómnefndar en um leið þrungin merkingu.“

Á ljósmyndasýningunni Myndir ársins 2024 voru sýndar 101 mynd frá 14 blaðaljósmyndurum sem valdar voru úr mörg hundruð innsendum myndum. Á sýningunni eru myndirnar í sex flokkum: fréttamyndir, daglegt líf, íþróttamyndir, portrettmyndir, umhverfismyndir, og myndaraðir.

Dómnefnd skipuðu Árni Torfason, Hrund Þórsdóttir, Una Sighvatsdóttir og Patrick Brown, tvöfaldur World Press Photo vinningshafi sem var formaður dómnefndar.

Blaðaljósmyndarafélag Íslands var stofnað árið 1976 og starfar innan Blaðamannafélags Íslands.

Hægt er að nálgast bók með öllum myndum sýningarinnar í safnbúð Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

FRÉTTALJÓSMYND ÁRSINS 2024 [EGGERT]



Í UMSÖGN DÓMNEFNDAR UM FRÉTTALJÓSMYND ÁRSINS SEGIR:

„Fréttamynd ársins fangar augnablik sem breytti sögunni, tímupunkturinn þegar þjóðin áttaði sig endanlega á alvarleika stöðunnar í Grindavík. Mannslíf hafði tapast, skilningur okkar á aðstæðum breyst, vendipunkturinn var náð.

Myndin fangar núturleikann vel og gefur góða tilfinningu fyrir umfangi björgunaraðgerða og hversu erfiðar þær voru. Aðstæður á vettvangi voru afar krefjandi fyrir björgunarfólk og vafalaust einnig fyrir ljósmyndara að störfum. Um hættusvæði var að ræða, aðgangur takmarkaður, veður slæmt.

Ljósmyndari staðsetur sig fullkomlega; sýnir okkur atburðinn vel og minnir á að sprungan er ekki staðsett á víðavangi heldur alveg við hús, hús sem stendur að því er virðist á engu. Aðstæður hamlar ekki ljósmyndaranum við störf sín heldur nýtir hann þær sér í hag og bleytan á linsunni bætir dýpt í myndina, endurspeglar aðstæður með áþreifanlegum hætti.

Myndefnið er vel rammað inn og þótt segja megji að ró sé yfir, má skynja þungann undir. Yfir vettvangi hanga síðan rauð flögg, sem er einstaklega táknrænt.“

Myndirnar sem urðu aldrei til

Kjartan Þorbjörnsson (Golli), formaður Blaðaljósmyndarafélags Íslands, skrifar

Við opnun sýningarinnar Myndir ársins 2024 á Ljósmyndasafni Reykjavíkur gagnrýndi ég lögreglufyrirvöld á Reykjanesi harðlega. Ástæðan var sú að af öllum þeim hundruðum mynda sem blaðaljósmyndarar Íslands höfðu valið sem sín bestu verk og sent inn til keppni var ekki ein stök mynd af stærsta fréttaviðburði ársins, rýmingu Grindavíkur.

Lögreglustjóri svæðisins hafði tekið upp á því að halda öllum blaðamönnum frá bænum þá daga sem hundruðum íbúa var leyft að fara um svæðið til að rýma heimili sín. Rök lögreglustjórans voru þau að búið væri að mynda nóg, það þyrfti að verja íbúana gegn fjölmiðlum. Þessi fátíðni ákvörðun lögreglustjórans hafði ekkert með öryggi fréttamanna að gera enda var fjöldi fólks eftirlitslaust í bænum klukkutímum saman í nokkra daga samfleytt á sama tíma. Mótumælum fréttamanna var engu sinnt ef undan er skilin stutt skipulögð hópferð þar sem fréttamönnum var smalað í kálf sem keyrði undir stjórn sersveitarmanns inn í Grindavík en þó eingöngu á svæði þar sem enginn var fyrir og ekkert líf var að sjá. Þannig rann þessi rísa atburður í sögu landsins algerlega fram hjá annars vakandi augum íslenskra

blaðaljósmyndara. Þessar myndir eru ekki til og verða aldrei til.

Nú eru rúm tvö ár liðin frá því að Grindavík var fyrst rýmd í stóru skjálftahrinunni þegar vísindamenn tilkynntu myndun stórs kvikuhólfs undir bænum. Atburðarásin sem á eftir hefur fylgt er uppfyll af stórum atburðum, miklum tilfinningum, erfiðri ákvörðunartöku en allt virðist vera gert til að bjarga því sem bjargað verður og reyna að koma lífinu í eins eðlilegt horf og hægt er. Nú þegar mesta rykið hefur sest, óvissa hefur minnkað og vísindamenn og bæjarbúar hafa áttað sig á umbrotamynstri sem enn sér þó ekki fyrir endann á væri fróðlegt að heyra í Grindavíkingum sjálfum; finnst þeim kannski að til séu of margar myndir af því sem gengið hefur á síðastliðin tvö ár? Getur verið að þegar litið verður til baka sakni þeir þess að þessi stærsti atburður í sögu bæjarins hafi ekki verið skrásettur í myndum?

Það þurfa ekki að líða mörg ár til að fenni yfir minningar, þess vegna þarf myndir. Þó lögreglustjórinn á Suðurnesjum hafi talið sér trú um að hann væri að vernda bæjarbúa með að halda blaðaljósmyndurum frá Grindavík fullyrði ég að með hverju ári sem líður frá þessum atburði

muni fólk átta sig á því hversu arfavitlaus ákvörðun þetta var, þessar myndir átti alltaf að taka. Að halda blaðaljósmyndurum frá vettvangi vegna þess að fólk sé að upplifa erfiðar aðstæður má aldrei vera ákvörðunarvald sem nokkurt yfirvald á að hafa í frjálsu samfélagi. Það þarf að skrásetja söguna í myndum, líka erfiðu stundirnar. Tíminn leiðir svo í ljós hversu verðmætt í sögunni og samfélaginu þær myndir verða en þær þurfa að vera til.

Þó nú séu eingöngu tvö ár frá því eldsprunga opnaðist innan varnargarða Grindavíkur og hraunið gleypti efstu húsin í bænum, sem var hræðilegur atburður á alla vegu, er Grindavík sjálf farin að nýta sér myndefni af brennandi einbýlishúsum til að laða ferðamenn til bæjarins. Þannig hefur Grindavíkurbær sjálfur gert hörmungar íbúa sinna að söluvöru fyrir ferðamenn á visitgrindavik.is. Tilfinningar fólks gagnvart slíkum áföllum breytast jú þegar frá líður, einnig tilfinningar gagnvart erfiðu myndefni. Þess vegna þarf alltaf að mynda, líka hörmungar, fréttæmt myndefni af einstökum atburðum verður aldrei búið til eftir á. Við getum ekki leyft yfirvaldi að halda fyrir augu okkar.

Þessi voru líka tilnefnd (sum fyrir fleiri myndir):

SERÍUR



GOLLI/KJARTAN ÞORBJÖRNSSON Lilja Karen varð ólétt eftir glasafrjóvgun þegar hún bjó á tjaldsvæðinu í Laugardalnum og á dögnum fagnaði dóttir hennar árs afmæli.

SERÍUR



GOLLI/KJARTAN ÞORBJÖRNSSON Grindavík missti vonina 2024. Brátt fyrir gríðarlega jarðskjálfta, skemmdir og rýmingu bæjarins haustið 2023 héldu margir íbúar í vonina um að flytja aftur heim sem fyrst. Það breyttist hjá flestum þegar gjósa fór í útjaðri bæjarins. Íbúar seldu eignir sínar til ríkisins í stórum stíl og reyndu að koma sér fyrir annars staðar.

PORTRETT



GOLLI/KJARTAN ÞORBJÖRNSSON Undanfarin ár hefur Árni Tómas skrifað út morfinlyf fyrir tugi manns með fíknisjúkdóm. „Fíklana mína,“ kallar hann þá, einstaklingana sem leita til hans og hafa fengið uppáskrifað morfín sem þeir sækja á hverjum degi í apótekið, einn dagskammt í einu. Þegar landlæknir svipti Árna Tómas starfsleyfi til að skrifa út verkjalyf, kvíðalyf og svefnlyf var hann sannarlega ósáttur, kallaði það „bölvaða vitleysu“ en lét engan bilbug á sér finna og hélt áfram að sinna öðrum sjúklingum sínum, aðallega gigtarsjúklingum.



ANTON BRINK Krístrún Frostadóttir, formaður Samfylkingarinnar, heldur sigurræðu fyrir stuðningsfólk sitt á kosningavöku flokksins.



VILHELM GUNNARSSON Halla Tómasdóttir, fjölskylda og stuðningsmenn bíða spennt þegar kosningatölur voru kynntar í sjónvarpinu í kosningapartí í Grósku.



EGGERT JÓHANNESSON Strandveiðifélag Íslands mótmælir fyrir utan Alþingishúsið.



EYÞÓR ÁRNASON Volodymyr Zelenskyy, forseti Úkraínu, yfirgefur fund Norðurlandaráðs sem haldinn var í Reykjavík 28.- 31. október 2024. Zelenskyy þakkaði þar fyrir stuðning norrænu þjóðanna og lýsti mikilvægi hans fyrir úkraínsku þjóðina. Birgir Ármannsson, forseti Alþingis, leggur vinalega hönd á bak Zelenskyy og þakkar honum fyrir komuna til Íslands.



EYÞÓR ÁRNASON Bergur Nordal listmálari.



EGGERT JÓHANNESSEN Maó Alheimsdóttir.



ANTON BRINK Tíunda eldgosið á Sundhnúksgígaröðinni hófst 20. nóvember 2024. Hraun flæðir yfir Grindavíkurveg.



GOLLI/KJARTAN ÞORBJÖRNSSON Eldgos á Sundhnúksgígaröðinni séð frá Reykjavík.



SIGURÐUR ÓLAFUR SIGURÐSSON Fimmtíu tonna grafan virðist agnarsmá á varnargarði ofan Grindavíkur miðað við ógnarstærð gosmökksins í bakgrunni.



GOLLI/KJARTAN ÞORBJÖRNSSON Mótmælandi öskraði á dómsmálaráðherra við umræður um ný útlendingalög á Alþingi og gerir sig líklegan til að stökkva af þöllum niður í þingsalinn. Þingverðir og þingmenn náðu að draga hann til baka og út úr húsi.



KRISTINN MAGNÚSSON Lögregla beitir táragasi á mótmælendur er þeir hamla ráðherrum að yfirgefa svæðið eftir fund sinn.



ÁRNI SÆBERG Fjölskylduhjálpi Íslands, matargjafir.



ANTON BRINK Frá keppni í bekkpressu á Reykjavíkurlaikunum.



HULDA MARGRÉT ÓLADÓTTIR Þann 14. maí 2024 mættust Grindavík og Keflavík í oddaleik undanúrslita Subway-deildar karla í körfubolta. Leikurinn fór fram í Smáranum í Kópavogi, þar sem Grindavík tryggði sér sigur með stórkostlegum 49 stiga mun, 74-25, og kom sér þannig í úrslitin. Grindavík spilaði frábæran leik og var mun sterkara liðið í öllum þremur leikhlutum. Með þessum sigri tryggðu Grindvíkingar sér sæti í úrslitum, þar sem þeir mættu Val í lokakeppninni um Íslandsmeistaratítulinn.



VILHELM GUNNARSSON Ísland-Serbía á EM karla í München, hér er Gísli Þorgeir Kristjánsson í baráttu í þessum jafntefilsleik.




JÓNÍNA GUÐBJÖRG GUÐBJARTSDÓTTIR Elísa Viðarsdóttir leikmaður Vals gefur barni sínu brjóst eftir að hafa unnið Mjólkurbikarinn. Fanndís Friðriksdóttir liðsfélagi hennar heldur á bikarnum og dóttir Elísu fylgist grannt með.



RAGNHILDUR AÐALSTEINSDÓTTIR Jonathan, Gísli og Björk Ýr leika við heimalninga í Teigaseli á Jökuldal.



JAKOB VEGERFORS Þornaður árfarvegur, enn með rennandi vatn í óþekkta átt. Brotafræðileg mynstur á brúnum árfarvegarins skapa afar áhugaverða áferð.



VILHELM GUNNARSSON Kajakræðarar á lóninu við Hoffellsjökul þræða sér leið milli ísjakanna á lóninu.



„Barnamálaráðherra átti barn með unglingspilti“

Pálmi Jónasson, formaður Siðanefndar BÍ, skrifar:

Siðanefnd hefur úrskurðað í 10 kærumálum á árinu sem er að líða. Í sex tilfellum var máli vísað frá og í þremur þeirra var kærandi sá sami. Tvisvar var úrskurðað að umfjöllun

væri ekki brot gegn siðareglum en tvívegis að umfjöllun fæli í sér brot á siðareglum. Annars vegar í máli Ásthildar Lóu Þórsdóttur fyrrverandi mennta- og barnamála-

ráðherra gegn RÚV. Hins vegar vegna fréttar á Nútíminn.is undir fyrirsögninni „Dæmdur íslenskur barnaníðingur sleppur við fangelsi en fær að gangast undir trans ferli“.



SAGÐI FYRRVERANDI EIGINKONU MEÐ ALZHEIMER

Í máli nr. 6/20244-2025 kærði kona ummæli sem höfð voru eftir fyrrverandi eiginmanni hennar í Heimildinni. Þar fullyrti hann að konan væri með Alzheimer og versnaði stöðugt.

Viðtalið var hluti af umfjöllun um íbúa sem bjuggu í hjólhýsum við Sævarhöfða. Taldi konan að brotið hefði verið gegn 1., 2. og 6. grein siðareglna. Konan var ekki nafngreind og blaðamaður ekki ábyrgur fyrir ummælum viðmælenda.

Eftir að athugasemd barst voru ummælin fjarlægð og beðist afsökunar. Niðurstaða Siðanefndar var því að Heimildin hafi ekki brotið gegn siðareglum í málinu.

DÆMDUR BARNANÍÐINGUR OG TRANS FERLI

Í máli nr. 2/2023-2024 var kærð umfjöllun Nútímans undir fyrirsögninni „Dæmdur íslenskur barnaníðingur sleppur við fangelsi en fær að gangast undir trans ferli“. Kærandi taldi brotið gegn 2., 3., 6., 7. og 12. grein siðareglna BÍ.

Nýjar siðareglur BÍ voru samþykktar á aðalfundi félagsins í mars 2023. Í eldri reglum var ákvæði um tillitssemi í viðkvæmum málum og því ítrekað úrskurðað að brotið væri gegn siðareglum með heimildarlausum nafn- og myndbirtingum. Sú grein var felld brott í nýjum siðareglum.

Niðurstaða Siðanefndar var að ekki hefði verið um brot að ræða. Hins vegar taldi nefndin að brotið hefði verið gegn 3. grein siðareglna BÍ með því að bregðast ekki við eða svara kröfu um leiðréttingu.

KÆRUM SÖMU KONUNNAR VÍSAÐ FRÁ Í ÞRÍANG

Í málum 8/2024-2025, 9/2024-2025 og 5/2025-2026 var sama konan kærandi í öllum málunum. Nútíminn, Heimildin og DV.is fjölluðu öll um mál konunnar og ásakanir um að hún væri að hrella marga einstaklinga.

Kæurnar uppfylltu augljóslega ekki málsmeðferðarreglur Siðanefndar og var konunni gefinn kostur á að lagfæra það. Konan brást ekki við því boði. Í öllum tilvikum var því málum hennar vísað frá Siðanefnd BÍ.



Pálmi Jónasson, formaður Siðanefndar BÍ, kynningu skýrslu Siðanefndar á aðalfundi BÍ 2025.

FRÁVÍSANIR AF ÝMSUM ORSÖKUM

Málum 1., 2. og 3/2025-2026 var öllum vísað frá.

Fyrsta málið varðaði umfjöllun á RÚV um framferði Ísraelshers á Gasa svæðinu en kærandi var hvorki til umfjöllunar né hafði bein tengsl við umfjöllunarefni.

Í öðru málinu var kvartað yfir synjun á birtingu og ítrekuðum afturköllunum á skoðanagreinum kæranda á visir.is. Siðanefnd taldi kærana fyrir utan valdsvið sitt og það væri ekki hlutverk nefndarinnar að endurskoða ritstjórnarlegt mat á birtingu aðsendra greina.

Þriðja málið varðaði kærnu Jóns Óttars Ólafssonar á umfjöllun Kveiks um persónunújsnir um fjölda fólks árið 2012. Kæran uppfyllti augljóslega ekki málsmeðferðarreglur Siðanefndar og var því vísað frá.

BARNAMÁLARÁÐHERRA SAGÐI AF SÉR OG KÆRÐI UMFJÖLLUN RÚV

Í máli nr. 4/2025-2026 kærði Ásthildur Lóa Þórsdóttir fyrrverandi

► sjá bls. 56



Lovísa Arnardóttir, varaformaður Bí og fréttamaður á fréttastofu Sýnar, og Aðalsteinn Kjartansson, varamaður í stjórn Bí og blaðamaður á Heimildinni, á málþingi Hagstofunnar um gagnavistkerfið.

Hlutverk og áskoranir blaðamanna í gagnavistkerfinu

Opinber gagnasöfn burðarás í staðreyndavöktun

Aðalsteinn Kjartansson, aðstoðarritstjóri Heimildarinnar og Lovísa Arnardóttir, blaðamaður á Sýn, skrifa

Hlutverk blaðamanna sem notenda og miðlara opinberra gagna hefur aldrei skipt meira máli. Gagnakerfi opinberra aðila, á borð við Hagstofuna, mynda stöðir þeirra „sameiginlegu staðreynda“ sem heilbrigð opinber umræða og upplýstar ákvarðanir byggja á. Á sama tíma hefur upplýsingavistkerfi heimsins veikt. Sameiginlegur skilningur okkar er minni, túlkun á upplýsingum sundurleitandi og rangfærslur dreifast hraðar og átök eru oftast tilfinningadrifin frekar en að byggja á gögnum. Blaðamenn treysta fyrst og fremst á opinber og óumdeild gögn til að staðfesta samhengi, rýna fullyrðingar og

leiðrétt rangfærslur. Staðreyndavöktun, eða fact checking, verður sífellt stærra verkefni ritstjórna á Íslandi og opinber gagnasöfn eru þar burðarás.

Lykilnotendur gagna en líka þýðendur
Blaðamenn eru þannig meðal stærstu og virkustu notenda opinberra gagna þó að það hlutverk sé sjaldan formgert í stefnumörkun opinberra gagnakerfa. Verk blaðamanna er að gera tölur að frásögn, mynstur að samhengi og flækjustig að skilningi. Þeir mynda brú milli sérfræðinga og almennings, sem sjaldan sækir hrá gögn beint í opinber kerfi og hafa ekki

endilega tækifæri eða þekkingu til þess. Í þessu ferli felst bæði túlkun og miðlun: að útskýra hvað gögn sýna og ekki síður hvað þau geta ekki sagt okkur.

Gögn Hagstofunnar eru dæmi um gagnasöfn sem geta verið grundvöllur að fréttaflutningi, sem veitir bæði samhengi og mikilvægar upplýsingar fyrir almenn- ing. Gögnin eru almennt aðgengileg og miðlað með stöðluðum gagnalýsingum, sem dregur úr misskilningi. En víðar í opinbera umhverfinu er staðan misgóð. Skönnuð PDF-skjöl og þunglamelegar Power BI-tölur eru enn allt of algengar

► sjá næstu síðu

hindranir sem hægja á fréttavinnu, draga úr greiningarmætti ritstjórna og ýta undir rangtúlkana.

Mismunandi hlutverk

Ekki síst vegna þess að traust er sameiginleg auðlind, bæði fyrir opinbera aðila og fjölmiðla, er mikilvægt að mörkin séu skýr. Hagstofan, sem dæmi, á ekki að draga pólitískar eða samfélagslegar ályktanir af tölum. Það er hlutverk frjálsra og óháðra fjölmiðla að lesa úr mynstrum og afleiðingum gagnanna fyrir samfélagið. Til þess fá þeir sérfræðinga sem geta dýpkað gögnin og veitt þeim mikilvægt samhengi út frá sinni sérþekkingu.

Það eykur trúverðugleika frásagna þegar óháður miðill, en ekki stofnunin sem býr til gögnin, setur fram greiningar á því hvað tölurnar þýða fyrir fólk, atvinnulíf og stefnumótun. Þetta óháða samhengi er ekki galli á vinnubrögðum stofnana heldur eðlislæg krafa um að gögn fái trausta, gagnrýna og lýðræðislega meðhöndlun utan þeirra kerfa sem framleiða þau.

Undanfarið hafa margar stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki tekið að birta fréttir, viðtöl og greinar byggðar á eigin gögnum. Þar verða skil óljós milli upplýsingagjafar og ímyndarstjórnunar, sem getur grafið undan sameiginlegum staðreyndum, ýtt undir hagsmunadriðnað frá-sagnir og skapað skekkju í umræðu áður en blaðamenn ná að tengja punktana.

Það eykur trúverðugleika frásagna þegar óháður miðill, en ekki stofnunin sem býr til gögnin, setur fram greiningar á því hvað tölurnar þýða fyrir fólk, atvinnulíf og stefnumótun. Þetta óháða samhengi er ekki galli á vinnubrögðum stofnana heldur eðlislæg krafa um að gögn fái trausta, gagnrýna og lýðræðislega meðhöndlun utan þeirra kerfa sem framleiða þau.

Mótvægi upplýsingaóreiðu

Í heimi hraða samfélagsmiðla, þar sem sá sem hefur hæst getur haft meiri áhrif en sá sem hefur rétt fyrir sér, eru tveir þættir afgerandi vörn: Að gögn séu áreiðanleg og opinber og að túlkun þeirra og framsetning sé óháð og skýr. Ef annar liðurinn glatast, veikist hinn. Gögn sem eru ekki sett í samhengi verða ekki að sameiginlegum staðreyndum, eða því sem kallað er á ensku: shared facts. Og greining sem

er ekki byggð á óumdeildum gögnum verður ekki fagleg. Þegar þessir þættir mætast, verða gögnin að sameiginlegum grundvelli, óháð tilfinningum og sérhagsmunum.

Til að efla varnir gegn misskilningi og rangfærslum þurfa blaðamenn stöðugan og hraðan aðgang að opnum og uppfærðum gagnasöfnum, og skýrar og samræmdar gagnalýsingar og upplýsingar um hvað gögnin mæla og hvað ekki. Verkfæri til úrvinnslu og tæknilega greiður aðgangur að gögnum styðja svo ritstjórnir við að greina gögn hratt og draga úr villum.

Þetta eru ekki sérkröfur stéttar, heldur samfélagsleg fjárfesting. Því þegar blaðamenn fá tæki til að vinna hratt og af nákvæmni, verður almenningur fyrr raunverulegur stórnotandi opinberra gagna án þess að þurfa að rýna í frumgögn sjálfur.

Blaðamenn eru þannig í sinni vinnu vörn gegn frekari upplýsingaóreiðu. Það er mikilvægt fyrir bæði opinbera umræðu og traust til annarra stofnana samfélagsins. Þeir sem safna gögnum og fjölmiðlar eiga ekki að vera í samkeppni um framsetningu heldur virka saman sem stöðir heilbrigðrar og mikilvægrar umræðu. Þegar samstarf þeirra er virkt og aðgengisstig hátt, verður niðurstaðan sterkari en summa liðanna.

Greinin byggir á erindi sem flutt var á ráðstefnu Hagstofunnar, Gagnvist, í nóvember 2025.

► af síðu 54

mennta- og barnamálaráðherra umfjöllun sem birtist á vef RÚV undir fyrirsögninni „Barnamálaráðherra átti barn með unglingspilti sem hún leiðbeindi“.

Vegna yfirvofandi umfjöllunar hafði ráðherrann ákveðið að segja af sér og tilkynnti það í viðtali við RÚV skömmu síðar. Í kærinni var blaðamaður sem enga aðkomu hafði að málinu kærður og vísað var til siðareglna lögmanna en ekki blaðamanna en málið engu að síður tekið til efnislegrar umfjöllunar.

Í öllum aðalatriðum taldi Siðanefnd að RÚV hefði ekki gerst brotlegt gegn siðareglum BÍ. Hins vegar hafi RÚV brotið gegn 2. grein siðareglna með fyrirvaralausum tilvísunum til núgildandi ákvæða almennra hegningarlaga en ekki þeirra laga sem þá giltu. Brotið taldist ámælisvert.

HÆFI LÖGREGLUSTJÓRANS Í VESTMANNAEYJUM

Í máli nr. 6/2025-2026 kærði faðir lögreglustjórans í Vestmannaeyjum þrjár umfjallanir á DV.is um hæfi lögreglustjórans í Vestmannaeyjum til að rannsaka kærumál sem beinist að starfsmönnum bæjarins og þar með talið föður lögreglustjórans.

Faðirinn taldi að miðillinn hefði átt að leita viðbragða hjá honum og var ósáttur með að vera nefndur í umfjölluninni þótt hann hafi ekki verið nafngreindur. Niðurstaða nefndarinnar var að meginviðfangsefni fréttanna hafi verið hæfi lögreglustjórans og ekki hafi verið ástæða til að leita viðbragða kæranda. Ekki var bent á neinar rangfærslur í greinunum og niðurstaðan því að ekki hafi verið brotið gegn siðareglum BÍ.



Syrgjendur bera lík Al Jazeera blaðamannsins Anas al-Sharif í útför hans þann 11. ágúst 2025 en hann og fleiri blaðamenn voru drepnir í árás Ísraelsmanna á tjald þeirra á Gaza. Ljósmynd/Omar Al-Qattaa / AFP

NJF skorar á utanríkisráðherra að beita sér fyrir fjölmiðlafrelsi á Gaza

Sigríður Dögg Auðunsdóttir skrifar

Norræna blaðamannasambandið (NJF), samstarfsvettvangur samtaka blaðamanna á Norðurlöndunum sem nú er undir forystu Íslands, sendi í desember bréf á alla utanríkisráðherra Norðurlandanna og skoraði á þá að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Ísraelsmenn aflétti takmörkunum á fjölmiðlafrelsi á Gaza og heimili blaðamönnum aðgang að svæðinu.

Í meira en tvö ár, allt frá upphafi átaka, hafa ísraelsk yfirvöld alfarið meinað blaðamönnum frá öðrum ríkjum sjálf-

stæðan aðgang að Gaza. Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir frá samtökum sem berjast fyrir fjölmiðlafrelsi og alþjóðlegum fjölmiðlum, heldur Ísrael áfram að synja fjölmiðlum um frjálsan og fylgdarlausan aðgang að svæðinu. Eini aðgangurinn sem aðrir blaðamenn en heimamenn hafa fengið hefur verið í fylgd með og undir eftirliti ísraelska hersins, sem takmarkar verulega getu blaðamanna til þess að afla sér sjálfstæðra, óháðra upplýsinga. Skortur á óháðri umfjöllun frá Gaza auðveldar útbreiðslu rangfærslna og sviptir

alþjóðasamfélagið sannreyndum, áreiðanlegum upplýsingum um mannúðaraðstæður og aðgerðir allra aðila.

Í bréfi Norræna blaðamannasambandsins er kallað eftir því að utanríkisráðherrar Norðurlandanna taki skýra afstöðu og beiti sér fyrir því að ísraelsk stjórnvöld aflétti takmörkunum og heimili aðgengi blaðamanna að Gaza-ströndinni. Norðurlöndin séu ríki sem hafi lengi verið leiðandi í baráttu fyrir fjölmiðlafrelsi, mannréttindum og opnu lýðræði og hafi

► sjá næstu síðu



Blaðamenn skjalfesta eyðilegginguna í Jabalia flóttamannabúðunum í norðurhluta Gaza þann 9. október 2024. Ljósmynd/Omar Al-Quatta/AFP

sem slík nægt siðferðislegt og diplómatískt vægi til að hafa áhrif.

Þá segir einnig í ákallinu að frá upphafi stríðsins hafi meira en 200 blaðamenn verið drepnir, samkvæmt upplýsingum frá Samtökum um vernd blaðamanna (Committee to Protect Journalists, CPJ). Margir þeirra voru beinlínis skotmörk árása Ísraelshers. Að auki hafi margir slasast eða verið fangelsaðir. Palestínkir blaðamenn, líkt og allir blaðamenn, verða að geta unnið störf sín án ótta við árásir eða dauða og er vernd þeirra nauðsynleg til að tryggja aðgengi almennings að sannreynðum upplýsingum. Félögin krefjast óháðra rannsókna á öllum dauðsföllum og árásum gegn fjölmiðlafólki og að þeir sem bera ábyrgð verði dregnir til ábyrgðar.

Fjölmiðlafrelsi og rétturinn til að miðla upplýsingum eru grundvallarstoðir lýðræðis. Þegar þaggað er niður í blaðamönnum eða þeim meinaður aðgangur að átakasvæðum verður sannleikurinn sjálfur fórnarlamb. Skortur á sjálfstæðri umfjöllun frá Gaza gerir rangfærslum kleift að breiðast út og sviptir alþjóðasamfélagið sannreynðum og áreiðanlegum upplýsingum um mannúðarástandið og aðgerðir allra aðila sem að átökunum koma.

Í bréfinu var kallað eftir því að utanríkisráðherrar Norðurlandanna beiti sér fyrir því á alþjóðavettvangi að:

- ❖ **Styðja og vernda alþjóðlega og palestínska blaðamenn og aðra starfsmenn fjölmiðla á Gaza-svæðinu og viðurkenna mikilvægt hlutverk þeirra við að skrásetja og bera vitni um atburði á vettvangi.**
- ❖ **Beita Ísrael opinberum þrýstingi um að veita alþjóðlegum blaðamönnum öruggan, óháðan og óhindraðan aðgang að Gaza-svæðinu í samræmi við alþjóðleg mannúðar- og mannréttindalög.**
- ❖ **Starfa af festu innan Evrópusambandsins, Sameinuðu þjóðanna og annarra viðeigandi alþjóðastofnana til að efla alþjóðlega vernd fjölmiðlafrelsis og réttarins til upplýsinga á og af átakasvæðum.**
- ❖ **Krefjast óháðrar rannsóknar á öllum morðum á blaðamönnum á Gaza og að þeir sem bera ábyrgð verði leiddir fyrir dóm.**

Undir bréfið skrifuðu:

Blaðamannafélag Íslands

Danska blaðamannasambandið (Dansk Journalistforbund)

Norska blaðamannasambandið (Norsk Journalistlag)

Sænska blaðamannasambandið (Svenska Journalistförbundet)

Finnska blaðamannasambandið (Suomen Journalistiliitto)

Aukum traustið saman – öllum til hagsbóta

Aðalbjörn Sigurðsson, formaður Tengslanetsins, skrifar

Þrátt fyrir að almannatenglum hafi fjölgað talsvert síðustu árin hefur fram að þessu ekki verið til faglegur vettvangur fyrir þá sem starfa við fagið. Fjölmargir almannatenglar hafa reyndar verið um árabil félagar innan Bláðamannafélags Íslands (BÍ) og notið góðs af þeirri þjónustu sem félagið veitir. En hún er skiljanlega að mestu miðuð að starfandi blaðamönnum.

Eins og við blasir fara hagsmunir blaðamanna og fjölmiðlafólks og almannatengla ekki alltaf saman. Sú hugmynd hefur því lengi flögrað um innan félagsins að búa til sérstaka deild, sem heldur betur utan um hagsmuni almannatengla innan BÍ. Þar væri hægt að vinna sérstaklega að hagsmunum almannatengla. Með því að búa til umgjörð utan um þá vinnu innan ákveðinnar deildar væri byggður eldveggur milli hagsmunagæslu almannatengla og hagsmunagæslu fyrir blaðamenn.

Á aðalfundi BÍ fyrir þremur árum var samþykkt að stofna slíka deild. Það varð að veruleika þann 14. maí 2025 þegar haldinn var formlegur stofnfundur deildar almannatengla sem hlotið hefur nafnið Tengslanetið.

Faglegur vettvangur

Áður en lengra er haldið vil ég taka fram að þó að ég noti hugtakið „almannatenglar“ hér þá geri ég mér grein fyrir að starfsheiti þeirra sem falla undir Tengslanetið eru fjölmörg. Deildin á samkvæmt samþykktum að vera faglegur vettvangur allra þeirra sem starfa við hvers kyns miðlun, upplýsingagjöf og samskipti. Það að nota orðið „almannatengill“ er aðeins til einföldunar. Ég vona að mér verði það fyrirgefið.

En allavega. Tengslanetið hefur nú verið stofnað og er leitt af sérlega öflugum hópi. Þau sem eiga sæti í stjórn deildarinnar eru auk mín þau Ari Brynjólfsson, Guðrún Óla Jónsdóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Karen Kjartansdóttir og Lára Ómarsdóttir. Það er ekki sjálfgefið að fólk gefi sig í amstri hversdagsins fram í félagsstörf og það er ómetanlegt að fá svo reynslumikinn hóp að starfinu.

Öllum opið

Hlutverk stjórnar er viðamikil en hún mótast meðal annars starf nýrrar deildar frá



Aðalbjörn Sigurðsson, formaður Tengslanetsins, deildar miðlunar og samskipta innan BÍ, segir mikilvægt að stofna faglegan vettvang fyrir almannatengla og að bæta þurfi samstarf almannatengla og blaðamanna.

Ljósmyndir/Marínó Flóvent

grunni. Það er hvorki einfalt né auðvelt því augljóslega er hægt að fara ótal leiðir. Til dæmis þurfti strax í upphafi að ákveða fyrir hverja deildin ætti að starfa og var niðurstaðan sú að allir sem starfa við almannatengsl eru velkomnir. Þannig var fyrsti formlegi viðburður deildarinnar, þar sem fjallað var um siðferði í almannatengslum, öllum opin. Sá fundur var haldinn 29. október á þungskýjuðu fimmtudagseftirmiðdegi, í kjölfarið á einni mestu snjókomu í manna minnum í Reykjavík. Þrátt fyrir að illfært væri um borgina var mæting með ágætum á áhugaverðan fund sem fram fór á skrifstofu BÍ í Síðumúla.

Á fundinum héldu reynsluboltar í almannatengslum og fréttamennsku erindi þar sem umræðuefnið var siðferði og traust. Eðlileg spurning, þar sem margir – fyrir misskilning – velta fyrir sér hvaða siðferðilegu vísa almannatenglar notast við? Treysta fréttamenn almannatenglum sem þurfa að huga að hagsmunum við-

” Siðareglur skipta máli enda er hlutverk almanna- tengla mikilvægt þar sem bein og milliliðalaus upplýsingagjöf verður stöðugt umfangsmeiri. En upplýsingagjöf getur aldrei bara verið á forsendum fyrirtækja og stofnana. Það skiptir því ekki síður máli að blaða- og fréttamenn hafi greiðan aðgang að upplýsingum frá almannatenglum í störfum sínum.

► sjá næstu síðu

skiptavina eða vinnuveitenda sinna? Geta þessar stéttir unnið betur saman með það að markmiði að bæta upplýsingagjöf til almennings? Sem er jú sameiginlegt markmið beggja stétta. Líflegar umræður sköpuðust um þessi mál á fundinum og sýndist skiljanlega sitt hverjum. Fundurinn sýndi glögglega fram á mikilvægi þessa samtals sem ég geri ráð fyrir að haldið verði áfram á vettvangi deildarinnar á komandi misserum.

Siðareglur í smíðum

Verkefnin eru miklu fleiri. Þannig var strax á fyrsta fundi stjórnar félagsins samþykkt að hefja vinnu við að setja saman siðareglur fyrir almannatengla. Slíkar reglur eru víða til erlendis en þó að vitað sé að margir í stéttinni hafi sjálfir sett sér siðareglur, og að einstök fyrirtæki sem sérhæfa sig í almannatengslum hér á landi starfi eftir eigin reglum, eru engar almennar reglur til. Stjórn er enn að vinna að fyrstu drögum að nýjum siðareglum



Á fyrsta fundi stjórnar deildarinnar var ákveðið að hefja vinnu við gerð siðareglna fyrir almannatengla.

fyrir deildina. Vonir standa til að niðurstaðan úr þessari vinnu verði kynnt á næstu vikum eða mánuðum.

Siðareglur skipta máli enda er hlutverk almannatengla mikilvægt þar sem bein og milliliðalaus upplýsingagjöf verður stöðugt umfangsmeiri. En upplýsingagjöf getur aldrei bara verið á forsendum fyrirtækja og stofnana. Það skiptir því ekki síður máli að blaða- og fréttamenn hafi greiðan aðgang að upplýsingum frá almannatenglum í störfum sínum. Í því samhengi hef ég bent á að það er ekki sjálfsagt að fyrirtæki og stofnanir ráði til starfa sérfræðinga í upplýsingagjöf sem í raun tryggir almenningi ekki síður en blaðamönnum og fjölmiðlum aðgang að upplýsingum. Eða allavega að starfsmanni sem hefur það skilgreinda hlutverk að veita upplýsingar. Samstarf stéttanna þarf að vera gott og skilningur á milli þeirra á ólíkum hlutverkum. Þar ætlar Tengslanetið meðal annars að beita sér á komandi misserum, öllum til hagsbóta.

Ný launatafla eftir hækkun 1. janúar

Samkvæmt kjarasamningi tók launahækkun gildi þann 1. janúar 2026 sem nemur 3,5% launa eða að lágmarki kr. 23.750. Ný launatafla er því eftirfarandi:

Launatafla sem tók gildi 1. janúar 2026 þegar laun hækkuðu um 3,5% en þó að lágmarki kr. 23.750:									
Grunnlaun 1. janúar 2026									
	Byrjunarl.	E.4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	532.500	557.685	572.796	588.813	606.056	618.808	631.943	637.426	651.165
2. flokkur	611.397		623.074	635.188	647.756	650.705	659.870	673.569	687.781
3. flokkur	623.074		635.188	647.756	650.705	659.870	673.569	687.781	
Með 15% vaktaálagi									
	Byrjunarl.	E.4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	612.375	641.338	658.716	677.135	696.964	711.630	726.735	733.040	748.840
2. flokkur	703.106		716.535	730.466	744.920	748.311	758.851	774.605	790.948
3. flokkur	716.535		730.466	744.920	748.311	758.851	774.605	790.948	
Með 21% vaktaálagi									
	Byrjunarl.	E.4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	644.325	674.799	693.083	712.464	733.328	748.758	764.651	771.285	787.910
1. flokkur	739.790		753.920	768.577	783.785	787.354	798.443	815.019	832.215
1. flokkur	753.920		768.577	783.785	787.354	798.443	815.019	832.215	

Fólkið sem vinnur fyrir þig

Á aðalfundi BÍ, sem haldinn er hvert vor, er kosin stjórn og starfsnefndir félagsins. Eftirfarandi sitja í stjórnnum og nefndum fyrir starfsárið 2025-2026.

AÐALSTJÓRN BÍ:

Sigríður Dögg Auðunsdóttir formaður
Bára Huld Beck (*sjálfstætt starfandi*), ritari
Lovísa Arnardóttir (*Sýn*), varaformaður
Ragna Gestsdóttir (*DV*)
Skúli Halldórsson (*MBL*)
Sólrún Lilja Ragnarsdóttir (*MBL*)
Stígur Helgason (*RÚV*), gjaldkeri
Aðalsteinn Kjartansson (*Heimildin* – varaformaður)
Bjarki Sigurðsson (*Sýn* – varaformaður)
Magnús H. Jónasson (*Viðskiptablaðið* – varaformaður)
Ásrún Brynja Ingvarsdóttir (*Félag fréttamanna - dæymarfulltrúi*)
Kjartan Þorbjörnsson (Golli) (*Blaðaljósmýndarafélag Íslands - dæymarfulltrúi*)

STJÓRN MENNINGARSJÓDS BÍ, ORLOFSHEIMILA-SJÓDS OG ENDURMENNTUNARSJÓDS:

Lillý Valgerður Pétursdóttir, formaður
Aðalbjörn Sigurðsson
Guðmundur Bergkvist
Auðunn Arnórsson, varaformaður
Elín Albertsdóttir, varaformaður
Sílja Björk Huldudóttir, varaformaður

STJÓRN STYRKARTARSJÓDS BÍ:

Eyrún Magnúsdóttir, formaður
Andri Yrkill Valsson
Sunna Kristín Hilmarsdóttir
Erla Dóra Magnúsdóttir, varaformaður
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, varaformaður
Viðar Guðjónsson, varaformaður

SIÐANEFND BÍ:

Pálmi Jónasson, formaður
Jóhann Óli Eiðsson, varaformaður
Valgerður Jóhannsdóttir, meðstjórnandi
Fulltrúi útgefenda: Ásgeir Þór Árnason
Fulltrúi Siðfræðistofnunar: Emma Björg Eyjólfssdóttir
Auðunn Arnórsson, varaformaður
Brynhildur Ólafsdóttir, varaformaður
Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, varaformaður

DÓMNEFND BLAÐAMANNAVERÐLAUNANNA:

Brynhildur Ólafsdóttir
Helga Arnardóttir
Jóhann Óli Eiðsson
Pálmi Jónasson
Sunna Kristín Hilmarsdóttir

KJÖRNEFND:

Eyrún Magnúsdóttir
Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
Sunna Valgerðardóttir



Frá aðalfundi BÍ 2025. F.v. Oddur Ástráðsson lögmaður, sem var fundarstjóri, Bára Huld Beck, ritari stjórnar, Freyja Steingrimsdóttir framkvæmdastjóri, Sigríður Dögg Auðunsdóttir formaður, Lovísa Arnardóttir varaformaður og Stígur Helgason gjaldkeri. Standandi er Þórður Höskuldsson frá Outcome sem hafði umsjón með rafrænni atkvæðagreiðslu, sem var viðhöfð á aðalfundi félagsins í fyrsta sinn.

SAMNINGARÁÐ:

Anna Lilja Þórisdóttir, *RÚV*
Einar Þór Sigurðsson, *DV*
Erla Hlynisdóttir, *Heimildin*
Hallgerður Kolbrún E. Jónsdóttir, *Sýn*
Hallgrímur Indriðason, *RÚV*
Ragna Gestsdóttir, *DV*
Sólrún Lilja Ragnarsdóttir, *MBL*
Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson, *RÚV*

TRÚNAÐARMENN Á VINNUSTÖÐUM:

Morgunblaðið: Sólrún Lilja Ragnarsdóttir og Sílja Björk Huldudóttir
DV: Erla Dóra Magnúsdóttir
Sýn: Hallgerður Kolbrún E. Jónsdóttir
Birtingur: Nanna Ósk Jónsdóttir
Viðskiptablaðið: Guðjón Guðmundsson
RÚV: Anna Lilja Þórisdóttir og Ragnar Santos
Félag fréttamanna á RÚV: Hallgrímur Indriðason
Bændablaðið: Sigurður Már Harðarson

DEILD MIÐLUNAR OG SAMSKIPTA (TENGLANETIÐ)

Aðalbjörn Sigurðsson, formaður
Lára Ómarsdóttir
Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
Ari Brynjólfsson, varaformaður
Guðrún Óla Jónsdóttir, varaformaður
Karen Kjartansdóttir, varaformaður

STARFSFÓLK:

Freyja Steingrimsdóttir, framkvæmdastjóri
Jóna Th. Viðarsdóttir, skrifstofustjóri



Frá námskeiði um ábyrgð og skyldur stjórnarmanna sem haldið var fyrir fulltrúa í stjórn BÍ og sjóða. Í forgrunni eru Stígur Helgason (t.v.), gjaldkeri stjórnar, og Andri Yrkill Valsson, aðalmaður í stjórn Styrktarsjóds.

ÚTGEFANDI: Blaðamannafélag Íslands. RITSTJÓRI: Sigríður Dögg Auðunsdóttir. PRÓFARKALESTUR: Ragna Gestsdóttir.
HÖNNUN OG UMBROT: Helgi Hilmarrson. PRENTUN: Litlaprent. FORSÍÐUMYND: Halldór Baldursson.



Ljósmynd: Anton Brink

Hlutverk trúnaðarmanna Blaðamannafélags Íslands

Hlutverk trúnaðarmanna er að vera tengiliður milli starfsfólks og atvinnurekenda annars vegar og milli atvinnurekenda og stéttarfélags (BÍ) hins vegar. Trúnaðarmaður er því fulltrúi BÍ á hverjum vinnustað. Í kjarasamningi BÍ er mælt fyrir um rétt starfsmanna til að kjósa trúnaðarmann en þar sem starfa fimm til fimmtíu manns er hægt að kjósa einn trúnaðarmann og tvo ef starfsmenn eru fleiri en fimmtíu. Í dag starfa trúnaðarmenn á öllum helstu vinnustöðum blaðamanna.

MEÐAL VERKEFNA TRÚNAÐARMANNA ER AÐ:

- ❖ Fylgjast með því að atvinnurekandi fari að kjarasamningum, lögum og reglum sem varða starfskjör og réttindi starfsmanna.
- ❖ Greina hvaða ákvæði kjarasamninga og reglna mætti breyta til að bæta starfskjör eða einfalda framkvæmd þeirra og koma tillögum þess efnis á framfæri við BÍ, m.a. í tengslum við undirbúning

kröfugerða fyrir kjarasamninga.

- ❖ Taka við kvörtunum starfsmanna og vera málsvari þeirra gagnvart atvinnurekanda.
- ❖ Starfa sem tengiliður stéttarfélagsins á vinnustað, miðla upplýsingum milli félagsins og starfsmanna, kynna stefnu BÍ og verkefni þess.
- ❖ Veita nýjum starfsmönnum upplýsingar um starfskjör, réttindi og starfsemi stéttarfélagsins og aðstoða þá við að átta sig á aðstæðum.

STUÐNINGUR OG RÁÐGJÖF

BÍ styður trúnaðarmenn sína með ráðgjöf og fræðslu til að þeir geti sinnt störfum sínum af fagmennsku. Trúnaðarmenn BÍ eru ómissandi fyrir starfsemi félagsins og öryggi félagsmanna. Þeir stuðla að faglegum og sanngjörnum samskiptum á vinnustað og tryggja að hagsmunir blaðamanna séu virtir í samstarfi við skrifstofu félagsins.

Kjarasamningsbundin réttindi

Kjarasamningar BÍ tryggja ríkari réttindi en flestir samningar á almenna markaðnum.

MIKILVÆG ATRIÐI:

VEIKINDARÉTTUR

Fastráðnir blaðamenn eiga rétt á fullum launum í veikindum í tiltekinn tíma en veikindaréttur eykst með auknum starfstíma sem hér segir:

- 0-4 mánaða starfsreynsla:
1 vika fyrir hvern unninn mánuð
- 4 mánaða-5 ára starfsreynsla:
3 mánuðir á 100% launum + 3 mánuðir á 50% launum
- 5-10 ára starfsreynsla:
4 mánuðir á 100% launum + 4 mánuðir á 50% launum
- +10 ára starfsreynsla:
6 mánuðir á 100% launum + 6 mánuðir á 50% launum

ÞRIGGJA MÁNAÐA LEYFI

Blaðamenn, sem unnið hafa óslitið 5 ár eða lengur hjá sama fjölmiðli skulu að loknu 5 ára starfi fá þriggja mánaða leyfi á fullum launum, og skal þá innifalið sumar- og vetrarleyfi ársins. Blaðamenn fá þetta frí aftur eftir 10 ára starf, síðan hverju sinni eftir 4 ár.

Ráði útgefandi til starfa blaðamann frá öðru blaði, sem þar hefur starfað í samfelld a.m.k. fimm ár, skal hann þó halda áunnum rétti sínum til þriggja mánaða leyfis og hljóta það hjá hinum nýja útgefanda, eins og hann hefði starfað samfelld hjá honum.

ENDURGREIDDUR ÚTLAGÐUR KOSTNAÐUR VEGNA ÁSKRIFTA, NETS OG SÍMA:

Atvinnurekandi greiðir skv. kjarasamningi kr. 29.000 mánaðarlega:

- Net kr. 4.000
- Símareikningur kr. 8.500
- Áskriftir vegna fjölmiðla kr. 16.500

AFSLÁTTUR AF HEILDARVINNU- STUNDUM VAKTAVINNUFÓLKS:

Dagvinnutími er kl. 7-19. Vinnu-

tími blaðamanna skal vera 40 klst. á viku (effektívar vinnustundir 37 klst. og 5 mín., en það eru 2 klst. og 55 mín. á viku í kaffitíma og skal tilhögun þess vinnutíma vera samkomulagsatriði á hverjum vinnustað). Deilitala tímakaups í mánaðarlaun er 160.

Vinni starfsmaður kvöld- og/eða næturvaktir skal hann fá afslátt af heildarvinnustundum sem hér segir:

- Kvöldvaktir 7 klst (teljast sem 8 klst)
- Næturvaktir 6 klst (teljast sem 8 klst)

Heildarvinnustundir blaðamanns sem vinnur vaktavinnu eru því færri en hjá þeim sem vinna dagvinnu.

Dæmi: Blaðamaður sem vinnur 8 kvöldvaktir í mánuði á ekki að vinna fleiri en 152 vinnustundir í mánuði án þess að fá sérstaklega greitt fyrir.

ORLOFSRÉTTUR (OG SÉRSTAKUR RÉTTUR TIL VETRARFRÍS)

Samkvæmt kjarasamningi BÍ hefur blaðamaður, sem starfað hefur í fjögur ár, rétt á að nýta allt að fimm daga af sumarleyfi að vetri til og telst hver sumarleyfisdagur til tveggja vetrarleyfisdagar (5 sumarleyfisdagar verða 10 vetrarleyfisdagar). Atvinnurekandi hefur ekki rétt á að neita starfsmanni um þennan rétt.

Fjöldi orlofsdaga fer eftir starfsreynslu (ekki eftir því hve starfsmaður hefur unnið lengi á viðkomandi vinnustað) og er sem hér segir:

0-4 ár: 24 dagar Eftir 4 ára starf má nýta allt að 5 sumarleyfis daga í vetrarleyfi og skal þá hver sumarleyfisdagur nýfast sem tveir vetrarleyfis dagar

4-10 ár: 27/32 - 27 í sumarleyfi EDA 22 í sumarleyfi og 10 í vetrarleyfi

10-18 ár: 29/34 - 29 í sumarleyfi EDA 24 í sumarleyfi og 10 í vetrarleyfi

18+ ár: 30/35 - 30 í sumarleyfi EDA 25 í sumarleyfi og 10 í vetrarleyfi

Styrkir og sjóðir

Samkvæmt kjarasamningi BÍ greiða atvinnurekendur í fjóra sjóði í eigu félagsins, sem sjóðfélagar geta sótt um styrki í skv. sérstökum úthlutunarreglum. Atvinnurekendur greiða samningsbundið hlutfall af launum í menningarsjóð (1,2%) í styrktarsjóð (1%) í endurmenntunar- og háskólasjóð (0,7%) og í orlofssjóð (0,25%). Félagsmenn greiða sjálfir iðgjöld í félagssjóð (1%) og orlofssjóð (0,25%). Þeir einir eiga rétt á styrkjum úr sjóðum félagsins sem greitt hafa iðgjöld í sjóðinn sl. sex mánuði samfleytt.

EFTIRFARANDI STYRKIR STANDA SJÓÐFÉLÖGUM TIL BOÐA.

Menningarsjóður:

MENNINGARSTYRKUR VEGNA ÞRIGGJA MÁNAÐA LEYFIS

Styrkur árið 2026 er kr. 425.000 fyrir félagsmenn sem hafa styttri en 18 ára starfsaldur og kr. 560.000 fyrir félaga með lengri starfsaldur en 18 ár.

VERKEFNASTYRKUR

Félagsmenn geta sótt um styrki vegna sérstakra verkefna tengdum blaðamennsku. Verkefnastyrkir Menningarsjóðs BÍ eru veittir tvisvar á ári, í apríl og október og auglýsir skrifstofa BÍ eftir umsóknum. Hámarksupphæð styrks á fjögurra ára tímabili er kr. 500.000.

Endurmenntunarsjóður:

STYRKIR VEGNA NÁMSKEIÐS-GJALDA

75% námskeiðsgjalds, hámark kr. 200.000.

STYRKIR VEGNA RÁÐSTEFNA

75% þátttökugjalds, hámark kr. 200.000.

FERÐASTYRKUR

75% af fargjaldi og gistikostnaði í tengslum við þátttöku í námskeiði, ráðstefnu eða málþingi að hámarki kr. 100.000 á 24 mánaða tímabili.

STYRKUR VEGNA HÁSKÓLANÁMS

75% af kostnaði náms, að hámarki kr. 300.000.

Styrktarsjóður:

SJÚKRADAGPENINGAR

Styrktarsjóður tryggir laun í þrjá mánuði, til viðbótar kjarasamningsbundnum réttindum, sem nema 80% af launum, þó að hámarki skal miðað við 80% hámarkslauna skv. kjarasamningi (kr. 665.000 á mánuði).

HEILSUEFLING

Kr. 20.000.

FÆÐINGAR- OG ÆTTLEIÐINGAR-STYRKIR

Kr. 150.000.

TÆKNIFRJÓVGANIR

50% af kostnaði skv. gjaldskrá Sjúkratrygginga, að hámarki kr. 160.000.

HJARTASKOÐUN

50% af kostnaði vegna eftirlits vegna hjartasjúkdóma.

SJÚKRAPJÁLFUN OG NUDD

50% af kostnaði vegna sjúkrapjálfunar og sjúkranuudds að hámarki kr. 30.000 á ári.

ENDURHÆFING

50% af kostnaði vegna endurhæfingar hjá H-L stöðinni.

KRABBAMEINSSKOÐUN

50% af kostnaði vegna krabbameinsskoðunar.

TANNLÆKNAKOSTNAÐUR

Eingreiðslustyrkur sem nemur 50% kostnaðar umfram kr. 200.000 vegna tannlæknakostnaðar af heilsufarsástæðum.

SÁLFRÆÐIKOSTNAÐUR

Kr. 7.500 fyrir hvert skipti. Greitt er fyrir 15 skipti á hverjum tólf mánuðum, allt að kr. 112.500 á ári.

GLERAUGNASTYRKUR

50% kostnaðar, allt að kr. 40.000 á 36 mánaða fresti.

HEYRNATÆKJASTYRKUR

50% kostnaðar, allt að kr. 200.000 á 48 mánaða fresti.

LASERMEÐFERÐ Á AUGUM OG AUGNSTEINASKIPTI

Kr. 75.000 á hvoru auga.

HEILSUSTOFNUN

50% kostnaðar vegna dvalar á viðurkenndum heilsustofnunum innanlands að læknisráði, þó ekki meira en kr. 150.000 á hverjum 48 mánuðum.

GÖNGUMÆLING OG INNLEGG

75% kostnaðar, þó að hámarki kr. 20.000. Sambærileg endurgreiðsla vegna annarra minniháttar hjálpartækja.


DÁNARBÆTUR

Sjóðurinn greiðir dánarbætur vegna andláts sjóðfélaga og barna þeirra. Styrkfjárhæð nemur kr. 400.000.

MIKIL ÚTGJÖLD VEGNA HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

Ef um mikil útgjöld er að ræða vegna heilbrigðisþjónustu, sem ekki fellur undir neinn lið hér að ofan er hægt að sækja sérstaklega um styrk vegna hluta kostnaðar til stjórnar sjóðsins. Umsókn skal studd gögnum, til dæmis tilvísun, vottorð og/eða greinargerð frá lækni, sem og reikningum vegna útlagðs kostnaðar.

Nánari upplýsingar um
kjör og réttindi eru á
press.is/thecktu-rett-thinn



* Lausamannaáðild veitir ekki rétt á að sækja um í sjóði félagsins nema í Menningarsjóð þar sem áðildin veitir rétt á styrk til helmings námskostnaðar, að hámarki kr. 25.000 á ári.

Siðareglur Blaðamannafélags Íslands

INNGANGUR

Öflug og vönduð blaðamennska, þar sem tjáningarfrelsið er í fyrirrúmi, er forsenda lýðræðis. Hún byggist á faglegum vinnubrögðum sem siðareglum þessum er ætlað að ramma inn. Í þeim er lögð áhersla á að frumskylda blaðamanns er gagnvart almenningi sem á rétt á að fá sannar upplýsingar settar fram á sanngjarnan og heiðarlegan hátt. Blaðamönnum ber að þekkja og fara eftir þessum siðareglum í störfum sínum.

1. GREIN

Blaðamaður hefur sannleikann að leiðarljósi, stendur vörð um tjáningarfrelsið og frjálsa fjölmiðlun og rétt almennings til upplýsinga, svo veita megí nauðsynlegt aðhald í lýðræðisþjóðfélagi.

2. GREIN

Blaðamaður setur fram upplýsingar á heiðarlegan og sanngjarnan hátt samkvæmt bestu vitund hverju sinni, meðal annars með því að leita andstæðra sjónarmiða þegar við á. Blaðamaður hagræðir ekki staðreyndum og setur ekki fram órökstuddar ásakanir.

3. GREIN

Blaðamaður leiðréttir rangfærslur sé þess þörf.

4. GREIN

Blaðamaður lítur svo á að allar upplýsingar sem varða almannahagsmunum eigi að vera aðgengilegar og að hann eigi að hafa fullan rétt til að afla þeirra.

5. GREIN

Blaðamaður beitir hvorki hótunum né þvingunum til þess að afla upplýsinga.

6. GREIN

Blaðamaður gerir greinarmun á staðreyndum og skoðunum, gengur úr skugga um áreiðanleika upplýsinga og gætir þess að umfjöllunin sé hlutlæg.

7. GREIN

Blaðamaður gætir þess að þegar hann vitnar til ummæla eða upplýsinga sem birst hafa opinberlega, þar á meðal á samfélagsmiðlum, sé þess getið hvaðan ummælin voru fengin.

8. GREIN

Blaðamaður virðir trúnað við heimildarmenn sína.

9. GREIN

Blaðamaður þiggur ekki mútur, gjafir eða fyrirgreiðslu af neinu tagi sem ætlað er að hafa áhrif á umfjöllun hans. Blaðamaður forðast hagsmunaárekstra og gerir grein fyrir tengslum við umfjöllunarefnið ef við á. Blaðamaður tekur ekki þátt í verkefnum sem kynnu að stofna sjálfstæði hans og trúverðugleika í hættu og nýtir ekki upplýsingar í eigin þágu.

10. GREIN

Blaðamaður gerist ekki sekur um ritstuld.

11. GREIN

Blaðamaður blandar ekki saman ritstjórnarlegu efni og auglýsingum í myndum og/eða máli.

12. GREIN

Siðareglur þessar setja ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna. Blaðamaður gætir þess að persónulegar skoðanir hans hafi ekki áhrif á hlutlægni fréttatflutnings.

13. GREIN

Hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið framan- greindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til Siðanefndar BÍ samkvæmt sérstökum máls- meðferðarreglum þar um.

Samþykktar á aðalfundi BÍ 23. mars 2023.

Nánari upplýsingar á
press.is/siðavefur

